



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. febrúar 2005 – 46. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 VISIR

FIMMTUDAGUR



TÍU HÚS EKKI RIFIN Að minnsta kosti tíu af þeim 25 húsum við Laugaveg sem borgin heimilar að verði rifin verða ekki rifin á næstunni. Þetta eru bæði íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði sem sum hafa verið endurbætt nýlega. Sjá síðu 2


MYNDUN VARNARBANDALAGS

Tvö þeirra ríkja sem bandarísk stjórnvöld hafa gagnrýnt hvað harðast ákváðu í gær að bregðast sameiginlega við utanaðkomandi ögnum. Íranar eru í vanda vegna kjarnorkuáætlunar sinnar og Sýrlendingar vegna morðsins á Rafik Hariri. Sjá síðu 4

VILJA HALDA KVERKATAKI Á NEYTENDUM

Þingflokksformaður Framsóknarflokksins segir bankana standa á bak við hækkandi fasteignaverð og ýjar að því að þeir séu að „leggja grunn að stærsta „ráni“ sögunnar“. Sjá síðu 6

VEDRIÐ Í DAG



SLYDDUÉL syðra en él norðan til. Þurr að kalla allra austast. Dregur úr ofankomu síðdegis eða í kvöld. Hiti víða rétt yfir frostmarki yfir miðjan daginn. Sjá síðu 4

DAGURINN Í DAG



HEIL UMFERÐ Í KÖRFUNNI Heil umferð fer fram í úrvalsdeild karla í körfuþol og hefjast leikirnir allir klukkan 19.15. Skallagrímur tekur á móti Fjölni, Hamar/Selfoss fær Tindastól í heimsókn, KR-ingar sækja Hauka heim, ÍR-ingar mæta KFÍ, Snæfellingar fara til Njarðvíkur og Keflvíkingar mæta til leiks í Grindavík.

| | | | |
|------------|----|----------|----|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 30 |
| Tónlist | 30 | Íþróttir | 22 |
| Leikhús | 30 | Sjónvarp | 32 |

Meðalrestur dagblaða

Karlar 20-40 ára

61%

33%

Fréttablaðið Morgunblaðið

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup's nóvember 2004

Hjartadeild lokað vegna bakteríu

Sýkingarbaktería sem fannst á hjartadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í síðustu viku olli því að loka varð hluta deildarinnar. Enn er ein stofa lokað. Þessi baktería er landlæg í erlendum sjúkrahúsum.

HEILBRIGÐISMÁL Loka varð hluta hjartadeildarinnar á Landspítala - háskólasjúkrahúsi vegna sýkingarbakteríu sem fannst á deildinni í síðustu viku. Hún barst með sjúklingi sem var að koma af sjúkrahúsi í útlöndum og og var lagður inn á Landspítalann. Enn er ein stofa lokað.

„Þetta er sjúkrahús baktería sem við erum að berjast við með kjafti og klóm,“ sagði Guðmundur Þorgeirsson, sviðstjóri á lyflækningsviði Landspítalans. „Hún er landlæg á sjúkrahúsum erlendis.“

Loka þurfti 3 til 4 stofum að sögn Guðmundar. Þá var dagdeild á þriðju hæð opnuð að hluta sem

sólarhringslegudeild.

„Við höfum úr svo litlu að spila,“ sagði Guðmundur. „Við erum alltaf með yfirfulla deild. Þegar svona uppkomur berja að dyrum lendum við strax í vandræðum. Vandamálið er hins vegar nánast að baki því engin útbreiðsla varð á bakteríunni til sjúklinga eða starfsfólks.“

Sjúkrahús bakterían er svokölluð Mosa-baktería, en það afbrigði er ónæmt fyrir venjulegum sýklalyfjum.

„Hún getur verið þannig að hún valdi engri sýkingu, en hún getur líka valdið slæmri sýkingu við vissar aðstæður,“ sagði Guð-

mundur. „Það þarf að nota margfalt dýrari sýklalyf til að koma henni fyrir kattarnef eða þá að eiga á hættu alvarlegar sýkingar af hennar völdum. Þessi baktería ógnar ekki sjúklingunum, fremur en margar aðrar bakteríur í umhverfinu. En ef sjúklingur kemur af sjúkrahúsi í útlöndum er hann settur beint í einangrun hér þar til menn hafa sannfært sig um að hann sé ekki með bakteríuna. Mörg lönd hafa felld niður sínar varnargirðingar og sætta sig við að hún sé hluti af sjúkrahúsflórinni. Við erum ánægðir með að við höfum haldið þessari víglínu.“

- jss



ARNI MAGNÚSSON Foreldrar langveikra barna fái greiðslur í allt að þrjá mánuði.

Félagsmálaráðherra: Foreldrar fái greitt

FÉLAGSMÁL Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögur Arna Magnússonar félagsmálaráðherra um að ríkið komi í framtíðinni til móts við foreldra langveikra og fatlaðra barna með greiðslum úr ríkissjóði.

Þetta kom fram á Alþingi í gær í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur alþingismanns um rétt foreldra langveikra barna. Arni sagði að samþykkt hefði verið að leggja til við Alþingi að foreldrar langveikra eða fatlaðra barna ættu rétt á greiðslum í allt að þrjá mánuði þegar börnin veiktust alvarlega eða greindust með alvarlega fötlun. Lagt yrði til að greiðslurnar myndu nema um 90.000 kr. á mánuði.

-jss

Nýir forstjórar:

Tvö taka við af Sigurði

VIÐSKIPTI Ragnhildur Geirsdóttir og Jón Karl Ólafsson taka við af Sigurði Helgasyni í Flugleiðum og Icelandair. Ragnhildur verður forstjóri Flugleiða og Jón Karl forstjóri Icelandair. Þau starfa fyrst um sinn við hlið Sigurðar en taka við af honum þegar hann lætur af störfum 1. júní næstkomandi.

Jón Karl og Ragnhildur hafa bæði verið orðuð við frekari frama innan Flugleiða. Ragnhildur hefur undanfarin ár starfað sem forstöðumaður rekstrarstjórnar og Jón Karl hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands frá árinu 1999.

sjá síðu 20

Afsögn ráðherra:

Dyrkeyptur gúmmítékki

DANMÖRK Henriette Kjær, ráðherra fjölskyldu- og neytendamála í dönsku ríkisstjórninni, sagði af sér embætti eftir að upp komst að hún og eiginmaður hennar voru í tvisgang dæmd fyrir að greiða ekki fyrir húsgögn sem þau keyptu.

Kjær sagðist ekki hafa gerst sek um neitt ólöglegt. Mistök hennar hefðu verið þau að hafa ekki nógu gott eftirlit með fjárhag heimilisins. Hún sagði mann sinn hafa átt að greiða reikningana en hann greiddi fyrir húsgögnin með gúmmítékka. ■

- a6e



REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Í GÆRMORGUN Nokkur veðurhamur gekk yfir landið allt í fyrrinótt og fram eftir degi í gær. Margir urðu veðurtepptir enda lá flug niðri mestallan daginn og ferðir Herjólfss til Vestmannaeyja féllu einnig niður. Talsvert var um smávægileg umferðaróhöpp á höfuðborgarsvæðinu vegna hállu og snjófoks en engar fréttir bárust af alvarlegum slysum.

Slæmt veður víða um land:

Margt fólk veðurteppt

VEÐURFAR Innanlandsflug lá að mestu niðri í gær vegna veðurs. Biðu margir á flugvöllum landsins í von um að veðrið myndi lagast. Aðeins tvær vélar fóru til og frá Akureyri í gærkvöldi.

Ferðum Herjólfss til Eyja var einnig aflýst og truflanir urðu á millilandaflugi snemma í gærmorgun enda vindhraði nálægt 65 hnútum

þegar mest gekk á, sem nemur 35 metrum á sekúndu. Urðu farþegar á leið frá Boston að bíða þrjár stundir í vélinni á flugvöllum þar sem ekki var talið óhætt að hreyfa landganga í verstu hviðunum.

Að sögn lögreglu víða um land var þó óvenjulítið um umferðaróhöpp en mikil hálla og snjófok var víða. Lögreglunni í Reykjavík

bárust tilkynningar um átta árekstra en engin alvarleg meiðsl urðu á fólki í þeim.

Veðurstofa Íslands gerir ráð fyrir skánandi veðri næstu daga og að vindhraði verði um fimm til tíu metrar á sekúndu. Búast má við áframhaldandi frosti víðast hvar um landið fram í næstu viku.



SPURNING DAGSINS

Hjálmar, var erfitt að taka Kristni?

„Segja má að Hjálmar hafi tekið stríðshjálmann niður í kristilegum anda með góðri kvöldmáltíð, en ekki þeirri síðustu, þar sem margir lærisveinar nutu félagsskapar hver af öðrum.“

Hjálmar Arnason er formaður þingflokks Framsóknarflokksins, sem samþykkti á sættakvöldverði í fyrirkvöld að setja Kristín H. Gunnarsson aftur í þingnefndir á sínum vegum.

Rafik Hariri borinn til grafar:

Hundruð þúsunda við útförina

LÍBANON. AP Hundruð þúsunda manna fylgdu Rafik Hariri, fyrrum forsætisráðherra Líbanons, til grafar. Alls staðar þar sem farið var með kistu forsætisráðherrans fyrirverandi tók fólk sér stöðu, á gangstéttum, úti á götum og í nærliggjandi byggingum.

Syrgjendur öskruðu skammaryrði um Sýrlandsstjórn og Bashar Assad, forseta Sýrlands. Fór ekki á milli mála að margir syrgjendur kenna Sýrlandingum um morðið á Hariri. „Fjarlægð hundana ykkar frá Beirút,“ heyrðist kallað og var þar átt við sýrlensku leyniþjón-

ustunnar sem er hluti þess 15 þúsund manna herliðs sem Sýrlandingar hafa í Líbanon.

Súnnískir klerkar, leiðtogar Drúsa, sjár og kristnir menn tóku þátt í jarðarför Hariri og þykir það til marks um vinsældir hans og hversu vel honum tókst að fá deilandi fylkingar til að vinna saman í stjórnartíð sinni.

Ættingjar Hariri vörðu lífönsk stjórnvöld, sem eru höll undir Sýrlandinga, við því að láta sjá sig. Kemur það ekki á óvart í ljósi þess hversu mikil andstaða við Sýrlandinga og líbanska fylgismenn þeirra var. ■



FYLGST MEÐ ÚTFÖRINI
Hvarvetna þar sem farið var með kistuna með líki Hariri tók fólk sér stöðu til að fylgjast með göngunni.

LÖGREGLUFRETTIR

NÍU UMFERÐARÓHÖPP Fljúgandi hált var á Akureyri í gær og gerði það öikumönnum erfitt fyrir. Tilkynt var um níu umferðaróhöpp og slys til lögreglu. Einn var fluttur á sjúkrahús en meiðsl hans voru minniháttar.

KEYRDU OF HRATT Lögreglan í Borgarnesi hafði afskipti af þremur öikumönnum í gærkvöldi eftir að þeir voru staðnir að of hröðum akstri. Allir mældust þeir á 110 til 120 kílómetra hraða.

ÞVOTTI STOLIÐ Þjófur brutust inn á þremur stöðum í Reykjavík síðdegis í gær. Þvotti var stolið af snúrum í Vesturbænum. Brotist var inn í bílskúr í Breiðholti og hlutum stolið úr búslóð sem var geymd þar. Þá var tveimur tölvum og sjónvarpi stolið úr einbýlishúsi í Árbænum.



ABBAS OG QUREIA
Forsetinn og forsætisráðherra ræddu uppstokkun í palestínsku heimastjórninni.

Uppstokkun:

Abbas fær bandamenn

PALESTÍNA. AP Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, er talinn styrkja stöðu sína í uppstokkun á stjórninni sem forystumenn Palestínumanna samþykktu í gær en hefur ekki verið lögd fyrir palestínska þingjöð til samþykktar.

Ahmed Qureia forsætisráðherra vildi ekki gefa upp hverjir ættu sæti í nýju stjórninni en tveir þeirra sem koma inn í hana voru þó reiðubúnir að staðfesta sína þátttöku. Báðir eru þeir stuðningsmenn Abbas. Nasser Yousef verður innanríkisráðherra og Mohammed Dahlan, sem hefur mikil völd á Gaza, verður einnig í ríkisstjórninni. ■



HÚS VIÐ LAUGAVEG 11, 20A OG 65

Kaffi List, Veitingahúsið Ítalía og Verslun P. Eyfeld eru meðal fyrirtækja í þeim húsum sem ekki stendur til að rífa þrátt fyrir heimild borgaryfirvalda. Kaffi List hefur nýlega gengist undir rækilegar endurbætur.

Tíu hús ekki rifin

Að minnsta kosti tíu af þeim 25 húsum við Laugaveg sem borgin heimilar að megi rífa verða ekki rifin á næstunni. Þetta eru bæði íbúðarhúsnæði og verslunarhúsnæði sem sum hafa verið endurbætt nýlega.

SKIPULAGSMÁL Að minnsta kosti tíu af þeim 25 húsum við Laugaveg sem borgaryfirvöld hafa heimilað að megi rífa verða ekki rifin á næstu misserum. Fréttablaðið hafði samband við eigendur flestra húsanna og spurði um áform þeirra í kjölfar úrskurðar borgaryfirvalda.

Að Laugavegi 5 er Skartgripaverslun Jóns Sigmundssonar meðal annars til húsa. Eigandi verslunarinnar segir að ekkert hafi verið ákveðið í þessum efnunum. Íbúðareigandi í húsinu segir að málið hafi ekki verið rætt í húsfélaginu og byggingaverktakar hafi ekki sýnt áhuga á lóðinni.

Að Laugavegi 11 er veitingahúsið Ítalía en húsið er í eigu Gerðubergs ehf. Forsvarsmenn þess segja að ekki standi til að

selja húsið. Að Laugavegi 17 eru verslanir og íbúðir. Skipulagssjóður Reykjavíkur á hlut í húsinu. Íbúðareigandi segist ekki vilja selja, en byggingaverktakar hafi sýnt fasteigninni áhuga um skeið. Að Laugavegi 20a er Kaffi List en húseigandi er Serína ehf. Forsvarsmenn þess segja nýbúið að gera húsið upp og ekki sé áhugi fyrir því að selja það eða rífa.

Í húsinu númer 27 við Laugaveg eru verslanir og hárgreiddustofa. Einn eigandinn segir að málið hafi komið til tals innan húsfélagsins en engin samstaða hafi náðst um það og engin tilboð hafi borist frá byggingaverktökum. Járnvörubverslunin Brynja er við Laugaveg 29 og segir eigandinn að ekki verði hróflað við húsinu.

Nokkrar verslanir standa við Laugaveg 55. Kolbrún S. Guðmundsdóttir eigandi segir að nýbúið sé að gera endurbætur á húsinu og til standi að opna kaffihús á næstunni.

Verslun P. Eyfelds er við Laugaveg 65. Pétur Eyfeld eigandi segir að hann hafi ekki hug á að selja húsið. Við Laugaveg 67 eru verslun og íbúð. Húsnæði verslunarinnar er í eigu Skipulagssjóðs Reykjavíkur en eigandi íbúðarinnar segir að sér hafi ekki borist nein tilboð frá byggingaraðilum. Við Laugaveg 69 eru verslanir og íbúðir en eigandi hússins segist ekki ætla að selja húsið né rífa það í bili. Í húsinu við Laugaveg 73 er bar og kaffihús og segist eigandinn ekki ætla að selja húsið né rífa.

bergsteinn@frettabladid.is

35 kíló af hassi:

Í varðhaldi fram í mars

FÍKNIEFNI Íslendingurinn sem tekinn var í Danmörku með 35 kíló af hassi í síðustu viku hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald til 2. mars næstkomandi samkvæmt upplýsingum dönsku lögreglunnar.

Lögreglumaðurinn sem Fréttablaðið ræddi við vildi sem minnst tjá sig um málið og var hinn óhressasti með að upplýsingar um handtökuna hefðu borist til fjölmiðla. Hann sagði þó manninn ekki vera fyrsta Íslendinginn sem hefði verið tekinn fyrir fíkniefna-smýgl á þessum slóðum. Ekki liggur fyrir hvert maðurinn hugðist flytja efnið en hann var að koma frá Hollandi í gegnum Þýskaland og var handtekinn í Padborg í Danmörku. - hrs

ÍRAK



BAÐ UM HJÁLÞ Giuliana Sgrena, ítölsk blaðakona sem rænt var í Írak í síðustu viku, bað stjórnvöld á Vesturlöndum um að draga herlið sitt til baka frá Írak í myndbandi sem gíslatökumenn sendu til fjölmiðla. Hún sagði að öðruvísi slyppi hún ekki lifandi úr haldi ræningja sinna.

ÁTTA LÍK FUNDUST Lögreglumenn fundu lík átta manna í eyðimörkinni norður af Bagdad. Flestir voru óbreyttir íraskir borgarar sem höfðu unnið á bandarískri herstöð. Allir höfðu verið bundnir og skotnir í hnakkann.

Erlendir starfsmenn búa stundum við undarlegar aðstæður:

Í hjólhýsum eða á byggingarstað

VERKALÝÐSMÁL Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir að upplýst hafi verið að fyrirtæki „geymi“ erlenda verkamenn, sem komið hafa ólöglega til starfa á Íslandi, í hjólhýsum, ósamþykktu húsnæði í verksmiðjuverfnum, uppi á loftum yfir verkstæðum þar sem þeir hafa verið starfandi eða jafnvel á byggingarstað.

„Þeim hefur verið boðið upp á ókræsilegt húsnæði á Kjalarnesi og við höfum sögur af því að þeim hafi verið boðið upp á þau býtti að sofa og dveljast á byggingavinnustöðum þar sem þeir eru starfandi á daginn. Þá er þetta eins og lýsingarnar af saumastofunum í Taílandi í gamla daga þar sem

vélunum var ýtt út í horn og konurnar lögðust síðan á dýnur,“ segir hann.

ASÍ hefur upplýsingar um að fyrirtækið Perlan, sem rekið er af sama aðila og áður rak Eystrasaltsviðskipti, flytji inn ólöglegt vinnuafli og bjóði upp á lélegt og jafnvel ólöglegt húsnæði. Forsvarsaður fyrirtækisins hefur áður hlotið sektardóm fyrir að nýta ólöglegt erlent vinnuafli.

- ghs

HALLDÓR GRÖNVOLD

Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ segir að íslensk fyrirtæki eigi það til að láta erlenda verkamenn búa í hjólhýsum eða í ósamþykktu húsnæði, í verksmiðjuverfnum eða á byggingarstað.



TOK plus
viðskiptahugbúnaður

Hagkvæmur rekstur

ax
hugbúnaðarhús

Skeifan 8
108 Reykjavík
Sími 545 1000
www.ax.is
ax@ax.is

· Û ÅFF · 3 ´ E= ;> ; ´ ~

HwÁgdVWdSÁ h[Á ¼Y â Xb` e] g dhiVg` ` [1

· SÁ W Xaff eW \SX Sef â h[Á ¼SÁ SÁ afS WYdS
ª dWS h[Á eYž

· ø Yª f[dhw[Á â V[Á í ¼YYS VSYS WYgdW[Á ¼Sd
eW efS` SÁ hwÁgd h[Á ¼Y Xb _ adY [f[^] hõVez
· ª Y[V[hwAS í Xdbb_ [- S` V[feTSÁI VSYWf
`gVW ¼dèffS _ âfiÁ â ZhWg] hõV[SÁYS` YgdSÁ
ZWeg[V ZõfW[e aY TíS`WYgTí`ž

F[^SÁ WYS] aef â SÁ h[` S ¼Wes XW[¼SdXg SÁW e
SÁ e] dâ ¼Y í Z[` ` üS 6Wgd ½TT ? SefW5SdV
aY `afS ? SefW5SdV] ad[Á ¼ff â fi_ ST[g
#žXWbSdž%ž_ Sd S" "' ž · hí aXSdeW ¼ø `afSd
] ad[Á ¼W_ Wd h[` [Ye1] gž

E] dâ [Y í 6Wgd ½TT ? SefW5SdV XWXS_ â hW
a]] Sd i i i ž dW[f] adžžž



GENGIÐ
GENGI GJALDMÍÐLA 16.02.2005

| | KAUP | SALA |
|---------------------|------------|--------------------|
| Bandaríkjadalur USD | 62,09 | 62,39 |
| Sterlingspund GBP | 117,19 | 117,75 |
| Evra EUR | 80,79 | 81,25 |
| Dönsk króna DKK | 10,85 | 10,92 |
| Norsk króna NOK | 9,67 | 9,72 |
| Sænsk króna SEK | 8,90 | 8,95 |
| Japanskt jen JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 94,14 94,70 |

Gengisvísitala krónunnar
111,09 -0,11%
Heimild: Seðlabanki Íslands

Rannsókn sýslumanns á lettnesku starfsmönnum GT verktaka í bið: Lögmaðurinn er í skíðaferð erlendis

KÁRAHNJÚKAR Rannsókn á því hvort fjórir lettneskir starfsmenn GT verktaka séu löglegir í starfi sínu við fólksflutninga á Kárahnjúkum er í biðstöðu meðan beið er eftir því að lögmaður GT verktaka komi úr skíðaferð erlendis. Von er á honum til landsins í næstu viku. Þegar er búið að yfirheyra Lettana en ekki er búið að yfirheyra aðra, til dæmis stjórnendur fyrirtækisins. Lárus Bjarnason, sýslumaður á Egilsstöðum, segir að málið sé flókið og taki nokkurn tíma í rannsókn. Enginn tíma-rammi sé í málinu, mestu skipti að það verði upplýst. „Meðan ekki er leyst úr deilum um það hvort þetta er löglegt er



LÁRUS BJARNASON
Sýslumaður á Egilsstöðum segir að beið sé eftir því að réttargæslumaður Lettanna komi úr frii.

m ö n n u m heimil dvöl í landinu því að þeir eru EES-borgarar,“ segir Lárus. „Við höfum ekki frumkvæði að því að stöðva atvinnu þessara manna meðan það liggur ekki fyrir.“ Deilan snýst um það hvort heimilt sé að vinna hér án atvinnu- og dvalarleyfis og segir Lárus reynt að hraða rannsókninni eins og mögulegt er. Mennirnir megi koma hingað, dveljast hér og leita sér að vinnu en umdeilt sé hvort þeir megi vinna hér án leyfa þar til nýjar reglur taka gildi 1. maí 2006. Talsmaður GT verktaka segir að Lettarnir séu starfsmenn undirverktaka síns, fyrirtækisins Vislandia í Riga í Lettlandi, og vildi ekki gefa upp símanúmer stjórnenda þess fyrr en lögmaðurinn væri kominn til starfa. Þegar reynt var að hafa uppi á símanúmeri Vislandia í Lettlandi fannst það ekki.

ghs@frettabladid.is

Ólafur Ragnar Grímsson: Býður Bush á jökul

UMHVERFISMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, lét hafa það eftir sér við blaðamenn aðspurður um áhrif hlýnandi loftslags á jörðina að George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, og öðrum leiðtogum heimsins væri velkomið að koma til Íslands eða Grænlands og upplifa af eigin raun bráðnun jökla. Lýsti forsetinn því yfir í viðtalinu hversu ógnvekjandi það væri héldi þessi þróun áfram, en viðtalið var tekið í tilefni þess að Kýótó-samningurinn tók formlega gildi í gær. Loftslagsbreytingar eru taldar meginorsök bráðunar jökla á norður- og suðurhveli jarðar. ■



VIÐ HOLRÆSIN Í MIÐBÆNUM
Unnið er að því að lengja líftíma holræsanna í miðbæ Reykjavíkur.

101 Reykjavík: Holræsi fóðruð

ENDURNÝJUN Unnið er að fóðrun holræsa í hverfum miðbæjar Reykjavíkur. Fóðrunin lengir endingu þeirra um áratugi. Guðbjartur Sigfússon, yfirverkfræðingur hjá gatnamálastjóra, segir framkvæmdirnar kosta á annað hundrað milljóna króna á ári: „Holræsin eru hreinsuð og þrífín og í þau sett trefjasokkur sem er hertur með ákveðnum aðferðum. Þar með fæst endurnýjað yfirborð á holræsunum.“ Guðbjartur segir að unnið verði við endurnýjunina næstu tvö ár samkvæmt útboði. - gsg

Ný stjórnvöld: Einkavæðing rannsökuð

ÚKRAÍNA. AP Ríkissaksóknari Úkraínu mun rannsaka sölu 3.000 ríkisfyrirtækja sem voru einkavædd í valdatíð Leoníds Kútsjma, fyrrverandi forseta. Spurningar hafa vaknað um einkavæðingu margra ríkisfyrirtækja sem voru seld á mun lægra verði en búist var við. „Við munum koma þeim fyrirtækjum aftur í hendur ríkisins sem voru afhent óheiðarlegum einkaaðilum,“ sagði Júlía Tímósjenkó forsætisráðherra. Ekki er þó talið að stjórnvöld ætli að hafa fyrirtækin lengi í sinni eigu heldur verði þau seld hæstbjóðanda. ■



SAMEIGINLEGAR VARNIR RÆDDAR
Mohammed Naji al-Otari, forsætisráðherra Sýrlands, hélt í gær á fund Mohammad Reza Aref, varforseta Írans, í höfuðborginni Teheran.

Sýrland og Íran í varnarbandalag

Tvö þeirra ríkja sem bandarísk stjórnvöld hafa gagnrýnt hvað mest ákváðu að bregðast sameiginlega við utanaðkomandi ógnum. Íran er í vanda vegna kjarnorkuáætlunar sinnar og Sýrland vegna morðsins á Rafík Harírí.

ÍRAN. AP Íranar og Sýrlandingar hétu gagnkvæmum stuðningi gegn hugsanlegum ógnum. Bæði sæta ríkin þrýstingi af hálfu Bandaríkjanna; Íranar vegna kjarnorkuáætlunar sinnar og Sýrlandingar í kjölfar morðsins á Rafík Harírí, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanons. „Í ljósi þeirra sérstöku aðstæðna sem Sýrlandingar standa frammi fyrir munu Íranar nýta reynslu sína, einkum af refsiaðgerðum, til hjálpar Sýrlandingum,“ sagði Mohammad Reza Aref, varforseti Írans, eftir fund sinn með Mohammad Naji Otari, forsætisráðherra Sýrlands. „Við þessar viðkvæmu aðstæður er það ríkjnum nauðsynlegt að

standa saman gegn margvíslegum hættum,“ sagði sýrlenski ráðherrann. Bandaríkjamenn hafa gagnrýnt Sýrlandinga harðlega í kjölfar morðsins á Rafík Harírí. Sýrlandingar hafa fordæmt morðið og ekki hefur verið sýnt fram á hver reði hann af dögum en margir telja að sýrlensk stjórnvöld standi á bak við morðið. Bandaríski sendiherrann var kallaður heim frá Sýrlandi í fyrradag og var síðasta verk hans að afhenda þarlandum stjórnvöldum harðort bréf vegna morðsins á Rafík Harírí, sem hafði gagnrýnt mjög veru sýrlenskra hersveita í Líbanon. „Berí Sýrlandingar ábyrgð á

morðinu, sem væri pólitískt sjálfsmorð, myndi það vafalaust leiða til aukins þrýstings, refsiaðgerða og jafnvel þess að hervaldi yrði beitt gegn þeim,“ sagði Patrick Seale, breskur sérfræðingur í málefnum Sýrlands. Bæði ríkin hafa sætt gagnrýni bandarískra stjórnvalda fyrir að styðja við bakíð á hryðjuverkamönnum. Helsta áhyggjuefni Bandaríkjamanna varðandi Írana snýr að kjarnorkuáætlun hinna síðarnefndu. Þó að Íranar segist aðeins ætla að nota kjarnorku í friðsamlegum tilgangi óttast margir, þar á meðal Bandaríkjamenn, Ísraelar og Evrópuþjóðir, að þeir hyggist koma sér upp kjarnorkuvopnum. ■



NEDANJARÐARBYRGI BELLOCCO
Bellocco faldi sig í neðanjarðarbyrgjum og göngum.

Mafiuforingi: Handtekinn í næturárás

ÍTALÍA. AP Tíu ára löngum flótta mafiuforingjans Gregorio Bellocco undan réttlætinu lauk aðfaranótt miðvikudags þegar ítalska lögreglan hafði hendur í hári hans. Bellocco var einn helsti stjórnandi 'ndgrangheta-mafiunnar í Reggio Calabria-héraði sem er mikilvirkasti innflytjandi og seljandi fíkniefna í Ítalíu. Hans bíður nú löng vist í fangelsi því hann á eftir að afplána fjölda dóma, þeirra á meðal lífstíðardóm fyrir morð. Bellocco var einn af þeim 30 glæpamönnum sem ítölsk yfirvöld lögðu mesta áherslu á að koma höndum yfir. ■

LÖGREGLUFRETTIR

TEKINN MEÐ HASS Í ÞÝSKALANDI
Íslendingur á þrítugsaldri var tekinn í Þýskalandi fyrir skemmstu með þrjátíu kíló af hassi í fórum sínum. Maðurinn var tekinn í þýskum smábæ en hann var að koma frá Hollandi. Hann er enn í haldi í Þýskalandi.

MÍÐ-AUSTURLÖND

GAF SIG FRAM
Þrítugur Jemeni sem grunaður er um tengsl við al-Kaída gaf sig á vald lögreglu og viðurkenndi að hafa skipulagt árásir á vestræn sendiráð í Sana, höfuðborg Jemen. Hann ætlaði að gera sjálfsmorðsárás á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku en hætti við.



RÝY | grÐYkEöyvgxt gŪ x
N | g > ngx&on& &akxg
/kn&g& a&A&zx&g &at&gE

SPARISJÓÐURINN
- fyrir þig og þína

}} } 4vgyx

Veðrið

ÁFRAM VINDA-SAMT SUNNAN TIL
Horfur dagsins eru fjarri því góðar. Áfram stíf suðvestanátt syðra með slyddueða snjóljum víða um land, síst austan til. Lægri þó í kvöld víðast hvar og morgundagurinn verður hægur og úrkomulítil. Hiti ætti að komast aðeins yfir núllíð víðast hvar yfir miðjan daginn. **HELGARVEÐRIÐ**
Hæg breytileg átt báða dagana. Bjart með köflum víða um land á laugardag en eitthvað þungbúnara á sunnudag en þá hlýnar yfir núllíð víðast hvar. Finasta veður.



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfraeðingur

Í dag um hádegi

Á morgun

Laugardagur

Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | |
|---------------|-----------------|-----------|----------------|------------|-----------------|
| Kaupmannahöfn | -1°C léttskýjað | Paris | 5°C léttskýjað | Torrevieja | 12°C skýjað |
| Oslo | 2°C alskýjað | Prag | 0°C skýjað | Róm | 10°C skýjað |
| Stokkhólmur | -4°C léttskýjað | Amsterdam | 4°C skýjað | New York | 4°C léttskýjað |
| London | 8°C léttskýjað | Varsjá | 2°C alskýjað | Miami | 27°C léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Gríptu gæsina!

Útsölumarkaður í Skeifunni
frá fimmtudegi til sunnudags

15 vönduð tölvuborð
á hreint ótrúlegu
verði!

Aðeins

9,-

Verð áður 5.990,-

Fyrstir
koma
fyrstir fá

Ritföng, leikföng, skrifstofuvörur,
gjafavörur og margt fleira á ótrúlegu verði!

Tölvuborð

01S Tölvuborð Eko Cherry
Nett tölvuborð með sér borði undir
hnappaborð sem hægt er að renna
inn. Fint í barnaherbergið eða
tómstundaerbergið.

99,8%
AFSLÁTTUR!

Verðdæmi pr.stk.

199,-

Verðdæmi pr.stk.

999,-

Aðeins
4 daga

Verðdæmi pr.stk.

99,-

Athugið!
Þetta er
aðeins brot
af úrvalinu

Verðdæmi pr.stk.

1.999,-


Það er bara einn
sem er alltaf
ódyrastur!

Tilboðin gilda 17.-20. febrúar 2005 eða á meðan birgdir endast. Birt með fyrirvara um myndbreytingu og prentvillum.

Afgreiðslutímar
í Skeifunni

Virka daga frá 10-18
Laugardaga 11-16
Sunnudaga 13-17

Office 1 Superstore





KJÖRKASSINN

Á að setja síðareglur fyrir alþingismenn?

Niðurstöður gær dagsins á visir.is

| | |
|-----|-------|
| Já | 89,2% |
| Nei | 10,8% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Finnst þér húsnæðisverð of hátt?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Stóriðjusamningar felldir:

Starfsmenn vilja stærri hluta ágóðans

KJARAMÁL Tæp 77 prósent starfsmanna Íslenska járnblendifélagsins felldu í gær nýundirritaðan kjarasamning samninganefnda sinna og eigenda.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir nýfella kjarasamninga í álverinu í Staumsvík hafa haft áhrif á niðurstöðuna.

„Stóriðjurnar eru að mestu í eigu útlendinga. Íslensku starfsmennirnir gera kröfu um að hluti af ágóðanum sé skilað til þeirra,“ segir Vilhjálmur.

Gylfi Ingólfsson, aðaltrúnaðarmaður starfsmanna í Straumsvík, segir helstu ástæðu þess að starfsmenn álversins kolfelldu kjarasamninginn meðal annars þá að ráðgerðar hækkanir hafi ekki tryggt hærri laun væri horft til verðbólguþróunar í þjóðfélaginu.



ÁLVERIÐ Í STRAUMSVÍK
Starfsmenn Íslenska járnblendifélagsins fóru að ráðum starfsmanna í Straumsvík og felldu kjarasamninga með 77 prósentum greiddra atkvæða.

Samninginn meðal annars þá að ráðgerðar hækkanir hafi ekki tryggt hærri laun væri horft til verðbólguþróunar í þjóðfélaginu.

„Okkur er sagt að ekki megi hækka laun starfsmanna þegar vel gengur í álíðnaði eins og nú, því það sé fordæmisgefandi. Eins er ekki hægt að hækka launin þegar illa árar í iðnaðinum,“ segir Gylfi.

- gag

ALCAN Í STRAUMSVÍK

| | |
|-------------|-----|
| Á kjörskrá: | 426 |
| Nei: | 256 |
| Já: | 74 |
| Auðir: | 2 |

ÍSLENSKA JÁRNBLENDIFÉLAGIÐ

| | |
|-------------|----|
| Á kjörskrá: | 97 |
| Nei: | 63 |
| Já: | 18 |
| Auðir: | 1 |



VIÐ EIFFEL-TURNINN

Hryðjuverkamenn hugðust gera árás á frægasta turn veraldar.

Hryðjuverkamenn:

Höfðu Eiffelturninn í huga

FRAKKLAND, AP Meintir íslamskir hryðjuverkamenn sem handteknir voru í Frakklandi ætluðu að gera árásir á Eiffel-turninn, verslunarmiðstöð og fleiri skotmörk í Frakklandi, að sögn lögreglu. Hryðjuverkamennirnir hugðust einnig ráðast gegn rússneskum og ísraelskum skotmörkum í Frakklandi.

Síðustu tvö árin hafa frönsk yfirvöld handtekið tugi manna í tengslum við rannsókn sína á samtökum hryðjuverkamanna sem tengjast uppreisnarmönnum í Tsjetsjeníu. ■

Vilja halda kverkatakni á neytendum

Pingflokksformaður Framsóknarflokksins segir bankana standa á bak við hækkanði fasteignaverð og ýjar að því að þeir séu að „leggja grunn að stærsta „ráni“ sögunnar“.

FASTEIGNAVERÐ Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, segir á heimasíðu sinni að allt að því ótakmarkað framboð sé á húsnæðislánum hjá bönkum, sem skýri að hluta hækkanði íbúðaverð að undanfögnu. Fasteignasalar sjái sér leik á borði „verandi nokkuð samstíga göfgi bankanna og hreinlega kjafta verð á íbúðum upp úr öllu valdi enda nóg til af peningum.“

Björn Þorri Viktorsson, formaður Félags fasteignasala, segir þessi ummæli Hjálmars eins og hvert annað rugl. „Það er enginn markaður sem lýtur lögmálum eins vel og fasteignamarkaður. Það að einstaka fasteignasali sé að kjafta verð upp eða niður gengur ekki upp.“ Björn Þorri segir að vegna nýrra fjármögnunarmöguleika sé eftirspurnin meiri en framboðið og þá hækki verðið, auk þess sem fasteignaverð hafi verið að hækka í Evrópu og vestanhafs, sem hafi áhrif á íslenska markaðinn. „Fasteignasalar eru

bara að selja á markaðsverði á hverjum tíma.“

Hjálmar segir að vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að lána allt að 90 prósent til íbúðakaupa hafi bankarnir misst af þeim tekjum sem þeir áður höfðu; dýrum lánum sem fólk tók til að brúa bil til húsnæðis kaupa. Bankarnir hafi því „lækkað vexti

og dælt út peningum í trausti þess að verð á íbúðum yrði hækkað“ til þess að ná sama hagnaði með lægri vöxtum en hærri lánum. „Langtímamarkmiðið er að drepa Íbúðalánasjóð og losna þannig við hið óþægilega aðhald og geta í framhaldinu svo hægt en bitandi keyrt upp vextina af hinum dýru eignum landsmanna. Þeir vilja halda kverkatakni á neytendum og virðast kæra sig kollótta um áhrif aðgerðanna á verðbólgu og efnahag þjóðarinnar.“

Að síðustu segir Hjálmar í pistli sínum að skoða hvort bankarnir séu í óbeinu eða beinu samráði að „leggja grunn að stærsta „ráni“ sögunnar,“ og þátt þeirra í verðsprengingunni á húsnæðismarkaði síðustu mánuðina.

Ekki náðist í bankastjóra Íslandsbanka, KB banka og Landsbanka.

svanborg@frettabladid.is



HJÁLMAR ÁRNASON

Segir fasteignasala kjafta upp fasteignaverð, þar sem nóg er til af peningum.

Teikningar Muggs:

Kærunni vísað frá

LÖGREGLUMÁL Ríkissaksóknari hefur staðfest úrskurð sýslumanns á Patreksfirði sem felldi niður kæru vegna stuldar á þremur teikningum eftir Muggs.

Rekja má málið til ársins 1991. Eldri kona í Króksfjarðarnesi kærði tónlistarkennara sinn, sem hún segir hafa sótt teikningarnar án leyfis í gallerí í Reykjavík. Hann segir teikningarnar hafa verið gjöf til sín.

Teikningarnar hafa verið í gegmslu sýslumannsins í tvö ár eða frá því þær voru sóttar á myndlistarsýningu á Bíldudal, sem sá kærði hélt. Hann fær nú myndirnar aftur.

- gag

Bandaríska sendiráðið:

Ekki heppileg staðsetning

ALÞINGI Davíð Oddsson utanríkisráðherra tók undir það með Merði Árnasyni, þingmanni Samfylkingarinnar, í fyrirspurnatíma á Alþingi í gær að staðsetning bandaríska sendiráðsins í Þingholtunum væri ekki heppileg. Miklar öryggisráðstafanir í tengslum við sendiráðið og starfsemi þess væru farnar að valda íbúum í nágrenni þess ama og því ætti að kanna hvort vilji væri fyrir því hjá bandarískum yfirvöldum að finna því nýjan stað í Reykjavík.



DAVÍÐ ODDSSON

„Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að það megi takast að finna lausn á þessum máli,“ sagði Davíð.

- sda

Lífæraígræðslur:

Gjafinn með hundæði

ÞÝSKALAND, AP Fjöldi þýskra sjúklinga fékk líffæri úr konu sem talið er að hafi verið smituð af hundæði. Þrír sjúklinganna eru alvarlega veikir af þessum sökum að sögn stofnunarinnar sem hefur yfirumsjón með líffæragjöfum og ígræðslum.

Litlar upplýsingar var að hafa um konuna og hvernig hún smitaðist af hundæði. Hún mun ekki hafa verið með nein einkenni sjúkdómsins þegar hún lést og því vöknudu grunsemdir manna ekki fyrr en síðar.

Hundæði er sjaldgæft þar sem velferð ríkir en árlega látast þúsundir af völdum hundæðis í vandröðum ríkjum. ■

Álegg frá Holtakjúklingi



Fjórar tegundir áleggs frá Holtakjúklingi. Fitulítið og bragðgott álegg sem hentar öllum.



Reykjavagarður hf

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja:

Aðför gegn Íbúðalánasjóði

ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR Ögmundur Jónason, þingflokksformaður Vinstri grænna, segir Samtök banka og verðbréfafyrirtækja (SBV) reyna allar leiðir til að koma Íbúðalánasjóði fyrir kattarnef. Hann segir þau samráðsvettvang stærstu fjármálafyrirtækjanna. Ögmundur undrast að Bygðastofnun skuli eiga aðild að samtökunum og spyr hvers vegna stofnunin taki þátt í aðförinni gegn Íbúðalánasjóði.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Bygðastofnunar, segir þetta misskilning. Bygðastofnun hafi aldrei átt fulltrúa í stjórn SBV og aldrei tekið þar þátt í stefnumótun.

„Ég er talsmaður samvinnu ef hún er til góðs, en menn mega ekki koma fram í dulargervi. Það er látið í veðri vaka að samtökin tali í þágu opinna samkeppni, en það er undarlegt að fyrirtæki sem vilja opinna markað sameinast um að koma þeim fyrir kattarnef sem veita þeim mesta samkeppni,“ segir Ögmundur.



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Segir Samtök banka og verðbréfafyrirtækja leita allra leiða til að koma Íbúðalánasjóði fyrir kattarnef.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri SBV, segir það frá leit ummæli að samtökin séu einhver samráðsvettvangur. „SBV eru heildarsamtök fjármálafyrirtækja í landinu, rétt eins og heildarsamtök annarra atvinnugreina. Það er

hlutverk slíkra samtaka að berjast fyrir eðlilegum starfsskilyrðum og hagsmunabaráttu sem beinist að því að ríkið hætti beinni starfsemi á samkeppnismarkaði er beinn þáttur í því.“

- ss

NINNA RICCI

Púðurmeikin frá Ninu Ricci eru fyrir allar húðgerðir og allar konur sem vilja hafa hlutina einfalda og eru á hraðferð. Í púðrinu eru litakorn sem blekkja augað, þannig að húðin verður áferðarfalleg, línur minna áberandi, púðrið þurrkar ekki húðina og heldur henni mattri. Púðurmeikið gefur flauelsáferð og þekur einstaklega vel. SPF 8

Ef keyptir eru 3 hlutir frá Ninu Ricci, fylgir glæsileg taska full af góðgæti.



Gildir til 23. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Fæst í Hagkaupum Skeifunni,
Kringlunni og Smáralind.

Skemmtileg fræðsla - í fullri alvöru

Stjórnun og rekstur mótuneytis

Námskeið í stjórnun og rekstri mótuneytis hefst á löntæknistofnun **22. febrúar** nk.

Engrar forkunáttu er krafist.

Markmið

Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mótuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

Áherslur

- Samsetning matseðla
- Mataræði og næringarefni
- Örverufræði
- Stjórnun og hagkvæmni

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma **570 7100** eða á www.iti.is

NÁM
SKEIÐ

löntæknistofnun

ÚTSÖLULOK

AÐEINS 4 VERÐ Í BÚÐINNI:

990,- • 1990,-
2990,- • 4990,-

Útsölujakkaft á 12.900,-

Fermingafötin
komin!

„Oft eru litlar buxur of stórar“

Firði Hafnarfirði
Sími 565 0073

Herra
hafnarfjörður

Víkari
ný og fersk í hverri viku

Aðeins
599 kr.

Vortiskan - Glæsikjólur tiskukónganna

Víkari
7. útg. Árg. 16. febrúar 2005.

42 sætustu konur Íslands!
Skoðið úttekt Vönnar

Rómantik á konudaginn!
Bregðast karlarnir rétt við?

Hrafn Gunnlaugsson
Konurnar í lífi mínu

Hófi
10 leiðir til að lokka karla

Súludans grennir!
6 kíló fokinn
Atak Vönnar og Hreyfingar

Helgi hjúka er í 2 saumaklúbbum
14 ráð til að komast í vortíling

Lífsreynslusagan • Heilsa • Tískva • Matur • Krossgátur

Náðu í eintak á næsta sölustað

Sendiherra í stjórnarskrárnefnd:

Situr á eigin forsendum

ALÞINGI Að undanskildum Þorsteini Pálssyni, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, hefur enginn sendiherra gegnt trúnaðarstarfi fyrir stjórnmalaflokka. Þetta kom fram í svari Davíðs Oddssonar utanríkisráðherra við gagnrýni Marðar Arnasonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að Þorsteinn sæti í stjórnarskrárnefnd fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins.

„Þorsteinn Pálsson situr í stjórnarskrárnefnd á eigin forsendum,“ sagði Davíð. „Til þeirra verka fær hann engin fyrirmæli frá mér heldur er hann skipaður vegna menntunar, faglegrar reynslu og mikillar þekkingar og almennt séð augljósra

og ófæðra hæfileika til að fást við þetta verkefni,“ sagði Davíð.

„Sendiherrum og öðrum starfsmönnum utanríkisþjónustunnar er óheimilt samkvæmt lögum að vinna önnur störf nema sérstaklega standi á og samþykki utanríkisráðherra komi til,“ sagði Mördur. „Mér finnst það skynsamleg regla að sendiherrar eða aðrir starfsmenn utanríkisþjónustunnar vinni ekki trúnaðarstörf fyrir stjórnmalaflokka. Það er á mörkum hins siðlega og stangast á við anda laganna sem hér um ræðir. Þessu sérstaka ákvæði er ætlað að tryggja að starfsmenn utanríkisþjónustunnar eigi sér engan annan húsbónda meðan þeir gæta hags-



DAVÍÐ ODDSSON Á ALÞINGI Í GÆR Utanríkisráðherra svaraði fyrirspurnum á Alþingi í gær er hann mætti aftur til þinghalds eftir veikindaleyfi.

muna þjóðarinnar á erlendum vettvangi,“ sagði Mördur. - sda



PALLBORÐSUMRÆÐUR

Ljóst er að í mörg horn er að líta þegar loftslagsmál eru annars vegar og um það var rætt á fundi umhverfisráðuneytisins í gær þar sem ýmsir sögðu álit sitt á stöðu Íslands hvað Kyoto-samninginn varðar.

Kyoto-bókunin orðin að lögum

Fyrsta skrefið í því ferli að sporna gegn útbreiðslu lofttegunda sem valda gróðurhúsaáhrifum var stigið í gær þegar hin sjö ára gamla Kyoto-loftslagsbókun varð loks að alþjóðalögum.

LOFTSLAGSBREYTINGAR Mjög skiptar skoðanir um Kyoto-loftslags-samninginn komu fram á hádegis-verðarfundum sem umhverfisráðherra boðaði til í gær af því tilefni að samningurinn varð þá loks að alþjóðalögum. Höfðu þá liðið sjö ár frá því að Kyoto-bókunin var samþykkt á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem fram fór í Japan.

Skoðanir manna voru vissulega skiptar enda um fátt meira deilt um heim allan en raunveruleg áhrif loftslagsbreytinga á jarðarkringluna. Flestir fögnuðu þó þeim áfanga að bókunin væri orðin að alþjóðalögum þrátt fyrir að aðeins tæplega 150 ríki hafi skrifað undir samninginn. Stór iðnríki eins og

Bandaríkin og Ástralía eiga ekki aðild að bókuninni á þeirri forsendu að slíkt hamli um of nauðsynlegum hagvexti ríkjanna.

Tryggvi Felixson, framkvæmdastjóri Landverndar, fór hvað hördustum orðum um samninginn og var það mat hans að um mikið húllumhæ væri að ræða fyrir lítið. „Hverju litlu skrefi ber auðvitað að fagna en staðreyndin er sú að Kyoto-samningurinn tekur aðeins til næstu ára og nauðsynlegt er að stíga mun stærri skref sem allra fyrst því loftslagsbreytingar eru órar samkvæmt flestum rannsóknum.“

Tryggvi minntist í ræðu sinni sérstaklega á mengun bifreiða og hvernig íslensk stjórnvöld ýta í

raun undir frekari mengun með því að lækka til muna vörugjöld á pallbíla. Sagði hann slíkt ýta undir aukna losun gróðurhúsalofttegunda og kallaði eftir skýrri framtíðarstefnu stjórnvalda í heild.

Ragnar Arnason prófessor tók einnig til máls og velti fyrir sér ýmsum hliðum samningsins. Benti hann á gagnsemi þess að nýta svokallaða losunarkvóta sem best en hvert og eitt land getur nýtt kvóta sína að vild og þeir geta jafnvel gefið vel í aðra hönd í viðskiptum við önnur lönd. „Koltvísýringur er í raun orðinn verslunarvara og að mínu viti eru sóknarfæri þar fyrir Íslands hönd hvað varðar úthlutun á losunarkvóta í framtíðinni.“ ■

Þórir Guðmundsson hjá Rauða krossinum:

Drengirnir sýndu mikið snarræði

LÍFSBJÖRG „Það mikilvæga í þessu er að þeir tóku veikindi vinar síns alvarlega og brugðust við þeim,“ segir Þórir Guðmundsson hjá Rauða krossi Íslands um Alexander Theódórsson og Arnar Þór Stefánsson, sem sýndu mikið snarræði þegar þeir komu vini sínum Róberti Heiðari Halldórsyni til hjálpar þegar hann veiktist hastarlega fyrr í vikunni. Við lækni- og sálfræðingarnar kom í ljós að gat hafði komið á lunga Róberts og er móðir hans ekki í vafa um að Alexander og Arnar hafi bjargað lífi hans.

Rauði krossinn bauð þremmenn-



LEYSTIR ÚT MEÐ GJÖFUM Starfsmaður Rauða krossins sýnir Arnari, Alexander og Róberti skyndihjálpartöskunum og hvað þar er að finna.

ingunum í heimsókn á skrifstofur sínar í gær. „Við sýndum þeim húsnæði okkar og það efni sem við höfum gefið út, meðal annars til skóla, en það kom í ljós að enginn þeirra hafði fengið slíkt náms efni í skólanum,“ segir Þórir. Við hvöttum þá til að sýna kennurum sínum þetta því börn geta líka lært skyndihjálpar.“

Piltarnir voru vitaskuld leystir út með skyndihjálpartöskum og öðrum gjöfum. Þórir minnst á að fólk eigi ekki að hika við að hringja í 112 þó það sé ekki fullvisst um að eitthvað alvarlegt ami að. - bs

VoltarenDolo®

12,5 mg díklófenak-K. - 20 töflur í pakka

Fljótvirkt bólgueyðandi verkjalyf

m.a. við tíðaverkjum



Fæst án
lyfseðils



Litlar húðaðar töflur sem
auðvelt er að gleypa

Voltaren Dolo® (díklófenak kalíum) 12,5 mg. töflur

Notaðar við vægum eða frekar vægum verkjum, svo sem hófuðverk, tannpinu og tíðaprautum. Verkar einnig hitalækkandi. Dragi ekki úr einkennum á nokkrum dögum, skal leita til læknis. Þeir sem eru með eða hafa haft sögu um maga- eða skeifugarnarsár eða skerta lifrarstarfsemi ættu að ráðfæra sig við lækni áður en lyfið er notað. Þeir sem þola ekki acetylsalísýru, íbuprofén eða önnur bólgueyðandi lyf eða eru með astma eiga ekki að nota Voltaren Dolo®. Notið lyfið ekki á meðgöngu nema í samráði við lækni, en aldrei á síðasta þriðjungi meðgöngu. Leitið ráða læknis eða lyfjafræðings um milliverkanir við önnur lyf. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



MINNAST UPPGÖTVUNAR PLÚTÓ
75 ár eru liðin síðan Clyde Tombough uppgötvaði plánetuna Plútó, þegar hann kom auga á hana í sjónaukanum í Lowell-stjörnuathugunarstöðinni í Flagstaff í Arizona í Bandaríkjunum.

Heilbrigðisstofnunin í Vestmannaeyjum:

Skurðstofur opnar í sumar

HEILBRIGÐSIMÁL Tryggt verður að ekki þurfi að loka skurðstofum Heilbrigðisstofnunarinnar í Vestmannaeyjum í sumar.

Þetta kom fram hjá Jóni Kristjánssyni heilbrigðisráðherra á Alþingi í gærmorgun.

Lagði ráðherra áherslu á að íbúum í Vestmannaeyjum yrði áfram tryggð öflug og örugg heilbrigðisþjónusta. Fram kom í máli ráðherra að heilbrigðisstofnunin hafi verið rekin með halla nokkur undanfarin ár, um 12,5 milljónir

árið 2003 og að halli ársins 2004 stefndi í að verða um 33,4 milljónir króna. Einnig kom fram hjá ráðherra að uppsafnaður halli hafi verið um 95 milljónir króna í árslok 2004. Fjárveitingar til Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja á árinu 2005 eru um 485 m.kr. Á stofnuninni eru 19 sjúkrarými og 16 hjúkrunarrými.

Sagði ráðherra að borið saman við aðrar heilbrigðisstofnanir sýnist honum fé ekki naumt skammtað til stofnunarinnar. Ráð-



VESTMANNAEYJAR

Skurðstofur Heilbrigðisstofnunarinnar í Eyjum verða opnar í sumar, ef að líkum lætur.

herra lagði áherslu á að hagræðingu mætti ná í rekstri hennar og sagði í því sambandi afar brýnt að

samnýta vaktir sjúkra- og heilsgæslusviðsins.

- jss

Rússneski herinn:

Í viðskiptum við Sýrland

RÚSSLAND. AP Rússnesk hermálafyrirvöld eiga í samningaviðræðum við Sýrlendinga um sölu á loftvarnarflugskiptum.

Starfsmaður í rússneska varnarmálaráðuneytinu staðfesti þetta. Um er að ræða svokölluð Iгла-flugskeyti sem eru á færanlegum skotpöllum. Bæði ísraelsk og bandarísk stjórnvöld hafa lýst óánægju sinni með þessari viðskipti vegna hættunnar á því að flugskeytin komist í hendurnar á hryðjuverkamönnum. Sýrlensk stjórnvöld hafa verið sökuð um að halda hlífiskildi yfir hryðjuverkamönnum, meðal annars íröskum uppreisnarmönnum. ■

Fyrrum forsætisráðherra:

Réttað yfir Yilmaz



TYRKLAND Mesut Yilmaz, fyrrum forsætisráðherra, varð í gær fyrsti tyrkneski þjóðarleiðtoginn sem þarf að verja gerðir sínar frammi fyrir dómara.

Yilmaz er ákærður fyrir spillingu í tengslum við einkavæðingu ríkisbanka. Honum er gefið að sök að hafa séð til þess að bankinn félli í hendur auðjófurs sem tengist tyrknesku mafunni. Málið kom upp á yfirborðið síðla árs 1998 og varð til þess að ríkisstjórn hans féll.

Yilmaz neitaði sök og sagðist ekkert hafa gert til að hafa áhrif á sölu. ■

MESUT YILMAZ

Fyrrum forsætisráðherrann var brosmildur áður en réttarhöldin yfir honum hófust í gær.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Fjárhagsaðstoð á hvern íbúa í Reykjavík er að meðaltali rúmar tíu þúsund krónur á ári. Það er allt að tíu sinnum hærra upphæð en í fimm stærstu sveitarfélögum utan Reykjavíkur, þar sem fjárhagsaðstoð er að meðaltali á bilinu 1.100 til 3.200 á hvern íbúa.

Bókaðu bílinn heima - og fáðu 500 Vildarpunkta



Tilboð

Bókaðu fyrir 12. mars og fáðu

1.000

Vildarpunkta fyrir leigu hvar sem er í heiminum

Ef þú bókar bílaleigubílinn heima á Íslandi bíður hann þín á áfangastað. Hver leiga færir þér 500 Vildarpunkta að auki. Bókaðu bílinn núna í 50 50 600 og tryggðu þér meira öryggi og betri þjónustu á ferðum þínum erlendis hvert sem leið þín liggur.

Hertz

50 50 600 • hertz@hertz.is

ICELANDAIR
Vildarklúbbur
icelandair.is/vildarklubbur

Misskipting fer vaxandi

Hver íbúi í Reykjavík fær að meðaltali um 10 þúsund krónur í fjárhagsaðstoð á ári og greiðir Reykjavíkurborg um 1,2 milljarða í fjárhagsaðstoð á ári.

FÉLAGSMÁL Fjárhagsaðstoð í sex fjölmennustu sveitarfélögum landsins er tvöfalt hærri nú en fyrir fimm árum og nær nú einum og hálfum milljarði á ári. Fjárhagsaðstoð í Reykjavík er allt að tífalt hærri en í öðrum sveitarfélögum og um 85 prósent fjárhagsaðstoðarinnar í heild, eða 1,2 milljarðar.

Þetta kom fram í svari félagsmálaráðherra við fyrirspurn Jóhannu Sigurðardóttir, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi í vikunni.

Fjárhagsaðstoð á hvern íbúa í Reykjavík er að meðaltali rúmar tíu þúsund krónur á ári. Það er allt að tíu sinnum hærra upphæð en í fimm stærstu sveitarfélögum utan Reykjavíkur þar sem fjárhagsaðstoð er að meðaltali á bilinu 1.100 til 3.200 á hvern íbúa.

„Þessi hækkun sýnir að fátækt og misskipting fer vaxandi auk þess sem hlutdeild heimilanna í gjaldtöku ýmiss konar eins og í heilbrigðisþjónustunni hefur aukist,“ segir Jóhanna.

„Í svari félagsmálaráðherra kom fram að í þessum sveitarfélögum voru barnlausir karlmenn flestir þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð og voru þeir yfirleitt helmingi fleiri en barnlausar

konur. Mér finnst að það þurfi að leita skýringa á því. Sennilega er töluvert um forsjárlausa menn sem fara út af heimilum vegna skilnaðar og eru þá húsnæðislausir,“ segir Jóhanna.

„Einnig kom fram að á tímabilinu 2000 til 2002 fjölgaði þeim sem fá fjárhagsaðstoð hjá öllum sveitarfélögum á landinu úr 4.612 manns í 5.930 eða um liðlega 1.300 manns,“ bendir hún á. „Það lítur út fyrir að ríkið sé að yta framfærslukostnaði margra einstaklinga yfir á sveitarfélögin,“ segir Jóhanna.

Jóhanna segir að samkvæmt tölum frá Hagstofunni sé meðalupphæð fjárhagsaðstoðar á hvert heimili í Reykjavík á árunum 2001 og 2002 um 280 þúsund krónur, en í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sé meðalupphæðin um 100 þúsund krónur lægri.

„Ef litid er til sveitarfélaga utan höfuðborgarsvæðisins greiddu þau á þessum árum 131 þúsund krónur að meðaltali á hvert heimili sem naut fjárhagsaðstoðar. Reykjavík greiðir því ríflega tvöfalt meira en sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins með hverju heimili sem fær fjárhagsaðstoð,“ segir Jóhanna.

sda@frettabladid.is

Ótti um að merking leiði til verðlækkunar á fasteignum:

Hátt í hundrað miltisbrandsstaðir

MILTISBRANDUR Hátt í hundrað tilkynningar um staði sem taldir eru miltisbrandssýktir hafa borist Sigurði Sigurðarsyni, dýralækni sauðfjár- og nautgripasjúkdóma hjá yfirdýralæknisembættinu.

Sigurður vinnur að skráningu slíkra staða eftir því sem upplýsingar berast. Fyrirhugað er að hafa þær aðgengilegar fyrir almenning, þegar búið er að sannreyna staðina eftir fongum og skrásetja síðan.

„Þessir staðir eru dreifðir um landið nema á svæðinu milli

Hornarfjarðarfljóta og Ytri-Rangár í Rangárvallasýslu. Þá er minnst vitað um hvar á Reykjavíkursvæðinu þessir staðir eru nákvæmlega,“ sagði Sigurður. „Upplýsingar um þessa staði verða kynntar almenningi áður en langt um líður. Einhver fiðringur mun vera í einstaka manni um að þetta muni lækka verð á fasteignum og að það eigi bara að þegja yfir þessu. En það er úrelt hugunarháttur og hættulegur. Það er engin hættu ef menn vita, en hættu ef menn vita ekki.“



SIGURÐUR SIGURÐARSON
„Það er engin hættu ef menn vita, en hættu ef menn vita ekki.“

Sigurður sagði að menn ættu að varðveita miltisbrandsstaðina, girða þá af og planta þar trjám. Þá væri kominn blettur sem bæri vott um umhverfisvitund. - jss

Bruninn í Madrid:

Hætta á hruni

MADRÍÐ, AP Slökkviliðsmenn og matsmenn fóru í fyrsta skiptið í gær inn í Windsor-háhýsið í miðborg Madríd, sem brann á laugardaginn.

Matsmennirnir segja töluverða hættu á að hlutar hússins, sem er 32 hæðir, geti hrunið. Meginhluti byggingarinnar mun þó vera nokkuð stöðugur og því ólíklegt að það hrynji allt til grunna. Borgaryfirvöld hafa tilkynnt að húsið verði rífið niður í áföngum enda er það gjörónýtt. Sólarhring tók að slökkva eldinn um síðustu helgi og segja slökkviliðsmenn að þegar eldurinn var hvað mestur



WINDSOR-HÁHÝSIÐ

Háhýsið sem var eitt af kenndileitum Madríd er nú rústir einar.

hafi hitinn í húsinu verið um 800 gráður á celsius. ■



HEILSUHRAUSTUR

Páfinn hélt messu á sunnudaginn.

Læknir páfans:

Páfinn við hestaheilsu

VATÍKANÍÐ, AP Læknirinn sem hlúði að Jóhannesi Páli páfa II segir páfann hafa verið fljótari að ná fullum bata en hann hafi búist við. Páfinn lagðist inn á sjúkrahús fyrr í mánuðinum vegna öndunar-erfiðleika.

Getgátur hafa verið um að páfinn hafi verið veikari en svo að aðeins hafi verið um öndunar-erfiðleika að ræða. Rodolfo Proietti læknir þvertur fyrir það og segir páfann vera við mjög góða heilsu miðað við aldur. Páfinn verður 85 ára gamall í maí. ■



SYRGJENDUR

Íbúar í Anapu syrgja nunnuna Dorothy Stang sem var skotin til bana.

Átök í Amazon:

Nunna myrt

BRASILÍA, AP Brasilísk stjórnvöld hafa sent tvö þúsund hermenn til bæjarins Anapa í Amazon-frumskóginum. Komið hefur til átaka milli fátækra bænda og skógarhöggsmanna við bæinn og eiga hermennirnir að reyna að stilla til friðar.

Bandarísk nunna, sem barðist fyrir verndun skógarins, var skotin til bana um síðustu helgi. Þegar hún var borin til grafar kom aftur til átaka og var formaður verkalýðsfélags bænda á staðnum skotin til bana. Lögreglan leitar nú ódæðismannanna. ■

BANDARÍKIN

GÓÐAR HORFUR Bandarískur efnahagur er í góðum málum, sagði Alan Greenspan seðla-



ALAN GREENSPAN
Seðlabankastjóri.

bankastjóri á fundi með bandarískum þingmönnum. Hann sagði að þingmenn yrðu að hafa auga með verðbólgunni en að ekki stafaði ógn af henni að svo stöddu.

www.utilif.is

NÝJAR VÖRUR

Smáralind
Sími 545 1550

Glæsibæ
Sími 545 1500

Kringlunni
575 5100

Fatnaður á mynd fæst einungis á Nike concept svæðinu í Útilíf Smáralind



NÓBELSVERÐLAUNAHAFI
Wangari Maathai, umhverfissinni og friðarverðlaunahafi Nóbels, flutti erindi í Kyoto í gær í tilefni af því að Kyoto-bókunin tók gildi.

Forstjóri Iceland fellur frá umsókn um einkaleyfi: Gefa nafnið Iceland eftir

ICELAND Forstjóri bresku verslunarkeðjunnar Iceland Food hefur sent Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra svarbréf vegna umsóknar fyrirtækisins um einkaleyfi á vörumerkinu Iceland í löndum Evrópusambandsins þar sem hann segir að fallið verði frá umsókn um einkaleyfi á notkun nafnsins í öllum löndum utan Bretlands.

Forsætisráðherra hafði óskað eftir því að breska verslunarkeðjan endurskoðaði umsókn sína.

Í bréfi forstjórans segir meðal annars: „Þegar ég stofnaði Iceland árið 1970 var þetta

aðeins ein lítil verslun í Norður-Englandi með frosnar matvörur. Konunni minni datt í hug að gefa henni nafnið Ice Land. Aldrei hvarflaði að okkur að það myndi verða að því stórfyrirtæki sem það er í dag, hvað þá að í notkun okkar á nafni þessu gætu falist vandræði fyrir landið Ísland.“

- sda

ICELAND FOOD VERSLUNARKEÐJAN

Forstjóri Iceland sendi Halldóri Ásgrímssyni bréf þar sem hann sagðist ætla að falla frá umsókn um einkaleyfi á notkun nafnsins í öllum löndum utan Bretlands.



LOÐNUVEIÐI

Í janúar veiddust 200 þúsund tonn af loðnu.

Fiskaflí:

Mikil loðnuveiði

SJÁVARÚTVEGUR Fiskaflinn í janúar var ríflega tvöfalt meiri en í janúar í fyrra eða 234 þúsund tonn samanborið við 106 þúsund tonn samkvæmt upplýsingum frá Fiskistofu.

Aukningin milli ára skýrist af miklum loðnuafli í ár. Í janúar veiddust 200 þúsund tonn af loðnu en í janúar í fyrra veiddust 64 þúsund tonn. Loðnuafllinn í janúar síðastliðnum er sá þriðji mesti frá upphafi. Mest veiddist af loðnu í janúar árið 2003 eða 219 þúsund tonn og í janúar árið 1998 veiddust 210 þúsund tonn.

- th

Veitingamenn leggja allt að 250 prósent á búsið

Hlutur veitingamanna af verði ölglasi sem kostar 600 krónur er 354 krónur. Hlutur ríkisins í sama ölglasi er 187 krónur. Áfengisgjaldið á Íslandi er það hæsta í Evrópu.

VERÐLAGNING Skýrsla sem unnin var að ósk samgönguráðherra sýnir að veitingamenn leggja á bilinu 170-250 prósent ofan á innkaupsverð algengra tegunda bjórs, léttvins og sterkra vína. Af verðinu sem greitt er yfir barborðið renna á bilinu 50 til 60 prósent til veitingamanna. Í skýrslunni, sem Reynir Ragnarsson

SKIPTING VERÐS Á BJÓRGLAS SEM KOSTAR 600 KRÓNUR Á VEITINGAHÚSI:

| | | |
|--------------------|------------|-----|
| Hluti veitingahúss | 354,20 kr. | 60% |
| Virðisaukaskattur | 118,08 kr. | 20% |
| Áfengisgjald | 68,97 kr. | 11% |
| Innkaupsverð | 36,81 kr. | 6% |
| Álagning | 14,71 kr. | 2% |
| Skilgjald | 7,23 kr. | 1% |

SKIPTING VERÐS Á BJÓRDÓS SEM KOSTAR 159 KRÓNUR Í VÍNBUÐ:

| | | |
|---------------|-----------|-----|
| Áfengisgjald | 68,97kr. | 43% |
| Innkaupsverð | 36,81 kr. | 23% |
| VSK | 31,28 kr. | 20% |
| Álagning ÁTVR | 14,71 kr. | 9% |
| Skilgjald | 7,23 kr. | 5% |

endurskoðandi vann, segir að álagning á áfengi á veitingastöðum sé mjög há miðað við álagningu almennrar vöru og þjónustu.

Reyni var falið að kanna þátt áfengisgjalds, sem er sérstakur skattur á áfengi, í útsöluverði áfengra drykkja. Fram kemur að áfengisgjald á Íslandi er það hæsta í Evrópu en fullt er að það eitt og sér skýri ekki háa verðlagningu áfengis á vínveitingahúsum og bent á álagningu veitingamanna sjálfra því til stuðnings. Áfengisgjald er hins vegar 43 prósent af verði bjórdósar sem keypt er í vínubúð og við fáa aðra að eiga en hið opinbera ef lækka á útsöluverði slíkra vara.

Veitingamenn hafa löngum býsnastrá áfengisgjaldinu þegar hátt verð veiga er gagnrýnt og jafnvel sagt það standa enn meiri vexti ferðaþjónustunnar fyrir þrifum.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, bendir á að þegar menn kaupir sér drykk á veitingahúsi séu þeir ekki aðeins að borga fyrir drykkinn heldur líka umhverfi, þjónustu, tónlist og fleira.

Hún segist líka þekkja þess dæmi að verð á víni hafi ekki hækkad í langan tíma og sumir



ERNA HAUKSDÓTTIR

„Það er ekki hægt að bjóða íslenskum veitingamönnum heimsmet í öllum gjöldum.“

veitingamenn hafi stórlækkað verðið hjá sér. Það geri þeir í þeirri vissu að þeir selji meira ef verðið er lágt. Samkeppnin sé hörd á veitingamarkaðnum.

Erna segist viss um að veitingamenn væru til í að leggja á árarar til að lækka áfengisverð en til að svo megi verða þurfi ríkið að lækka áfengisgjaldið. „Það er ekki hægt að bjóða íslenskum veitingamönnum heimsmet í öllum gjöldum. Áfengisgjaldið er hæst, virðisaukaskatturinn er sá hæsti og að auki þurfa menn að fá 30 leyfi og vottorð til að opna veitingastaði og búa svo við alls kyns óeðlilega samkeppni,“ segir Erna.

bjorn@frettabladid.is



Fjölnota vinnubúðir við Kárahnjúka:

Breytt í sumarhús eða hótél

AKUREYRI Slippstöðin á Akureyri hefur samið við Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars á Akureyri um smíði á vinnubúðum sem settar verða upp við Kárahnjúka í

tengslum við tvö verk sem Slippstöðin vinnur að á virkjunarsvæðinu. Þegar vinnubúðirnar hafa lokið hlutverki sínu við Kárahnjúka er ætlunin að selja þær en

Guðmundur Tulinius, framkvæmdastjóri Slippstöðvarinnar, segir auðvelt að breyta þeim í sumarhús eða lítið hótél.

Vinnubúðirnar verða samtals um 1.000 fermetrar að flatarmáli og byggðar í tveimur áföngum. „Við sjáum fram á mikið framboð á vinnubúðum hér á landi eftir að stórframkvæmdunum á Austurlandi lýkur og því létum við hanna þær þannig að notagildi þeirra yrði sem mest og auðvelt að koma þeim í verð,“ segir Guðmundur.

Fjölga þurfti starfsmönnum á Trésmíðaverkstæði Sveins Heiðars um fimm vegna samningsins en samtals koma 12 manns á vegum trésmíðaverkstæðisins að þessu verkefni á næstu sjö mánuðum. Vinnubúðirnar samanstanda af íbúðarálum, skrifstofum og tveimur einbýlishúsum.

- lk

25 KÍLÓ AF HASSI SLUPPU Í GEGN Í DETTIFOSSMÁLINU

Heildsali andvaka með átta kíló af amfetamíni falið í sendingu

**Dettifoss-
skjölin**



DV – hefur þú séð DV í dag?



FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS
Sveinn Heiðar Jónsson, Heiðar Jónsson, framkvæmdastjóri Trésmíðaverkstæðis Sveins Heiðars, og Guðmundur Tulinius.



DAGSKRÁIN Í DAG

- 19:30** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri, setur fjórðu Vetrarhátíð í Reykjavík á Skólavörðuholti.
- 19:35** Ljósatónleikar. Hörður Áskelsson, orgelleikari og fjöllistahópurinn Norðan Bál flytja gjörning ljósa og tóna sem leika yfir *Hallgrímskirkju og Skólavörðuholt*.
- 19:30** Ljósablóm á Skólavörðuholti – Götuljós breytast í gullfalleg og björt blóm.
- 19:50** Kyndlaganga frá Skólavörðuholti að Ráðhúsi Reykjavíkur við undirleik Lúðrasveitarinnar Svans.
- 20:00** Félagar í Myndhöggvarafélaginu í Reykjavík sýna myndbandsverk í glugga yfir Ráðhússtjórinni. Sjá sýnendur á www.rvk.is/vetrarhatid. Einnig sýnt á föstudag.
- 20:00** Við bjóðum Vesturfasetrið á Hofsósi velkomið á Vetrarhátíð. Að loknu ávarpi Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, borgarstjóra, hefst vegleg dagskrá þar sem m.a. koma fram Peter John Buchanan, vesturíslenskur tenór, Viðar Hreinsson sagnfræðingur, Anna Sigríður Helgadóttir söngkona og Aðalheiður Þorsteinsdóttir píanóleikari. Einnig verður opnuð sýning um uppbyggingu Vesturfasetursins. *Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargötu.*
- 20:00** Heitt og kalt. Úti er ísilagt Vetrarhásæti Ottós en inni er paradísargarður blómaskreytihópsins Nanus. *Ingólfsnaust, Aðalstræti 2.*
- 20:00** Norðurljós og eldgos. Opnun ljósmyndasýningar eftir Ragnar Th. Sigurðsson, Sigurð Þórarinsson og Garðar Pálsson. Vignir Jóhannsson sýnir ljósaskúlptur. Ari Trausti Guðmundsson segir frá Norðurljósum kl. 20.30 og 21.30. *Yzt, Laugavegi 40.*
- 20:00** Art Nurses kynna Dansinn á Vetrarhátíð. Sýnt í glugga Gallerí Fugls, *Skólavörðustíg 10*. Sýnt alla hátíðina.
- 20:00** Norræna félagið og Kalak, vínafélag Grænlands og Íslands kynna grænenska stemmningu með trommudansara frá Kulusuk. *Óðinsgata 7.*
- 20:30** Hagyrðingakvöld. Fram koma Hákon Aðalsteinsson, Ómar Ragnarsson, Ólína Þorvarðadóttir, Samúel Örn Erlingsson ofl. Stjórnandi Kristján Hreinsson. Einnig verða kynnt tengsl Hiphop-tónlistarstefunnar og íslenskrar rímnagerðar. *Nasa við Austurvöll.*
- 20:30** Dansveisla í lónó. Flamenco, magadans og margt fleira heitt og heillandi frá Kramhúsinu. Sérstakur gestur kvöldsins er trommuleikari frá Sinai eyðimörkinni. *lónó, Vonarstræti 3.*
- 20:30** Fimmtudagsforleikur. Rokkið dunar. Fíkn, We made God o.fl. troða upp. *Hitt húsið, Pósthússtræti 3.*
- 20:30** Bókmenntaganga. Leiðsögumaður er Úlfhildur Dagsdóttir og lesari Ingibjörg Hafliðadóttir. Auk þess mæta Auður Ólafsdóttir og Gerður Kristný og lesa úr bókum sínum. Gangan tekur 60 mín. og er síðasti viðkomustaður veitingastaður. Gangan hefst við *Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15.*
- 21:00** Norðurljós við tjörnina. Gömlu góðu lögin í flutningi Helenu Eyjólfsdóttur, Þorvalds Halldórssonar, Ragnars Bjarnasonar og Önnu Sigríðar Helgadóttur ásamt hljómsveit Carls Möller. *Frikirkjan, Frikirkjuvegi 5.*

MEÐAL DAGSKRÁRATRÍÐA Á MORGUN:

Huldufólk ✨ Grænt og göldrótt ✨ DCS á Íslandi ✨ Vetrarball ✨ Safnanótt

Dagskrá Vetrarhátíðar og kort að hátíðarsvæðinu er að finna á www.rvk.is/vetrarhatid



VAXTALA

ACE SE

VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
9.995

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI


533MHz DDR2

Það nýjasta í dag er DDR2, ný vinnsluminni sem eru 30% hraðvirkari en eldri DDR minni



17" LCD SKJÁR

Ótrúlega nettur skjár, 450:1 í skerpstig og 16ms hraði fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum




16xDVD +/- SKRIFARI

16 +/- Skrifari sem er einnig vandaður geislaskrifari og DVD drif, hugbúnaður fylgir



256MB GEFORCE 6

GeForce6 skjákort með CineFX 3.0, ótrúleg grafík í leiki og enn meiri hraði með PCI-Express




7.1 HÁTALARAKERFI

Mjög öflugt T7700 hátalarakerfi frá Creative með 7 hátölurum og stóru bassaboxi



SPECIAL EDITION

Ace SE kemur í áltorni með nær hljóðlausum afgjafa, PRO mús, lykilorði og gel músarmottu



| | |
|---------------------|---|
| Örgjörvi | 3.4GHz Intel P4 550 Prescott Með 1MB flýminni og 800FSB+HT |
| Vinnsluminni | 512MB Corsair DDR2 533 |
| Harðdiskur | 533MHz minni með lífstíðarábyrgð 200GB Serial ATA150 - 8MB |
| Skjákort | WD 7200RPM SE með 8MB buffer 256MB DDR GeForce NX6600 |
| Skjár | PCI-Express, 500MHz minni, TV-út 17" LCD Acer (1711s) |
| DVDskrifari | Skarpur og skýr, silfurlitur 16xDVD +/- /DL skrifari |
| Hljóðkort | Les og skrifar DVD og CD diska Dolby Digital 7.1 hljóð |
| Hátalarar | Frábært í leiki og bíómyndir 7.1 Creative hátalarakerfi |
| Netkort | 7 hátalarar og risa bassabox 10/100/1000 netkort |
| Stýrikerfi | Innbyggjt Gigabit netkort Windows XP Home |

Á íslensku eða ensku, þitt er valið

VERÐ 179.900

www.tolvulistinn.is

ACE K7 AMD 2500

VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
7.327

2500+ Amd Sempron örgjörvi • 512MB DUAL DDR333 minni
200GB SE harðdiskur með 8MB buffer • 17" LCD Acer skjár
128MB GeForce skjákort • 16xDVD±/DL skrifari
Dolby Digital 5.1 hljóðkort • 2 öflugir hátalarar frá Creative
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 109.900

ACE SPECIAL EDITION

VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
8.993

3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi 1MB cache • 512MB DDR400 minni • 200GB SATA150 harðdiskur • 17" LCD Acer skjár
128MB GeForce FX5500 skjákort • 16xDVD±/DL skrifari
Dolby Digital 5.1 hljóðkort • 2 öflugir Creative hátalarar
10/100 netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

VL15

Internet Security 2005 með vaxtalausri tölvu

VL15 kr. 199

Vönduð Windows XP tölvukennsla á íslensku

VERÐ 2.490

VL18

iP3000 ljósmyndaprentari með vaxtalausri tölvu

VL18 kr. 995

Canon

Canon Lide 20 örpunnur, lítill og nettur borðskanni

VERÐ 6.990

VL18

Stækkun í 19" LCD skjá með vaxtalausri ACE tölvu

VL18 kr. 995

og

INTERNET

Hive

INTERNET

VL15

Sjónvarpskort með vaxtalausri ACE tölvu

VL15 kr. 533

Tilboð gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um breytingar, innsáttarvillur og myndabrengil

TÖLVUR OG FERÐATÖLVUR • LANDSINS M

Tölvulistinn • Nóatúni 17 • 105 Reykjavík • Sími 562 6730 • Tölvulistinn • Glerárgötu 36 •

JUSTI TILBOÐ

ACER 4001

ACER 1.5GHz CENTRINO TRAVELMATE 4001WLMi

INTEL CENTRINO
Intel Centrino Dothan er með 2MB flýtminni og er allt að 30% hraðvirkari en eldri Centrino tækni



BREIÐTJALDSSKJÁR
15.4" WideScreen WXGA skjár með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp



DVD +/- SKRIFARI
Vandaður DVD +/- geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



ATI RADEON 9700
Mobility Radeon 9700 skjákerfið er með sjálfstætt 64MB DDR minni og eitt öflugasta í dag



MJÖG HLJÓÐLÁT
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvur er mun lægðari en eldri ferðatölvur



ALLT AÐ 5 TÍMA
Acer ferðatölvur er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhláðan í allt að 5 tíma



| | |
|---------------------|--|
| Örgjörvi | 1.5 GHz Pentium M Dothan715 |
| Vinnsluminni | Intel Centrino er með 2MB cache |
| Harðdiskur | 512MB 333MHz DDR |
| | Stækkanlegt í 1GB |
| Skjákerfi | 60GB Ultra ATA100 |
| | 4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| Skjár | 64MB Mobility Radeon 9700 |
| | Sérhannað fyrir ferðatölvur |
| DVD Skrifari | 15" WXGA breiðtjaldsskjár |
| | 1280x800dpi og TV-út tengi |
| Hátalarar | DVD +/- RW geislaskrifari |
| | Les og skrifar DVD og CD diska |
| Netkort | Hljóðkerfi með 2 hátölurum |
| | Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Práðlaust | 10/100 base netkort |
| | Einnig 56K módem innbyggt |
| Stýrikerfi | 54Mbps þráðlaust netkort |
| | Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| Tengi | Windows XP Home |
| | Á íslensku eða ensku |
| | 3xUSB2, FireWire, TV-út, Parallel, VGA, PCMCIA, ofl. |

VL15
Vaxtalaust í 15 mánuði
9.860

VERÐ 147.900

TRAVELMATE 2301LMI!



TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
5.995



1.3Ghz Mobile Intel Celeron M - Centrino örgjörvi 512K 256 MB minni • 40 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB skjákerfi m/TV Out Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort • 10/100 netkort Aðeins 2.9Kg • Windows XP PRO á íslensku eða ensku

VERÐ 107.900

TRAVELMATE 4000LMI!



TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ



VL18
Vaxtalaust í 18 mánuði
7.495

1.4 GHz Intel Pentium M - Centrino Dothan með 2MB cache 512 MB DDR333 minni • 60 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari • 15" TFT XGA skjár 1024x768dpi • 64MB ATI Mobility Radeon 9700 skjákerfi m/TV-Out • Innbyggt þráðlaust 54Mbps 802.11g netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku

VERÐ 134.900

VL18
Logitech ferðatölvumús með vaxtalausrí Acer tölvu
VL18 kr. 155

VL15
4porta USB2 mini hub með vaxtalausrí tölvu
VL15 kr. 199

VERÐ 4.990
Kensington ferðatölvulús með 3ja hjóla talnalykli

VERÐ 5.990
Léttur og nettur bakpoki fyrir ferðatölvur frá HP

VL15 kr. 199
Traxdata 11 in 1 Mediabay með vaxtalausrí tölvu

VL18 kr. 995
Microsoft Office 2003 pakki með vaxtalausrí tölvu

VL18 kr. 2.605
19" Hansol LCD skjár með vaxtalausrí ACER tölvu

VL18 kr. 222
256MB USB2 minnislykill með vaxtalausrí tölvu

ESTA ÚRVAL
00 Akureyri • Sími 464 7400



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við 15 eða 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bæst við heildarupphæðina sem dreifist jafnt yfir samningsstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR



SPURT & SVARAÐ

VEGAMÁL Á VESTFJÖRÐUM

Jarðganga er þörf

Vestfirðingar vilja vegbætur sem fyrst. Ef vel á að vera telja þeir að grafa þyrfti fern jarðgöng og brúa nokkra firði.

Guðni Geir Jóhannesson er formaður Fjórðungs-sambands Vestfirðinga.

Hvað er brýnast? Það er mjög brýnt að tengja saman Vesturbýggð og Ísafjarðarbæ, vegna þess að samlegðaráhrifin af því að hér komist fólk á milli eru umtalsverð. Til að þetta yrði nú eins og hjá mönnum þyrfti að bora í gegnum Dynjandisheiðina auk Hrafnseyrarheiðarinnar sem þegar hefur verið lokað.

Hvað með göng á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar? Það lít ég á sem sérverkefni sem er mjög þarft. Það er verið að tala um Ísafjarðarbæ sem byggðakjarna og sameiningu sveitarfélaga. Við búum við það að hér er snjóflóða- og grjóthrunshætta á þessum vegum. Á árinu 2005 vilja menn hafa almennilegar samgöngur.

Er sanngjarnt að svo fámennur landshluti fái jafn dýr mannvirkni? Ég get skilið þennan málflutning en ef menn ætla sér að byggja landið í heild sinni verða þeir að leggja yfir það hvernig þeir ætla að bæta samgöngur. Ég held að höfuðborgarbúar létu ekki bjóða sér svona samgöngur. ■



GUÐNI GEIR JÓHANNESSON

Þjóðleikhúsið var formlega tekið í notkun árið 1950, þegar 25 ár voru liðin frá því að Guðjón Samúelsson teiknaði húsið. Grunnurinn að húsinu var tekinn árið 1929 og tók því 31 ár að byggja húsið. Enn fleiri ár voru liðin frá því að fyrstu hugmyndir að þjóðleikhúsi komu fram. Fyrstu heimildir um að slíki hugmynd sé varpað fram má finna í sendibréfi sem Indriði Einarsson skrifaði Sigurði Guðmundssyni árið 1873. Árið 1907 birtir Indriði svo hugmyndir sínar í Skírni, með hugmyndum um stærð hússins og kostnaðarútreikningum. Árið 1990 var svo ráðist í endurbætur á framhúsinu, þar sem áhorfendasalurinn og áhorfendarymin í framhúsinu voru tekið í gegn. Enn á eftir að ráðast í endurbætur á aðstöðu leikara, auk þess sem svartar fótur hanga í svörtu lofti Smíðaverkstæðis-



FBL GREINING: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Illa farið og hriplekt

ins, til að grípa regndropa sem annars myndu falla á gesti og leikara. Að sögn aðstandenda hússins er það hriplekt. Í október sagði Stefán Baldursson, þáverandi þjóðleikstjóri, að það væri forgangsverkefni að gera við ytri klæðningu á húsinu, sem væri illa farið af skemmdum. Árið 2003 hefði verið farið í það að slá lauslega úr ytri klæðningu til að koma í veg fyrir að brot úr henni hryndu niður á vegfarendur.

Tveir fyrrverandi menntamálaráðherrar lýstu því yfir að þegar endurbótum á þjóðmenningahúsi og Þjóðminjasafni væri lokið yrði farið í endurbætur á þjóðleikhúsinu. Vonaði fyrrverandi þjóðleikstjóri að kostnaður við viðgerðir kæmi af fjárlögum, þar sem leikhúsið sjálft ætti ekki slíka peninga. Ekki er gert ráð fyrir endurbótum á húsinu á núverandi fjárlögum.

Blóði drifin saga sundurleittrar þjóðar

Morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsætisráðherra Líbanon, hefur beint sjónum manna af afskiptum Sýrlendinga af málefnum þessarar stríðshrjáðu þjóðar. Ahrif þeirra á þarlend stjórnmál eru flókin og eiga sér langa sögu.



Libanskir stjórnarhermenn skjóta á uppreisnarmenn í Beirút í júní 1958

1958: Sex mánaða löng borgarastyrjöld á milli múslima og sósialista sem voru hliðhollir Nasser Egyptalandsforseta.

1969: Libönsk stjórnvöld heimila palestínskum skæruiliðum að setja upp bækistöðvar í suðurhluta landsins og ráðast þaðan gegn Ísraelsmönnum.

1976: Friðargæslulið arabaríkjana með Sýrlendinga í fararbroddi reynir að sætta stríðandi fylkingar. Sendiherra Bandaríkjanna ráðinn af dögum.



Ariel Sharon, þáverandi varnarmálaráðherra Ísraels, nálgast úthverfi Beirút í skriðdreka sínum í júní 1982.

1982: Ísraelsher ræðst inn í Líbanon. Bashir Gemayel, tilvönandi forseti landsins og leiðtogi falangista, biður bana í sprengjutilfari. Herdeildir falangista stráfella hundruð Palestínumanna í flóttamannabúðum.


1989: Friðarviðræður hefjast og ári síðar lýkur 15 ára langri borgarastyrjöld sem kostaði 150.000 mannlíf. Rene Mouawad, tilvönandi forseti, er myrtur í bilsprennguárás og Elias Hrawi tekur við forsetaembættinu.



Vettvangur sprengjuárásarinnar gegn Rafik Hariri, 14. febrúar 2005.

2000: Ísraelsmenn draga herlið sitt til baka frá Suður-Líbanon.

2005: Rafik Hariri lætur lífið í bilsprennguárás í Beirút.



Libanskir unglingar fagna sýrlenskum hersveitum þegar þær koma til Beirút og freista þess að binda enda á borgarastyrjöldina í nóvember 1976.



MÍÐ-AUSTURLÖND Líbanon er sannkallaður suðupottur ólíkra trúarhópa. Þar búa ýmsir kristnir trúarhópar, en maronítar eru þeirra fjölmennastir, súnnaír, sjár og drúsar, sem raunar eru náskyldir sjúum. Framan af tuttugustu öld lifðu íbúar landsins í sátt og samlyndi og var Beirút til dæmis kölluð París Mið-Austurlanda vegna þess að borgin var miðstöð fjármála og viðskipta á svæðinu.

Á áttunda áratugnum fór hins vegar að síga á ógæfuhliðina, meðal annars af því að hundruð þúsunda Palestínumanna höfðu flúið til landsins. Þegar þeir tóku að skipuleggja skæruhernað þaðan gegn Ísraelum tóku þeir síðarnefndu að styðja falangista, flokk maroníta, til hernaðaraðgerða. Sýrlendingar, sem misst höfðu Gólanhæðir til Ísraelsmanna í sex daga stríðinu 1967, gripu tækifærið til að kleggja á Ísraelsmönnum og aðstoðuðu því trúbræður sína í Líbanon. Átökin mögnuðust upp um allan helming árið 1982 þegar Ísraelsmenn réðust inn í Líbanon og Íranar hófu stuðning við Hizbollah-samtökin. Talið er að 150.000 manns hafi týnt lífi í borgarastyrjöldinni.

Árið 1989 samþykktu stríðandi fylkingar að setjast að samningaborðinu. Þá var hin sérstaka stjórnskipan landsins fest enn betur í sessi en hún kveður á

um skiptingu þingsæta eftir trúarhópum. Forsetinn kemur alltaf úr röðum maroníta, forsætisráðherrann er súnnaír og forseti þingsins sjí.

Sýrlendingar tóku að sér að varðveita friðinn í Líbanon og því hafa þeir haldið þar úti fjölmennu herliði. Þeir hafa ekki lát-ið þar við sitja heldur hafa vélað um stjórn málaþróun landsins með því að koma stjórnmalá-mönnum hliðhollum sér til valda, til dæmis Emile Lahoud, núverandi forseta. Þessu til viðbótar hafa ráðamenn í Damaskus stutt ýmis samtök á svæðinu, eins og Hizbollah, sem berjast gegn ísraelskum stjórnvöldum og bandamönnum þeirra.

Síðastliðið haust samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun þar sem skorað var á Sýrlendinga að kalla 14.000 manna herlið sitt frá Líbanon og libönsk stjórnvöld hvött til að virða eigin stjórnarskrá og efna til forsetakosninga. Þessi ályktun var að engu höfð, herlið Sýrlendinga er enn í Líbanon og libanska þingið breytti stjórnarskránni til að heimila Lahoud að sitja þrjú ár í viðbót – eftir þrýsting frá Sýrlendingum. Því ákvað Rafik Hariri, sem lengi hafði haft efasemdir um áhrif Sýrlendinga á þjóðmálin, að segja af sér forsætisráðherraembætti.

sveinng@frettabladid.is

AÐALFUNDUR CCP hf.

Aðalfundur CCP hf. kt. 450697-3469, verður haldinn fimmtudaginn 3. mars 2005 kl. 17.00 á Nordica Hótel, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundarstörf skv. gr. 4.07 samþykktu félagsins. Endanleg fundargögn, þ.m.t. endanlegar tillögur, ársreikningur, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda verða lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félags viku fyrir fundinn.

Reykjavík, 17. febrúar 2005

Stjórn CCP hf.





ÍSLENSKA ÁRGEISINGARSTOFAN/STJÓLA/14/14/07169 - 02/2005

Tosca

á sviði Íslensku óperunnar

Óperan **Tosca** er ein allra vinsælasta ópera Puccinis. Nú fáum við tækifæri til að njóta hennar í Íslensku óperunni. Í tvísöng elskendanna, söngkonunnar **Toscu** og malarans Cavaradossi, togast ljóðræn fegurð á við hörku lögreglufoingjans Scarpia, sem reynir að ná ástum **Toscu** með brögðum.

- 3. sýning föstudaginn 18. febrúar kl. 20 – uppselt
- 4. sýning sunnudaginn 20. febrúar kl. 19 – uppselt
- 5. sýning föstudaginn 25. febrúar kl. 20 – örfá sæti laus
- 6. sýning sunnudaginn 27. febrúar kl. 19 – örfá sæti laus
- 7. sýning föstudaginn 4. mars kl. 20 – örfá sæti laus
- 8. sýning sunnudaginn 6. mars kl. 19 – örfá sæti laus
- 9. sýning laugardaginn 12. mars kl. 19 – örfá sæti laus

Tosca: Elín Ósk Óskarsdóttir.
Cavaradossi: Jóhann Friðgeir Valdimarsson.
Scarpia: Ólafur Kjartan Sigurðarson.
Angelotti: Bergþór Pálsson.
Spoletta: Snorri Wium.
Kirkjuvörðurinn: Davíð Ólafsson.
Hljómsveitarstjóri: Kurt Kopecky.
Leikstjóri: Jamie Hayes.



Íslenska óperan
 Miðasala á netinu: www.opera.is
 Sími miðasölu: 511 4200

Landsbankinn, stoltur bakhjarl Íslensku óperunnar, óskar óperugestum góðrar skemmtunar.

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

Konur í stjórnnum auka hagnað fyrirtækja

UMRÆÐAN
KONUR OG
REKSTUR



ÁSTA MÖLLER

„Fleiri konur í stjórnnum fyrirtækja ætti ekki að vera hluti af pólitískri rétthugsun heldur er það nauðsynleg ráðstöfun til að auka hagnað fyrirtækja.“ Þessi setning er höfð eftir Eivind Reiten, forstjóra Norsk Hydro, á blaðamannafundi í Osló sl. haust þegar rætt var um hlut kvenna í stjórnun fyrirtækja. Jafnframt bætti hann við að fyrirtækin

þyrftu á starfsmönnum að halda með ólíkan bakgrunn og þekkingu. Ýmsar rannsóknir benda til þess að fjölbreytni í samsetningu æðstu stjórnenda fyrirtækja, þar á meðal aukið hlutfall kvenna, bæti stjórnunarhætti og árangur þeirra. Árangur fyrirtækja á markaði er m.a. mældur í hagnaði og markaðshlutdeild. Með hliðsjón af orðum framangreinds forstjóra og niðurstöðum rannsókna ætti íslenskum fyrirtækjum ekki að vera skotasuld úr því að verða við áskorunum kvenna í atvinnulífinu að auka hlut þeirra í stjórnun fyrirtækja og lífeyrissjóða.

Því hefur verið haldið fram að íslenskar konur séu vel menntaðar, sterkar og framtakssamar. Við

höfum státað okkur af því að vera fremst meðal þjóða í ýmsum þáttum jafnréttismála eins og t.d. að fleiri konur en karlar eru í háskólánámi; hvergi er hærra hlutfall kvenna á vinnumarkaði; við kusum fyrstu konuna til forseta í lýðræðislegum kosningum og við erum fremst meðal þjóða þegar réttur karla til fæðingarorlofs er annars vegar. Á hinn bóginn stöndum við eins og skussar meðal vestrænna þjóða þegar staða kvenna í atvinnulífinu er skoðuð. Það eru 15 konur af 246 stjórnarmönnum í 50 stærstu hlutafélögum landsins (6%); 7 konur af 68 stjórnarmönnum í 10 stærstu lífeyrissjóðum landsins (10%) og af þeim er ein kona formaður stjórnar. Í stjórnnum

aðildarfélag Samtaka atvinnulífsins eru konur einungis 5 af 69 stjórnarmönnum eða 7%. Konur eru framkvæmdastjórnar 18% fyrirtækja í hlutafélagaskrá, en í 300 stærstu fyrirtækjum landsins eru níu konur forstjórnar, sem samsvarar þremur prósentum.

Hvers vegna hefur íslenskt atvinnulíf ekki nýtt þekkingu og reynslu kvenna í stjórnun fyrirtækja í meira mæli, ef það beinlínis bætir hag fyrirtækisins? Við því er ekkert einhlítt svar og skýringa sjálfsagt að leita á ýmsum sviðum.

Við hljótum hins vegar að lofa áskorun kvenna í atvinnulífinu sem var sett fram af látleysi og með hárréttri tímasetningu, með hliðsjón af því að aðalfundur og kosn-

ingar í stjórnir hlutafélaga og lífeyrissjóða eru framundan. Nú er að sjá hvort fyrirtækin og lífeyrissjóðirnir í landinu reki af sér slyðruoröð og fjölgi konum í æðstu stjórnun þeirra. Þegar haft er í huga fullyrðing forstjóra Norsk Hydro og niðurstöður fjölmargra erlendra rannsókna um að konur í stjórnun fyrirtækja auki hagnað þeirra, verður ekki séð að íslensk fyrirtæki, sem mörg eru í fararbroddi erlendra framrásar, komist hjá því að verða við áskoruninni. Gagnvart hagsmunum hlutahafa fyrirtækja og umbjóðenda lífeyrissjóða er önnur niðurstaða ekki réttlætunleg.

Höfundur er varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Mótmæli 19. mars

Það eru að verða tvö ár síðan Bandaríkjamenn og Bretar réðust inn í Írak í trássi við alþjóðalög og heimildir Sameinuðu þjóðanna með opinberum stuðningi þrjátíu af nærri tvö hundruð ríkjum heims. Víðast hvar sýndu skoðanakannanir að mikill meirihluti fólks væri á móti þessum aðgerðum og aldrei í sögunni hafa önnur eins mótmæli verið, ekki einu sinni þegar þau risu hæst á tímum Vítetnamstríðsins. Og þessi tvö ár hafa verið skelfileg ár í Írak, þar sem íbúarnir eru þó ýmsu vanir. Tugir þúsunda óbreyttra borgara í Írak hafa látið lífið, jafnvel yfir 100 þúsund manns og á annað þúsund lífum ungra Bandaríkjamanna hefur verið fórnnað. Enn fleiri eru særðir, margir örkumla fyrir lífstíð. „Við urðum að koma þessum manni frá,“ segja halldórararnir og daviðarnir þegar öll önnur rök eru fallin. Við vissum það öll, þessar milljónir, tugir milljóna óbreyttra borgara sem fórum út á strætin í janúar og febrúar 2003 að það var engin geryðingarpögn að finna í Írak, og okkur var aldrei sagt að aðalatriðið væri að koma Saddam Hussein frá völdum enda hefðum við ekki heldur samþykkt þau rök. Því að við vissum það öll að það er mikla olú að finna í Írak. Og virt samtök og stofnanir, þ.a.m. Sameinuðu þjóðirnar spáðu miklu mannfalli og hörmungum og að þetta stríð mundi standa lengi. Þessar spár hafa meira og minna gengið eftir. Allt þetta átta halldórararnir og daviðarnir, sem auðsveipir fylgdu Bush og Blair, að vita. Þess vegna eru þeir ábyrgir, það þýðir ekkert að setja upp sauðslegan sakleysissvip. Þeir bera sína ábyrgð á dauða og limlestingum tuga ef ekki hundraða þúsunda óbreyttra borgara í Írak allt frá börnum upp í gamalmenni. Sú ábyrgð verður ekki frá þeim tekin. Hreyfingin sem varð til gegn stríðinu er í fullu fjöri. Helgina 19. til 20. mars verður efnt til mótmæla gegn Íraksstríðinu um allan heim (sjá www.march19th.org) en þá verða tvö ár liðin frá því það hófst. Væntanlega verður líka mótmælt stríðinu gegn Palestínu og stríði og hernaðarhyggju almennt. Í Reykjavík verða væntanlega einhverjar aðgerðir laugardaginn 19. mars og hugsanlega víðar á landinu. Og þá er mikilvægt að allir sem vettlingi geta valdið komi út á göturnar og láti í sér heyra. Skráið þennan dag hjá ykkur – 19. mars eftir hádegi: mótmælaaðgerðir. ■



EINAR ÓLAFSSON

HAFÐU ALLT A HREINU!!!

...fyrir heimilisbókhaldið og skattskýrsluna

ALLTAF ÓDÝRARI



Verð áður: 19.900

10.900



Verð áður: 1.190

690

Skrifanlegir CD diskar 20stk



Verð áður: 229

149

Bréfabindi 7cm, margir litir



Verð áður: 8.990

4.990

CITIZEN CX-185 Borðreiknivél með strimli



Verð áður: 790

499

Heimilisbókhaldsmappa með milliblöðum sem auðveldar flokkun gagna fyrir skattskýrslugerðina



Verð áður: 1.299

599

Hólfamappa m/teygju



Verð áður: 275

149

Gatari D10, 3 litir

Hjá okkur eru næg bílastæði og gott aðgengi



Skeifunni 11d Sími 533 1010

Opið virka daga 10-18 Laugardaga 10-14

Tilboðin gilda frá 17-23. febrúar eða á meðan birgðir endast.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF] Peningaskápurinn...

ICEX-15 3.883 +0,69%

Fjöldi viðskipta: 289
Velta: 2.983 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Kögun 2,74%
Flugleiðir 2,17%
Og fjarskipti 2,09%

MESTA LÆKKUN

↓ Atorka -5,51%
HB Grandi -1,27%
Medcare -0,64%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,20 -0,24% ... Atorka 6,00 -5,51% ... Bakkavör 26,90 - ... Burðarás 13,60 -0,37% ... Flugleiðir 14,15 +2,17% ... Íslandsbanki 12,50 +1,63% ... KB banki 533,00 +0,95% ... Kögun 48,80 +2,74% ... Landsbankinn 14,75 +0,34% ... Marel 55,00 - ... Medcare 6,23 -0,64% ... Og fjarskipti 3,91 +2,09% ... Samherji 11,20 - ... Straumur 10,20 - ... Össur 87,50 +1,16%

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Somerfield í kauphugleiðingum

Fréttir berast af því að breska matvörukeðjan Somerfield eigi í viðræðum við bandaríska olíufélagið Texaco um kaup á 140 búðum sem Texaco rekur. Texaco hefur viljað losa sig við búðirnar og einbeita sér að olíuhreinsun og dreifingu eldsneytis. Talið er að verð fyrir búðirnar liggi nálægt tíu milljörðum króna. Stjórn Somerfield tekur ákvörðun um tilboð Baugs í keðjuna í lok vikunnar. Það á svo eftir að koma í ljós hvort Texaco-búðirnar fylgja með í kaupbæti.

Pórarinn Viðar í framboð

Núverandi bankaráðsmenn Íslandsbanka bjóða sig allir fram að nýju og einum betur. Sá sem bankar nú á dyrnar er ekki ókunnur íslensku viðskiptalífi. Það er Pórarinn Viðar Pórarinsson, fyrrverandi forstjóri Símans. Pórarinn er ásamt Úlfari Steindórsyni fulltrúi Straums í kjörinu. Helgi Magnússon býður sig einnig fram, en hann sækir fylgi til lífeýrissjóðanna og Burðaráss. Vandamálið við það bak-

land er að lífeýrissjóðir hafa í auknum mæli ákveðið að blanda sér ekki í baráttu fylkinga við stjórnarkjör í fyrirtækjum. Þá er Burðarás eftir. Ráðandi öfl í Íslandsbanka telja að Burðarás verði hikandi við að beita sér fyrir Helga, þar sem Fjármálaeftirlitið fylgist grannt með því hvernig eigendur Landsbankans, sem jafnframt ráða för í Burðarás, muni beita atkvæðarétti sínum. Falli hann allur á Helga renni það stöðum undir hugmyndir eftirlitsins um að framvirkir samningar Landsbankans við Helga hafi verið mála-myndagjörningur.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Matsfyrirtækið **Standard & Poor's** hefur staðfest að **Íbúðalánasjóður** hafi sama lánshæfismat og ríkissjóður.

Hagnaður **Frjálsa fjárfestingarbankans** var 511 milljónir í fyrra. Árið 2003 var hagnaðurinn 539 milljónir.

Hampiðjan keypti í gær sex milljón hluti í **HB Grandi**. Kaupin fóru fram á genginu 7,885. Þrjú stjórnarmenn í **Grandi** eru einnig í stjórn **Hampiðjunnar**, þeir **Árni Vilhjálmsson**, **Bragi Hannesson** og **Kristján Loftsson**.

Hagnaður bílaumboðsins **Heklu** var 80,7 milljónir króna í fyrra. Árið 2003 var hagnaðurinn 11,4 milljónir.

Frumkvæði, færni, forysta

Kynningarfundur fyrir konur um MBA nám í Háskóla Íslands **sunnudaginn, 20. febrúar 2005, kl. 13.30** í Námunni, húsi Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, 107 Reykjavík.



Árelia



Áslaug



Guðrún



Guðlaug



Margrét

Í tilefni af konudeginum er konum boðið að koma og fræðast um MBA námið í Háskóla Íslands. MBA nám er árangursríkur og hagkvæmur kostur fyrir alla þá sem vilja efla sig, öðlast ný tækifæri á vinnumarkaði og búa sig undir krefjandi stjórnunarstörf. MBA nám sem gefur konum ný sóknarfæri. Næsti hópur mun hefja nám haustið 2005.

Fimm konur segja þér frá reynslu sinni af MBA náminu:

- **Árelia Eyðis Guðmundsdóttir**, lektor í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.
- **Áslaug Maack Pétursdóttir**, verkefnastjóri MBA námsins.
- **Guðrún S. Eyjólfssdóttir**, MBA, framkvæmdastjóri gæðamála hjá Actavis Group.
- **Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir**, MBA, verðandi hjúkrunarforstjóri St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.
- **Margrét Bóasdóttir**, MBA nemi, starfar við Söngskólann í Reykjavík.

Fundarstjóri: **Áshildur Bragadóttir**, verkefnastjóri í viðskipta- og hagfræðideild HÍ.

Allar konur velkomnar
Kaffiveitingar

www.mba.is

V

Viðskipta- og hagfræðideild
Háskóla Íslands



SAMHENTIR STJÓRNENDUR Hannes Smáráson, Jón Karl Ólafsson, Ragnhildur Geirsdóttir og Sigurður Helgason á fundi með starfsmönnum í gær.

Ragnhildur verður forstjóri Flugleiða

Ragnhildur Geirsdóttir og Jón Karl Ólafsson taka við af Sigurði Helgasyni sem helstu stjórnendur Flugleiða.

Ragnhildur Geirsdóttir hefur verið ráðin forstjóri Flugleiða og Jón Karl Ólafsson hefur verið ráðinn forstjóri Icelandair.

Jón Karl og Ragnhildur taka þegar til starfa og starfa við hlið Sigurðar Helgasonar þar til hann lætur af störfum 1. júní næstkomandi. Breytingarnar voru tilkynntar á fjölmennum starfsmannafundi sem haldinn var á Hótel Loftleiðum í gær. Hannes Smáráson, stjórnarformaður félagsins, kynnti nýja stjórnendur. Stjórn félagsins hafði gengið frá ráðningunum á fundi skömmu fyrir starfsmannafundinn en að sögn Hannesar hefur töluverð

vinna farið í það verkefni að finna nýja stjórnendur fyrir félagið.

Jón Karl og Ragnhildur hafa bæði verið orðuð við frekari frama innan Flugleiða en Ragnhildur hefur undanfarin ár starfað sem forstöðumaður rekstrarstýringardeilda. Jón Karl hefur starfað hjá Flugleiðum síðan 1984 og hefur frá 1999 gegnt starfi framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands.

Í fréttatilkynningu er haft eftir Hannesi Smárasyni að Ragnhildur hafi að undanfönu unnið náði með forstjóra við breytingar á leiðakerfi Icelandair og að þær breytingar hafi gjörbreytt afkomu félagsins.

Tilkynnt verður um frekari breytingar á stjórnskipulagi Flugleiða á aðalfundi félagsins þann 10. mars næstkomandi. - þk

DAGSKRÁ FIMMTUDAGINN 17. FEBRÚAR

7:00
GÓÐAN DAG SIGURÐUR G. TÓMASSON
Kemur þjóðinni á fætur með fréttum og spjalli. Gissur Sigurðsson flytur fréttir á 15 mínútna fresti.

9:00
DAGMÁL ODDS ÁSTRÁÐSSONAR OG RAGNHEIDAR GYÐU JÓNSDÓTTUR
Lífið í landinu, menning, listir, fróðleikur og viðtöl. Fréttir á 30 mínútna fresti.

12:00
FRÉTTIR FRÁ FRÉTTASTOFUNNI HÁDEGISÚTVARPIÐ
Í umsjón Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.

13:00
HRAFNAPING
Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Fréttir kl. 13:30 og 14:00.

14:00
MANNLEGI ÞÁTTURINN
Í umsjón Ásdísar Olsen. Fréttir kl. 15:00.

15:00
ALLT & SUMT MED HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Dægurmálaþáttur. Fréttir á 30 mínútna fresti.

18:00
Á KASSANUM
Yfirlit dagsins með Illuga Jökulssyni.

18:30
FRÉTTIR OG ÍSLAND Í DAG

19:30 Góðan dag (e) | 21:00 Dagmál (e) | 23:30 Hádegisútlit (e) | 00:10 Hrafnaping (e) | 01:00 Mannlegi þátturinn (e) | 01:55 Allt & sumt (e) | 04:20 Á kassanum (e) | 04:50 Dagmál (e)

Talstöðin
FM 90,9

ÞU HEYRIR ÞAD STRAX
Hlustaðu á visir.is



Konur í stjórnnum fyrirtækja

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

KATRÍN ÓLAFSDÓTTIR

Raunar er þessi fyrisögn röng því við vitum að víðast eru engar konur í stjórnnum fyrirtækja. Í fyrra voru aðeins tvær konur í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Hlutfall kvenna í stjórnnum skráðra fyrirtækja á Íslandi er því innan við 5 prósent. Þetta hlutfall er heldur hærra á hinum Norðurlöndunum, frá 15 prósentum í Danmörku og Finnlandi og upp í 25 prósent í Noregi. Hvers vegna eru svona fáar konur í stjórnnum fyrirtækja? Ein skýring er eflaust sú að það eru mun færri konur í viðskiptalífnum en karlar. En sú skýring dugur aðeins til að skýra hvers vegna hlutfall kvenna í stjórnnum er undir 50 prósentum. Hún dugur

ekki til að skýra hvers vegna hlutfall þeirra er undir 5 prósentum, þar sem þáttur kvenna í viðskiptalífnum er án efa meiri en það. Í viðskiptanámi eru nú fleiri konur en karlar, svo ef taka ætti mið af þátttöku kvenna í viðskiptalífnum í framtíðinni væri hlutfallið allt annað. Hvað eiga að vera margar konur í stjórnnum fyrirtækja? Þeirri spurningu er ómögulegt að svara. Auðvitað eiga eigendur fyrirtækja að hafa frelsi til að velja þá sem þeir telja bestfallna til setu í stjórnnum sinna fyrirtækja, óháð kyni. Spurningin er því hvers vegna velja þeir nær eingöngu karlmenn. Ég tel það vera vegna þess hvernig þeir leita. Flestir þeirra sem eiga fyrirtæki eru karlmenn og þeir leita fyrst í hópi annarra karla og hugsa síðast til þess að bæta við eins og einni konu. Með þessari aðferð er ekki hægt að

tryggja að besta mögulega stjórn sé valin. Hvert er hlutverk stjórna fyrirtækja? Væntanlega að halda velgengni fyrirtækisins í hámarki. Til þess að standa sig í því hlutverki er nauðsynlegt að í stjórnnum sitji hæfir einstaklingar með þekkingu á starfsemi fyrirtækisins og markaðarins. En það er ekki nóg, heldur þurfa einstaklingarnir innan stjórnarinnar að hafa sem fjölbreyttastan bakgrunn til að tryggja að öllum sjónarmiðum séu gerð skil og tryggja að sem flestar hugmyndir komi fram og fái málefnalega umræðu innan hópsins. Eina leiðin til að tryggja að hæfustu einstaklingarnir veljist til starfsins er að velja þá úr safni allra mögulegra einstaklinga. Það hljómar fáránlega að velja stjórnarmenn úr hópi rauðhæðra karlanna.



Í fyrra voru aðeins tvær konur í stjórnnum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í Kauphöll Íslands. Hlutfall kvenna í stjórnnum skráðra fyrirtækja á Íslandi er því innan við 5 prósent.

Það er jafnfáránlegt að velja stjórnarmenn aðeins úr hópi karla. Reyndar fáránlegra þar sem allir vita að karlar hugsa öðruvísi en konur og besta leiðin til að fá fram viðhorf beggja er að hafa

bæði konur og karla í stjórnnum. Aðeins með því að velja úr hópi allra einstaklinga er tryggt að besta stjórnin sé valin og þar með að möguleikar á velgengni fyrirtækisins haldist í hámarki. ■



MARKAÐIR LÆKKA Verðbréf í Japan lækkuðu í gær enda sýna haggtölur að kreppa er enn í hagkerfinu.

Enn kreppa í Japan

Nýjar haggtölur frá yfirvöldum í Japan benda til þess að hagkerfið sé ennþá í kreppu. Umsvif í hagkerfinu drógust saman um 0,1 prósent á síðasta ársfjórðungi í fyrra.

Hagvöxtur í Japan hefur nú verið neikvæður þrjú ársfjórðunga í röð. Tíðindin urðu til þess að hlutabréf lækkuðu lítillega í kauphöllinni í Tókýó en sérfræðingar segja þó að almenn bjartsýni ríki um að viðsnúningur muni eiga sér stað á þessu ári.

Máli sínu til stuðnings benda bjartsýnismenn á tölur um nýjar pantanir véla í verksmiðjur en aukning þar bendir til þess að stjórnendur búi sig undir aukna eftirspurn, sem gæti ýtt úr vör auknum hagvexti. ■

Berst gegn gjaldþroti

Dómsmeðferð er hafin í Houston vegna beiðnar Yukos um vernd gegn kröfuhöfum. Fyrirtækið höfðaði málið í desember til að verjast nauðungaruppboði á stórum hluta eigna þess.

Alls er óvíst hvort málaferlin í Houston hafi nokkur áhrif á örlög Yukos en fyrirtækið rambar nú á barmi gjaldþrots vegna svimandi hárra krafna sem ríkið hefur gert um skattgreiðslur. ■

Meiri gróði Coca-Cola

Hagnaður af rekstri Coca Cola jókst um þrjátíu prósent á síðasta ársfjórðungi í fyrra miðað við árið 2003. Hagnaðurinn nam 1,2 milljörðum Bandaríkjadala – sem samsvarar ríflega sjöftu milljörðum íslenskra króna.

Hagnaðurinn er meiri en greiningardeildir í Bandaríkjunum höfðu gert ráð fyrir en forsvarsmenn fyrirtækisins voru samt sem áður ekki alls kostar sáttir við niðurstöðuna. Neville Isdell, forstjóri fyrirtækisins, telur að fyrirtækið geti bætt reksturinn verulega og hefur lýst vonbrigðum með reksturinn í fyrra. ■



Ráðstefna haldin í tilefni 100 ára afmælis togaraútgerðar á Íslandi

FISKURINN & FRAMTÍÐIN

Föstudaginn 4. mars 2005 á Nordica Hotel

- 13:00 Innritun
- 13:30 Ávarp
Árni M. Mathiesen sjávarútvegsráðherra
- 13:45 Lærdómur sögunnar
Jakob F. Ásgeirsson rithöfundur
- 14:10 Og hvað svo?
Elvar Aðalsteinsson framkvæmdastjóri
- 14:30 Að verða fær í flestan sjó
Porsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja
- 14:50 Sjávarfang að kröfum neytenda
Sjófn Sigurgísladóttir, forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins (RF)
- 15:10 Kaffihlé

- 15:40 The Buying and Marketing Strategy for Fish in Waitrose
Quentin Clark, innkaupastjóri Waitrose Co., Bretlandi
- 16:00 Future Sales and Supply of Seafood in the U.S.
Magnús Gústafsson, forstjóri Icelandic USA Inc.
- 16:20 European Consumer Trends and the Seafood Opportunities
Johann Lindenberg, stjórnarformaður Unilever, Þýsklandi
- 16:40 Pallborðsumræður
Stjórnandi: Erla Guðrúnardóttir, framkvæmdastjóri Marz sjávarafurða
- 17:30 Móttaka í boði sjávarútvegsráðherra
- 18:30 Ráðstefnulok

Ráðstefnustjóri er Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor, Rannvísindadeild Háskóla Íslands

Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 540-8800 eða með tölvupósti á netfangið kom@kom.is



SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTIÐ



| | | |
|----------------|--------|----------|
| Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
| REYKJAVÍK 9.16 | 13.42 | 18.09 |
| AKUREYRI 9.08 | 13.26 | 17.46 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er fimmtudagur 17. febrúar, 48. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Páfuglar eru í buxum með blómum á bossanum!



Smáauglýsingar á 995 kr. [visir.is](http://www.visir.is)

Smáauglýsingar byrja í dag á bls. 8

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað smáauglýsingar á www.visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sölvi keypti þessi jakkaföt í París fyrir nærfellt sex árum. Þau eru úr góðu efni og í miklu uppáhaldi.

Jakkaföt full af minningum

Sölvi Tryggvason, fréttamaður á Stöð 2 og nemi í fjölmiðlafræði við Háskóla Íslands, er ekki í vafa um hvað er ómissandi í fataskápnnum.

„Það er eitt sem poppar strax upp í hugann og það eru jakkaföt nokkur. Þetta eru grá teinótt og útvíð jakkaföt sem ég keypti í París fyrir um sex árum síðan. Ég nota þau enn og það má segja að þau séu það langlífasta í fataskápnnum mínum,“ segir Sölvi og ekki spillti fyrir að jakkafötin voru hræðóðyr. „Ég borgaði bara um 250 franka fyrir.“

„Þessi jakkaföt eru mér efst í huga þegar ég hugsa um uppáhaldsflíkina mína

enda hef ég átt margar góðar stundir í þessum jakkafötum og þau geyma margar góðar minningar. Það er líka ágætt efni í þeim þannig að þau hafa staðist tímans tönn þó að ég noti þau ekkert mjög mikið og aðallega á djammínu,“ segir Sölvi og rifjar upp eina góða minningu í jakkafötunum góðu. „Það er eitt atvik mér sérstaklega minnisstætt þegar ég mætti í jakkafötunum í Viðeyjarferð með sálfræðinemum í Háskólanum. Þar voru allir í lopapeysum og það var vægast sagt horft skringilega á mig,“ segir Sölvi og hlær. „Mér leið illa fyrst en seinna um kvöldið var kominn diskóflíngur í mannskapinn og þá sá ég aldeilis ekki eftir að hafa mætt í jakkafötunum.“ ■

Hurley hannar baðföt

FYRIRSÆTAN OG LEIKKONAN ELIZABETH HURLEY HEFUR SETT Á MARKAÐINN NÝJA BAÐFATALÍNU.

Þessi baðfatalína kemur í kjölfar mikils þyngdartaps Hurley en hún hefur allt í allt lést um 25 kíló á síðustu mánuðum á kúr þar sem lítilla sem engra kaloría er neytt. Hurley sýndi línuna sína í myndatöku í vikunni á karabísku eyjunni St. Barts, en Hurley er einmitt þar í fríi ásamt unnusta sínum, Arun Nayer.

Í baðfatalínunni er fjölbreytt úrval bikiniá í hvítum og rauðum litum en auk þess er að finna í línunni hörbuxur, stórar slæður og serki. Hurley hefur nóg að gera í tísku-bransanum þessa stundina þar sem hún er ennþá með samning við snyrtivörurissann Estée Lauder og hefur víst fengið að ráða ansi miklu þar á bæ.



Elizabeth Hurley finnst gaman að vera léttklædd þessa dagana.

LIGGUR Í LOFTINU

í tísku

Áströlsku bomburnar Kate Blanchett og Kylie Minogue voru báðar krýndar tískudívar á árlegu Elle tískuverðlaununum í London í vikunni. Kate Blanchett, 35 ára, krækti í tvo titla: leikkonan sem alltaf tollir í tísku og kona ársins.

Kate sannaði að hún ætti heiðurinn skilinn með því að mæta á verðlaunahátíðina í svörtum, hlýrausum Christian Lacroix kjól en Kylie, 36 ára, vann heiðursverðlaun og mætti í partiíð í svörtum Chanel kjól og skóm í stíl.

Ofurfyrirsætan Naomi Campbell setti allt úr skorðum á tískuvíkunni í London mándaginn 14. febrúar. Naomi mætti klukkutíma of seint en hún var ein af aðalsýningarstúlkunum á Gharani Strok tískusýningunni. Samkvæmt talsmanni Gharani Strok er Naomi frekar óáreiðanleg. „Hún hefur örugglega vaknað og ákveðið að hún væri ekki í skapi til að vera fyrirsæta þennan daginn,“ segir talsmaðurinn.

Tískulína hins heitna rappara Notorious

B.I.G., Brooklyn Mint, er loksins komin á markað átta árum eftir dauða rapparans. Það er annar rappari, Jay-Z, sem hefur unnið hörðum höndum af því að koma línunni í sölu. Bolir úr línunni voru fyrst sýndir á Magic tískuráðstefnunni í Las Vegas mánudaginn 14. febrúar og munu verða seldir í verslunum vestan hafs 9. mars sem er dagurinn sem rapparinn dó.



Rapparinn Missy Elliot stendur í

ströngu í vörumerkjabarátta við Margréti Danadrottningu þessa dagana. Drottningin hefur kvartað að lögó Missy á nýju fatalínunni sinni, Respect ME, sé of líkt konunglega fangamarkinu. Anne Putz, talsmaður Adidas, sem framleiddi línuna með Missy segir að Adidas hafi ekki á neinn hátt ætlað að apa eftir konunglegum táknum í Danmörku eða öðrum löndum en drottningin krefst að fatalínan verði bönnuð í verslunum.

tiska@frettabladid.is



Glæsilegir leðursófar

Vaxborið leður

Leðursófi 2ja sæta kr. 124.900 stgr. 3ja sæta kr. 139.600 stgr.

Leðursófi 3ja sæta kr. 105.900 stgr. • 2ja sæta kr. 95.200 stgr. • stóll kr. 74.900 stgr.



Bycast leður

LÍNAN

H Ú S G Ö G N

SÚÐURLANDSBRAUT 22 • SÍMI 553 7100 • www.linan.is

Bekkir Tívalið er að koma fyrir bekkjum þar sem pláss er af skornum skammti og hægt að nýta þá bæði sem borð og sæti. Bekkur við eldhúsbörð getur rúmað fleiri en stólar og bekkur við rúmstokkinn getur verið ágætis staður til að leggja frá sér fötin, eða til að tylla sér þegar farið er í skó.



Túlpanavasar verð frá 1.500 kr.

Vandaðar heimilis-
og gjafavörur

DUKA

Kringlunni - sími : 533 1322



Mikið úrval
af viðarörnum og
eldstæðum

Iris
181.000 kr.

Dina
239.000 kr.

Arinbúðin

Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið)
Sími 567 2133 · www.arinn.is



„Ég á bassagítar sem er óskaplega fallett og gott hljóðfæri og stendur hér sem stofustáss á heimilinu,” segir Skúli Gautason.

Skemmtileg fræðsla - í fullri alvöru

Stjórnun og rekstur mötuneytis

Námskeið í stjórnun og rekstri mötuneytis hefst á lóntæknistofnun **22. febrúar** nk.

Engrar forkunáttu er krafist.

Markmið

Að þátttakendur öðlist færni og þekkingu til að stjórna og reka mötuneyti í samræmi við nútíma kröfur um næringu, hreinlæti, öryggi, gæði og hagkvæmni í rekstri.

Áherslur

- Samsetning matseðla
- Mataræði og næringarefni
- Örverufræði
- Stjórnun og hagkvæmni

Allar nánari upplýsingar og skráning í síma **570 7100** eða á www.iti.is

**NÁM
SKEIÐ**

l
löntæknistofnun

Bassagítarinn er stofustáss

Á heimili Skúla Gautasonar er hægt að finna margt skemmtilegt og þar á meðal forlata bassagítar sem á sér skemmtilega sögu.

„Ég á bassagítar sem er óskaplega fallett og gott hljóðfæri og stendur hér sem stofustáss á heimilinu, þó ég taki nú í hann af og til og spili á hann,” segir Skúli Gautason, leikari og tónlistarmaður með meiru. Skúli segir bassagítarinn uppfullan af góðum minningum og þá sérstaklega frá því er hann var í hljómsveitinni Pungó og Daisy. „Við fórum austur í Atlavík þar sem Stuðmenn voru að spila og tókum þátt í hljómsveitakeppni, sælla minninga, en unnum þó ekki,” segir Skúli og hlær en segir þó að það komi gjarnan fyrir að fólk komi til hans enn í dag sem muni eftir honum úr bandinu góða.

„Bassinn minnir mig á þennan tíma en þetta var gríðarlega mikið ævintýri,” segir Skúli sem seinna

stofnaði Sniglabandið og margir sem þekka hann þaðan, þó ekki hafi hann spilað á bassa þar.

Á heimili Skúla ægir öllu saman að hans sögn og á hver hlutur sér minningu, enda er hann ekki maður sem stekkur til og kaupir það nýjasta á markaðinum. „Ég er lengi að taka nýja hönnun í sátt en þegar ég geri það, þá er ég henni tryggur,” segir Skúli.

Hann er alvanur að tónlistin sé hluti af heimilinu og spilaði pabbi hans meðal annars bæði á harmóníku og sög. „Pabbi var meira segja nokkuð góður á sög, en til þess þarf maður bæði að vera músíkalskur og handsterkur,” segir Skúli sem erfði nokkrar sagir eftir pabba sinn, bæði sérhannaðar sem hljóðfæri og aðrar sem hann hafði fundið á lífsleiðinni og hljómuðu vel.

„Ég hlusta mikið eftir því hvernig hlutir hljóma, hvort sem það eru bollar eða stytur eða hvað sem er,” segir Skúli sem augljóslega fær hljóðfæri og heimilishluti til að renna í eitt.

kristineva@frettabladid.is

Hjarta heimilisins

Eldhúsbörð og stólar skipta miklu máli.

Eldhúsið er oft talið vera hjarta heimilisins, þar eru kokkaðar kræsingar fyrir fjölskyldu og vini og þar er setið og skrafað tímunum saman.

Eldhúsmublur þarf því að velja af kostgæfni því fá húsgögn eru jafn mikið notuð. Stólarirnir þurfa að vera þægilegir og borðið rúmgott og ekki spillir fyrir að hafa útlitið fallett því þessi húsgögn gefa jú eldhúsinu sterkan svip.

Eldhúsrými eru afar misjöfn, og því þarf að skoða vel aðstæður áður en húsgögnin eru valin, sé eldhúsið lítið þarf nett borð og stóla, sumstaðar kemur ekkert annað til greina en að hafa kringlótt borð og annars staðar passar bara ferkantað eldhúsbörð.

Gott er að gefa sér tíma þegar þessi húsgögn eru valin, form og litir skipta máli og þægindi og praktík þurfa að vera í fyrirrúmi. ■



Glerborð 33.900 kr., framl. Ligne Roset. Stólar 29.000 kr. stk., framl. Driade. Fæst í versluninni Casa.



Silfurborð 14.900 kr. Barstólar 9.800 kr. stk. Þessi húsgögn fást í versluninni Heima.



Borð 69.000 kr. Driade. Hvítir stólar 28.000 kr. stk. Driade. Það er verslunin Mirale sem selur Driade húsgögn.

Sérverslun með kvensilfur



Margar gerðir af búningasilfri.

Þetta er ódýrasta mynstrið. Allt sem þarf á upphlutinn, settið frá 90.530, kr.

Allar upplýsingar um hefð og gerðir búninga eru veittar á staðnum.

Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

Góðar gjafir til að fagna nýju heimili

Innflutningspartí eru ekki óal-geng hér á Íslandi og myndast hefur sú hefð að gestir og gangandi hafa með sér minni eða stærri gjöf handa stoltum íbúðaeigendum fyrir nýja heimilið. Þetta getur verið smáhöfuðverkur, hvað vantar á heimilið?

Ungt par í sínu fyrsta húsnæði er sjaldnast vandamál, það vantar yfirleitt allt, en lítil fjölskylda í sinni annarri eða þriðju íbúð er aðeins meira mál.

Það er náttúrliga til heill hellingur af búðum með allskyns gjafa- og heimilsvöru en til að gera hlutina einfalda getur verið sniðugt að líta inn í eina af eldri búðum borgarinnar,

Þorstein Bergmann á Skólavörðustígnum.

Þarna eru til ótrúlegustu vörur, eldgamlir bollar og bakkar í bland við nýjustu tisku af klakaboxi og hristara og allt þar á milli.

Litadýrðin er mikil, allar hillur eru útroðnar af alls kyns varningi og það er nær öruggt að þarna geta flestir fundið skemmtilega ódýra innflutningsgjöf.



Gulir bollar kr. 400 stk.



Skálar kr. 1.240 stk.



Græn eldhúsahöld kr. 480



Öskubakki kr. 1.980



Blátt klakabox kr. 3.100



Sykurkar kr. 780 og Salt og pípar kr. 680



Bakki kr. 2.680

Stytta kr. 1.480



tilboð o.fl.
Á FÖSTUDÖGUM
✓ Auglýsingasíminn er 550 5000
auglysingar@frettabladid.is

FRETTABLAÐIÐ
- mest lesna blað landsins -

KOKOS-SISAL TEPPI

Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

STRÖND

ALOE VERA BIOGENIC
99,7% HREINN SAFI
LifeStream 30 daga skammtur
Fyrir magann og meltinguna.
Gott og frískandi bragð.
Fæst í öllum apótekum

TILBOÐSDAGAR

10 TIL 40% AFSLÁTTUR

Yves Delorme
PARIS

RÚMTEPPI
BADHANDKLÆÐI
BAÐSLOPPAR
RÚMFATNAÐUR

KENZO
PIERRE FREY

FOUNDED
S&F
1844

STEARNS & FOSTER

Frá Yves Delorme, einu virtasta tiskuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.

Rúmin frá Stearns & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.





ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN

Hafnarstræti 19
S: 551 1122

Íslensk hönnun

TÍSKUVERSLUNIN
Smort Grímsbæ, Bústaðavegi 5: 588 8488
Ármúla 15 S: 588 8050

NÝJAR VÖRUR
Strech gallabuxur og jakkar í stíl.
Ermalangir bolir m/kraga, margir litir.
Stærðir L-XXXXL. Svartar buxur komnar.

TILBOÐ Á LOPA

Handþrjónasamband Íslands

Skólavörðustíg 19
Sími : 552 1890
www.handknit.is

salon rita
SNYRTISTOFA

PERSÓNULEG SNYRTISTOFA Í 24 ÁR

OPÍÐ: MÁN-FÖS 0900-1800, LAUG 1100-1400

Náttfatadagar í febrúar

Rómantísk, notaleg ítölsk náttföt og náttkjólar á tilboði

Skoðið nýju vefsíðuna okkar www.diza.is

Diza Ingólfsstræti 6
S. 561-4000 • Opíð 11-18, laugard. 11-14

NÝJAR VÖRUR
Vorlínan frá Pilgrim er komin

Belti
Nælur
Slæður
Skartgripir
Pils og toppar
Töskur
Hárskraut

SKARTHÚSIÐ
Laugavegi 12, s. 562 2466



Eurovision-stjarnan Ruslana myndi eflaust láta sjá sig í þessum fötum frá Bora Asku.



Sniðugur og skemmtilegur kjóll frá Two B. Uppreimaðir skórnir passa vel við.



Með dautt dýr á öxlinni í hönnun frá Elio Berhanyer.



Mögnuð samsetning frá Gardem.

Fatahönnuðir dýrka feldinn á tískuviku

Tískuvikunum er hvergi nærri lokið og í þessari viku eru Madrid og London undir.

Fatahönnuðir keppast um allan heim við að sýna neytendum haust- og vetrarlínuna fyrir árið í ár og það næsta. Þessi vika er engin undantekning og er hún nær öll undirlögð sem vígvöllur tískunnar. Sunnudaginn 13. febrúar hófust tvær stórar tískusýningar; annars vegar í London og hins vegar í Madrid, höfuðstað Spánarveldis.

Hingað til hefur haust- og vetrartískan verið óvenju litrík og svolítið afturhvarf til fortíðar. Í London er hins vegar annað uppi á teningnum. Ef marka má spjarirnar utan á sýningarstúlkum þá mun loðfeldurinn ráða ríkjum og jarðlitirnir verða mun meira áberandi en þeir skæru.

Í Madrid er tískan talsvert ólík þeirri í London. Þar blanda hönnuðir saman skærum litum og daufum og leika sér með form og gamlar hefðir – eins og flamenco-hefðina. En loðfeldurinn er samt til staðar og eitt eiga þessar tvær tískuvikur sameiginlegt að hönnunin er afskaplega faguð og falleg á báðum stöðum.

Tískuvikunni í London lýkur í dag, fimmtudaginn 17. febrúar, en tískuvikunni í Madrid lauk í gær, miðvikudaginn 16. febrúar. ■



Bleikt og létt frá Javier Larrainzar. Skærir litir verða áberandi í haust.



Flamenco-áhrifin voru áberandi í Madrid. Þessi kjóll er frá Elio Berhanyer.



Fatahönnuðurinn Agatha Ruiz de la Prada þakkar fyrir góðar móttökur.



Úr háborg tiskunnar

BERGPÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

Perlur og purpuri í nærhöldum

Fyrir rúmri viku var haldin hér í París kvennærfatakaupstefna þar sem fimmhundrað og fimmtíu hönnuðir sýndu það nýjasta á þessu sviði. Nýjungarnar eru þær helstar að sífell meiri vinna er lögð í nærföt. Hand-saumur, steinar og perlur, mest unn- ið úr hreinum, náttúrulegum efnum eins og silkil til dæmis.

Lífstykkin (korselett) eru í mikilli sókn, þau eru líklega ekki eins óþægileg og fyrr á öldum. Jean Paul Gaultier er sá sem á heiðurinn að endurkomu lífstykkisins um það leyti sem Madonna fór um heiminn með „Blond ambition tour“ í búningum frá Gaultier. Þið munið kannski eftir brjóstunum oddhvössu sem hún var með í laginu Like a Virgin á stóru rúmi. Lífstykkið hefur svo verið notað í kjóla en er nú mjög áberandi í und- irfötum en getur þá líka gengið sem toppur. Annað sem einkennir undir- fatatískuna framundan eru náttkjólar sem minna á síðkjóla fyrir hanastél, skreyttir steinum.

Á sama tíma eru útsölurnar horfnar úr gluggum verslana og nærföt kom- in í staðinn, ekki út af kaupstefnunni heldur vegna þess að dagur heilags

Valentínusar var á mánudag og þá er hátíð konfektframleiðenda og nær- fatafyrirtækja. Það er klassísk gjöf til kvenna á degi ástarinnar að gefa nærföt. Svo eru það þær sem ekki fá flott nærföt og kaupa þau bara sjálf- ar til þess að vera klæðilegar, hugs- anlega til að blása í glæðurnar ef eldurinn er eitthvað farinn að kulna í svefnherberginu. Herratískusýningun- um er lokið án þess að til stórtíðinda hafi dregið. Jean Paul Gaultier sýnir mér hafa róast mikið með tímanum, frekar karlmanna- leg jakkaföt með nokkrum víðum buxum í bland og engin pils! En Gaultier tók fyrir nokkru við listrænni stjórn kvenlínu Hermés tiskuhússins og er ég ekki frá því að í herralínu Hermés sjáist nú áhrif frá honum þó að ekki sé hann hönnuður herralínunnar. Það er hins vegar John Galliano, hönnu- ur kvenlínu Dior, sem á sitt eigið tiskuhús undir nafninu John Galliano sem hefur tekið við hlutverki „l'en- fant terrible de la mode“ eins og Gaultier var áður kallaður með allskyns furðufatnaði sem ég á ekki von á að sjá marga karlmenn nota. Nærfötin eru þó flott.

Skemmtilegir og líflegir litir

LÍFLEG OG GLITRANDI VOR- OG SUMARLÍNA FRÁ CLARINS.

Þar sem vorið er á næstu grösum þá hefur snyrtivöruframleiðandinn Clarins sent frá sér snyrtivörullínuna In the Mood for Love. Þar er að finna nýjustu vor- og sumarlit- ina en þeir eru svo sannarlega skemmtilegir og líflegir. Línan samanstendur af Soft Cream Eye Colour, krem augnskuggar, sem fást í sex litum, Eye Colour Quatret palleta, Colour Tint farði með ferskjublæ, Multi Blush sem hægt er að nota á varir, augu og kinnbein, Colour Quench Balm varasalvi og gloss með kirsu- berjabragði og naglalakk númer 232 sem er glært og glitrandi.



L' O R É A L PARIS

DERMO-EXPERTISE

Nýtt 24 tíma rakakrem HAPPYDERM

Geislandi og falleg húð
sem ljómar af hamingju

- HappyDerm inniheldur Phyto Dorphine sem unnið er úr kakóbauninni og byggir upp varnarkerfi húðarinnar.

- HappyDerm bindur raka í húðinni og kemur í veg fyrir ofþornun. Húðin verður frískleg og mjúk.



Útsöluastaðir

Lyf Et heilsa Austurstræti
Lyf Et heilsa Austurveiri
Lyf Et heilsa Firði
Lyf Et heilsa Hellu
Lyf Et heilsa Keflavík
Lyf Et heilsa Kringlunni
Lyf Et heilsa Melhaga
Lyf Et heilsa Mosfellsbæ

Apótekarinn Akureyri
Hagkaup Akureyri
Hagkaup Skeifunni
Hagkaup Smáralind
Hagkaup Spöng
Lyfja Laugavegi
Lyfja Lág múla
Lyfja Smáratorgi

ÞVI ÞU ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS

Dömur!

Förðun við öll tækifæri



Persónuleg klukkustunda
námskeið fyrir einstaklinga
og ýmis námskeið
fyrir hópa.

Komdu til okkar í eitt
glæsilegasta
förðunarstúdíó landsins.

Láttu dekra við þig!

MADINA

MILANO / REYKJAVÍK

FÖRÐUNARSTÚDÍÓ TRYGGVAGÖTU 11, 101 REYKJAVÍK SÍM 534 4100

Stilling
- til öryggis

THULE[®]
SWEDEN

skiðabogar



Stilling
Bílavarahlutir

Settu Thule á toppinn!

DALSHRAUNI 13 HFN. - SÍMI 520 8003
SMÍÐJUVEGI 68 KÖP. - SÍMI 520 8004
BÍLDHÓFÐA 16 RVÍK. - SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. - SÍMI 520 8006
ADALNÚMER - SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. - SÍMI 520 8001
WWW.STILLING.IS

Gleraunverslunin Sjónarhóll



Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraunverslun norðan Alþafjalla

Reykjavíkurvegur 22, Hafnarfirði 565-5970
www.sjonarholl.is

Frumkvöðull að lækun gleraunaverðs á Íslandi

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
fyrir súper heilsu



Living Food Energy duftið frá dr. Gillian McKeith hefur verið selt hérlendis frá því í mars 2004 og hefur varan náð gríðarlegum vinsældum.

Það er mjög ensímrikt, pakkað af næringarefnum sem frásogast vel þar sem það er í duftformi. Í tsk á dag fyrir morgunmat fyrir þá sem vilja bæta orkuúthaldið. Þeir sem eru mjög orkulausir og þjást af einhverjum kvilla þurfa oft stærri skammta fyrst, t.d. 2 tsk. Svavar á dag fyrir máltíð.

Fæst í apótekum og heilsubúðum

belladonna

Hlíðarsmára 11 • 201 Kópavogur • sími 517 6460 • www.belladonna.is

RÉTTU STÆRÐIRNAR



Erum að taka upp nýjar vörur

Opið

Mán – fös 11-18

Lau 12-16

Nýjasta nýtt frá París í Næs

Tískuverslanir finnast líka í úthverfunum.

Verslunin Næs er næs tískuverslun sem var stofnuð fyrir þremur árum í bílskúr eins þriggja eigna verslunarinnar. Fyrir tveimur árum fluttist Næs svo í Grafarvoginn, nánar tiltekið á Foldartorg 1-3.

Það er ekki algengt að tískuverslanir séu reknar í úthverfum borgarinnar en nokkrar lifa þó góðu lífi og reksturinn hjá Næs gengur vel.

Verslunin leitast við að þjóna sem breiðustum aldurshópi en helstu viðskiptavinirnir eru konur frá aldrinum 30 ára og upp úr.

Á boðstólum eru bæði hversdagsföt og sparifatnaður og ágætt úrval af fylgihlutum og skóm. Sem dæmi um fylgihluti voru einmitt að berast í Næs beint frá París æðisleg belti og hálsmen, flottar leðurtöskur og fallegir glitrandi klútar.

Það er aðeins annar bragur á svona úthverfaverslun en ösinni í miðbænum og verslunarmiðstöðvunum, andrúmsloftið er persónulegt og þjónustan lipur og viðkunna- leg. ■



Kápa kr. 33.900



Belti kr. 3.500
Hálsmen kr. 3.800 stk.



Ljósblár toppur kr. 12.390



Stór taska kr. 14.790

Klútur kr. 3.600
Jakki kr. 6.900
Bolur kr. 5.900
Hálsmen kr. 3.800
Belti kr. 2.800
Pils kr. 6.900
Taska kr. 6.900

Góð hönnun stenst tímans tönn

Í VEFVERSLUNUM ER HÆGT AÐ FINNA MIKIÐ AF GÖMLUM TÍSKU-FATNAÐI EFTIR ÞEKKTA HÖNNUÐI.

Vintage-fatnaður hefur ætíð notið töluverðra vinsælda og hafa kvikmyndastjörnur í Hollywood spókað sig um í slíkum fatnaði eftir þekktu hönnuði á hátíðlegum stundum. Orðið vintage þýðir í raun árgangur og er oftast notað um vín en í þessu tilfalli er orðið notað yfir fatnað sem er úr fatalínu fyrri ára og jafnvel táknrænn fyrir tiltekinn áratug. Bæði getur þetta verið notaður eða nýr fatnaður og falla skartgripir, skór og fylgihluti einnig undir vintagelínuna.

Á Norðurlöndunum hafa verslanir sem selja notaðan fatnað frá þekktum hönnuðum verið mjög vinsælar og sömu sögu er að segja í Bandaríkjunum. Margar verslanir bjóða slíkan fatnað erlendis og eru nú einnig á netinu þannig að fólk um allan heim getur keypt sér skemmtilegan vintage-fatnað eða fylgihluti. Það eina sem gildir er bara að ráfa um vefinn og grúska og fylgast með þegar hlutirnir koma nýr inn á vefsíðurnar, því flottir hlutir seljast hratt. <http://www.fashiondig.com/>

Diane Von Furstenberg kjóll með snákamynstri á enokiland.com.



Kápa hönnuð af Debbie Harry úr Blondie er til sölu á fashiondig.com.

Þessa eldrauðu flauelskjólakápu frá Ben Zuckerman er að finna á kittygirlvintage.com.



Kjóll frá Francesca For Damon frá árinu 1960 á kittygirlvintage.com.

Skrautlegar herraskyrtur hjá neldasvintage-clothing.com.



Nýjar vörur streyma inn.

Flottir litir.

Frábært verð.

CHÉR
Tiskuvöruverslun

Laugavegi 82
544 4036

OFIN BELTI



Verð

1.989.-

Litir:

silfur, gull, svart og hvítt

4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni • Hagkaupum Skeifunni

Allison

jurta snyrtivörur frá Danmörku



ALLISON

Útsöluastaðir Allison eru: Lyfja, Apótekið, Lyf og Heilsa, Apótekarinn, Garðsapótek, Fræið Fjarðarkaupum, Heilsuhorníð Akureyri, Apótek Vestmannaeyja, Hagkaup Smáralind og Kringlunni, Lyfjaval, Hrund Ólafsvík



„Við viljum sýna íslenska hönnun frá A til Ö í okkar verslunum,“ segir Ymir hjá Rammagerðinni.

Fyrir alla þá sem geta lyft penna

Rammagerðin og Iceland Express hafa efnt til samkeppni um hönnun á bol fyrir erlenda ferðamenn en í verðlaun er flugferð fyrir tvo með Iceland Express og fimmtíu þúsund krónur sem afhent verður 10. maí.

„Við hjá Rammagerðinni sátum fund með Iceland Express og vorum að ræða um allt annað efni þegar gróska í bolahönnun kom til tals. Bolamenning var alls ekki svona vinsæl fyrir nokkrum árum en allt í einu spretta upp verslanir eins og Dogma og þá fórum við að þæla í hvort við ættum ekki að nýta sköpunarkraft Íslendinga. Það er feikinóg af hæfileikaríku fólki hérlandis og erlendir ferðamenn minnst einmitt oft á það hve mikið sé að gerast í íslenski hönnun og þar með talið bolahönnun,“ segir Ymir Örn Finnbogason, rekstrarstjóri Rammagerðarinnar.

„Keppnin er opin öllum á hvaða aldri sem er. Hver sem

getur lyft penna getur tekið þátt. Hönnunin er líka mjög opin og „The sky's the limit“. Við ætlum að reyna að sjá hvernig gengur með þessa keppni og jafnvel hafa hana árlega. Bolur er eitt-hvað einfalt sem flestir ættu að geta gert en ef þessi keppni gengur vel þá er möguleiki á að við göngum með hugmyndina lengra og höldum samkeppni þar sem fólk hannar flóknari minjagripa.“ segir Ymir en sigurvegari í keppninni fær góða umfjöllun fyrir hönnun sína. „Hugmyndin er að bolurinn verður seldur um borð í vélum Iceland Express og hugsanlega fær hönnuðurinn einhverja umfjöllun í kjölfarið á því. Síðan verður útbúinn sérstaður í versl-

unum Rammagerðarinnar fyrir bolinn ásamt upplýsingum um hönnuðinn. Þetta er rosalega gott tækifæri fyrir alla þá sem eru að læra hönnun af einhverju tagi þótt keppnin sé auðvitað opin öllum.“

Þátttakendur verða að skila hugmyndum sínum á pdf-formi fyrir 10. mars til Rammagerðarinnar og segir Ymir æskilegt að hönnunin sé á hvítum eða ljósum grunni. „Við viljum líka kynna Rammagerðina með þessari keppni og sýna að við seljum ýmiss konar ferðamannavörur sem eru íslensk hönnun. Íslensk hönnun er ekki bara lopapeysur heldur svo margt annað. Við viljum sýna íslenska hönnun frá A til Ö í okkar verslunum.“ ■

Bleikt, bleikt, bleikt

Nýjar vörur frá snyrtivöruframtækni Mac.

Tvær nýjar snyrtivörulínur eru komnar á markaðinn frá snyrtivöruframleiðandanum Mac. Annars vegar er það High Tea en sú lína samanstendur af hlýjum litum. Tónarnir eru frekar bleikir og eiga þeir að vera jafn hressandi og tebolli. Línan er nútímaleg og í stíl við nýjustu strauma.

Hins vegar er það línan sem tileinkuð er söngstjörnunni og tískutákninu Diönu Ross. Tónarnir og vörurnar eru í stíl við dívuna, sálarfullir, fágaðir og léttir. Þessi lína er líka á bleiku nótonum og greinilegt að bleikt er í tisku.



Hægt er að fá allt frá varaglossi til augnskugga í High Tea línunni.

JURTA APOTEK
KÖLBRÚN GRASALÆKNIR

Jurtir til að hressa uppá sál og líkama.

Opið: Virka daga 10-18
Laugardaga 11-14

Laugavegi 2 - 101 Reykjavík
Sími 552 1103 - www.jurtaapotek.is

Allar vörur

án virðisauka út vikuna

GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

ÚTSÖLULOK

19. febrúar

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

Selena

Undirfataverslun.
Síðumúla 3 • Sími: 553 7355
opið virka daga kl: 11-18, Laugard. kl: 11-15

Ég hef verið með LCN naglastyrkingu frá Heilsu og fegurð í nokkur ár og er alltaf jafn ánægð.

Ég mæli 100% með LCN naglastyrkingu.

Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir.

HEILSA OG FEGURÐ

SÍÐUSTU DAGAR!

50% afsláttur af umgjörðum

Laugavegi 62 sími 511 6699 Glæsibæ sími 511 6698 Garðatorgi sími 511 6696 www.sjon.is
sjon@sjon.is

STYTTIST Í ÚTSÖLULOK!

ÓTRÚLEG VERÐ!

Upplýsingar um opnunartíma á www.thyme.is Velkominn!

Thymematernity

Verslun fyrir barnshafandi konur
Hlíðasmára 17, s. 575-4500
Sendum í póstkröfu um allt land.
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-15

www.thyme.is

KEPPENDUR SMOKKUR

KLAMYDIA
KYNFERAVÖRTUR
ALNÆMI
LIFRABOLGA B+C

Safex
smokkar

FÁÐU ÞAÐ ÖRUGGLEGA
ÞAÐ KOSTAR MINNA EN ÞÚ HELDUR
20% afsláttur af Safex smokkum á Shellstöðvunum

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9-17



100% lán til allt að 60 mánaða.



BMW 318 Nýskr. 03/1997, 1800cc, 5 dýra, sjálfskiptur, blár, ekinn 122. Verð 1.050.000. YE-202 B & L. S. 575 1230.



100% lán til allt að 60 mánaða.



Hyundai Santa Fe. Nýskr. 08/2001, 2700cc, 5 dýra, sjálfskiptur, brúnn / grár, ekinn 58 þ. Verð 1.970.000. NI-159 B & L. S. 575 1230.



100% lán til allt að 60 mánaða.



Renault Kangoo. Nýskr. 07/2002, 1400cc, 5 dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 148 þ. Verð 780.000. NP-169 B & L. S. 575 1230.



100% lán til allt að 60 mánaða.



Renault Megane. Nýskr. 10/2002, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, dökkgrár, ekinn 39 þ. Verð 1.630.000. SM-306 B & L. S. 575 1230.



100% lán til allt að 60 mánaða.



Volkswagen Vento. Nýskr. 01/1998, 1600cc, 4ra dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 94 þ. Verð 640.000. Tilboð 490.000. TN-207 B & L. S. 575 1230.



Peugeot 206 XS 1600, 06/2000, ek. 46 þús. 3ja dýra, 5 gíra, abs, rafm. í rúðum, cd, líknarbelgir, fjarstýrðar samlæsingar. Ath. skipti á öðyrari. Verð 790 þús.



VW Golf GL Station 1600, 02/1997, ek. 100 þús. Ssk., 5 dýra, ný tímareim, nýtt í bremsum. Verð 580 þús.



Renault Megane 1600 Station, 09/1999, ek. 106 þús. 5 dýra, 5 gíra, rafm. í rúðum, cd, dráttarkrókur, fjarstýrðar samlæsingar. Ath. skipti á öðyrari. Verð 790 þús.



Daewoo Musso. Nýskr. 05/1997, 2300cc, 5 dýra, 5 gíra, blár, ekinn 121 þ. Verð 1.190.000. YU-131 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Trajet. Nýskr. 02/2003, 2000cc, 5 dýra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 24 þ. Verð 1.870.000. EB-817 B & L. S. 575 1230.



Renault Kangoo. Nýskr. 06/2000, 1400cc, 5 dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 73 þ. Verð 810.000. VE-916 B & L. S. 575 1230.



Subaru Impreza. Nýskr. 03/1997, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, blár, ekinn 210 þ. Verð 450.000. YO-689 B & L. S. 575 1230.



Bilalands, B & L Grjótháls 1, 110 Rvk. Sími: 575 1230 www.bilalands.is



Bilabúð Benna ehf. Notaðir bílar Bildhöfði 10, 110 Rvk. Sími: 587 1000 www.benni.is



Ford Focus. Nýskr. 05/1999, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, svartur, ekinn 100 þ. Verð 830.000. OO-654 B & L. S. 575 1230.



Lada Sport. Nýskr. 07/2002, 1700cc, 3ja dýra, 5 gíra, grænn, ekinn 7 þ. Verð 790.000. Tilboð 590.000. OV-177 B & L. S. 575 1230.



Renault Kangoo. Nýskr. 07/1999, 1400cc, 5 dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 99 þ. Verð 690.000. VU-406 B & L. S. 575 1230.



Suzuki Baleno. Nýskr. 10/1996, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, rauður, ekinn 126 þ. Verð 530.000. TN-567 B & L. S. 575 1230.



Hyundai Getz GLS 1600 sport, 06/2004, ek. 4 þús. abs, litað gler, álfelgur, toppluga, rafm. í rúðum, cd, spoiler, þjónustubók. Áhv. 1100 þús. 19 pr. mán. Ath. skipti á öðyrari. Verð 1.390 þús.



GMC Yukon. Nýskr. 11/2000, 5400cc, 5 dýra, 5 gíra, blár, ekinn 90 þ. Verð 3.180.000. PK-639 B & L. S. 575 1230.



Mitsubishi Lancer. Nýskr. 06/1998, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 114 þ. Verð 730.000. NH-739 B & L. S. 575 1230.



Renault Kangoo. Nýskr. 02/2001, 1400cc, 5 dýra, Beinskíptur, Hvítur, Ekinn 45 þ. Verð: 930.000 TZ-774 B & L. S. 575 1230.



Toyota Carina E. Nýskr. 07/1997, 2000cc, 5 dýra, sjálfskiptur, grænn, ekinn 125 þ. Verð 730.000. IY-012 B & L. S. 575 1230.



Suzuki Vitara JLX, árg. 1996, ek. 148 þús. 5 dýra, 5 gíra, rafm. í rúðum og speglum, dráttarbelgir, geislaspiari, þjónustubók. Verð 560 þús.



Hyundai Coupe. Nýskr. 10/1998, 1600cc, 3ja dýra, sjálfskiptur, grár, ekinn 69 þ. Verð 620.000. AF-676 B & L. S. 575 1230.



Opel Astra. Nýskr. 06/1995, 1400cc, 5 dýra, sjálfskiptur, rauður, ekinn 200 þ. Verð 290.000. ME-201 B & L. S. 575 1230.



Renault Laguna II. Nýskr. 02/2004, 2000cc, 5 dýra, sjálfskiptur, ljósgrár, ekinn 22 þ. Verð 2.290.000. OS-318 B & L. S. 575 1230.



Toyota Corolla. Nýskr. 04/1991, 1300cc, 3ja dýra, 5 gíra, rauður, ekinn 196 þ. Verð 130.000. LL-214 B & L. S. 575 1230.



Renault Laguna 2.0L STW árg. 6/98, ekinn 130 þús. km, beinskíptur, sumardekk á álfelgum og vetrardekk á stálfelgum, dráttarbelgir og m/fl. Verð 790.000.



Hyundai Getz. Nýskr. 09/2004, 1300cc, 4ra dýra, beinskíptur, dökkgrár, ekinn 8 þ. Verð 1.290.000. BI-755 B & L. S. 575 1230.



Peugeot 406. Nýskr. 08/1999, 1800cc, 5 dýra, 5 gíra, grár, ekinn 100 þ. Verð 840.000. DG-863 B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 06/1998, 1600cc, 5 dýra, sjálfskiptur, blágrænn, ekinn 100 þ. Verð 790.000. AA-971 B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Passat. Nýskr. 06/1999, 1600cc 5 dýra, 5 gíra, blár, ekinn 94 þ. Verð 1.050.000. UL-259 B & L. S. 575 1230.



Daewoo Nubira CDX 2.0 polar wagon, 02/2000, ek. 70 þús. 5 dýra, 5 gíra, abs, rafmagn í rúðum og speglum, cd, fjarstýrðar samlæsingar, spoiler, þjónustubók. Ath. skipti á öðyrari. Verð 820 þús.



Hyundai Santa Fe. Nýskr. 07/2003, 2700cc, 5 dýra, sjálfskiptur, grár - tvílitur, ekinn 72 þ. Verð 2.300.000. ZK-021 B & L. S. 575 1230.



Renault Express. Nýskr. 10/1996, 1400cc, 5 dýra, 5 gíra, hvítur, ekinn 96 þ. Verð 250.000. Tilboð 150.000. RV-425 B & L. S. 575 1230.



Renault Megane. Nýskr. 07/2000, 1600cc, 5 dýra, 5 gíra, ljósgrænn, ekinn 75 þ. Verð 1.110.000. TN-003 B & L. S. 575 1230.



Volkswagen Vento. Nýskr. 06/1996, 1600cc, 4ra dýra, sjálfskiptur, grár, ekinn 102 þ. Verð 490.000. Tilboð 300.000. SF-589 B & L. S. 575 1230.



Dodge Caravan SE 3,3L árg. 2001, ekinn 140 þús. km, 7 manna eðalvagn, sjálfskiptur, abs, armpúðar, fjarstýrðar samlæsingar, crus control, líknarbelgir, loftkæling, litað gler, rafmagn í rúðum, rennihúð báðum megin. Gríðarlega gott ástand, allt langkeyrsla. Verð 1.890.000.



Jeep Grand Cherokee Laredo 4x4 1/2000 ssk., ek. 138 þús. ABS, álf., cd., ac. hraðast. ofl. Verð 1.890 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Isuzu Trooper Turbo Diesel 9/2001 ssk., ek. 114 þús. 35" ABS, álf., cd., dr. kúla ofl. Verð 2.690 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



MMC Pajero (Montero) V6 1/2001 ssk., ek. 110 þús. ABS, álf., cd., hraðast. ofl. Verð 3.190 þús. Tilboð 2.390 þús. Bilahöllin s. 567 4949.



Kia Grand Sportage 4x4 5/2002, 5 gíra, ek. aðeins 47 þús. ABS, álf., samlæs. ofl. Verð 1450 þús. Tilboð 1.250 þús. Bilahöllin s. 567 4949.

Nýr formaður skipaður í rannsóknarnefnd umferðarslysa

Ásdís J. Rafnar hæstaréttarlögmaður hefur verið skipað formaður rannsóknarnefndar umferðarslysa. Nefndin var stofnuð árið 1996, en hún er sjálfstætt starfandi og óháð öðrum aðilum. Fráfarandi formaður nefndarinnar er Símon Sigvaldason héraðsdómari.

„Hlutverk nefndarinnar er að auka þekkingu og skilning á orsökum umferðarslysa. Nefndinni er ætlað að rannsaka umferðarslys og leggja fram tillögur til úrbóta, sem byggjast á niðurstöðum rannsókna,“ segir í tilkynningu samgönguráðuneytisins. „Nefndin ákveður hvaða flokkar slysa skuli rannsakaðir, t.d. banaslys í umferðinni eða vissir flokkar alvarlegra

umferðarslysa. Rannsakaðir eru þeir þættir er urðu til þess að slysið varð, og eru þeir flokkaðir eftir því hvort þeir tengjast vegfarendum, ökutækjum eða vegi og umhverfi hans.“ Nefndinni er svo ætlað, á grundvelli rannsókna sinna, að leggja fram tillögur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir sambærileg slys eða draga úr afleiðingum þeirra.

Auk Ásdísar eiga sæti í rannsóknarnefnd umferðarslysa Jón Baldursson yfirlæknir slysa- og bráðamóttöku Landsspítala – háskólasjúkrahúss og Inga Hersteinsdóttir verkfræðingur hjá VSI – Öryggishönnun og ráðgjöf. Framkvæmdastjóri nefndarinnar er



VEFUR RANNSÓKNARNEFNDAR UMFERÐARSLYSA Upplýsingar um rannsóknarnefnd umferðarslysa og hverjir skipa hana eru að finna á slóðinni www.rnu.is.

Ágúst Mogensen félagsfræðingur, en einnig eru svo til ráðgjafar Eiríkur Hreinn Helgason yfirlög- regluþjónn hjá Lögregluskóla rík-

isins, Lárus Sveinsson bíltæknir hjá Umferðarstofu og dr. Haraldur Sigbórsson umferðarverkfræðingur hjá Línuhönnun. ■



Pantaðu ráðgjöf á kbbanki.is eða komdu við í næsta útibúi KB banka.

KB ATVINNULÍF

Sérsniðin þjónusta fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki

KB banki býður rekstraraðilum smærri og meðalstórra fyrirtækja persónulega, faglega og skjóta þjónustu í fjármálum, hvort heldur er á sviði rekstrar eða einkafjármála.

- Viðskiptareikningur • Innheimtuþjónusta • Ábyrgðir • Atvinnuþryggingar VÍS • Starfsmannatryggingar
- Rekstrarleiga atvinnuhúsnæðis • Fjármögnun atvinnutækja • Kreditkort • Innlán • Útlán

KB BANKI
– kraftur til þín!
www.kbbanki.is

Sumar Plus 2005

Aldrei fleiri áfangastaðir!



Netverðdæmi

Costa del Sol

Verð frá **47.066 kr.***
á Santa Clara í 7 nætur.
57.438 kr. ef 2 ferðast saman.

Krít

Verð frá **49.400 kr.***
á Skala í 7 nætur.
60.100 kr. ef 2 ferðast saman.

Portúgal

Verð frá **39.500 kr.***
á Elimar í 7 nætur.
54.200 kr. ef 2 ferðast saman.

Mallorca

Verð frá **38.730 kr.***
47.730 kr. ef 2 ferðast saman.

Benidorm

Verð frá **34.230 kr.***
á Halley í 7 nætur.
46.300 kr. ef 2 ferðast saman.

*á mann m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn, 2ja-11 ára, ferðist saman. Innifalið: Flug, gisting, 10.000 kr. bókonarfláttur og flugvallarskattar.



plus

FERÐIR

www.plusferdir.is

Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100



LÚÐURINN / ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN

ÍMARK, félag íslensks markaðsfólks, í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA), efnir nú í nítjándra sinn til **auglýsingasamkeppni**, sem nú heitir **Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin**. Samkeppnin er opin öllum þeim sem stunda gerð og/eða dreifingu auglýsinga. Yfir **400 auglýsingar** bástu í keppnina þetta árið og það var síðan hlutverk **15 manna dómnefndar** að velja þær bestu. Keppt er í **12 flokkum** og dómnefnd er skipuð 15 aðilum, fimm frá ÍMARK, fimm frá SÍA, þremur frá FIT, einum frá Orðspori, félagi textagerðarmanna, og einum aðila frá Félagi kvikmyndagerðarmanna. Atkvæðagreiðsla dómnefndar er leynileg, þannig að dómnefndin veit ekki fyrir en við verðlaunaafhendinguna **25. febrúar** hver úrslitin eru.

Þjóðin getur einnig valið „bestu auglýsinguna“ úr sex flokkum á vísí.is. Hver þátttakandi velur eina auglýsingu úr flokkunum sex og síðan er besta auglýsingin af þeim valin. Sú auglýsingin sem hlýtur flest atkvæði hjá þjóðinni fær sérstök verðlaun á hátíðinni, sem 365 - prentmiðlar veita.

Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, veita bestu auglýsingunum sem gerðar eru á Íslandi viðurkenningu. Góðar auglýsingar grípa okkur, þær fanga athygli okkar og senda okkur skilaboð á þann hátt að við hrifumst af. Kannski hlæjum við, kannski grátum við, kannski opnast augu okkar fyrir einhverju nýju. Þær eru aldrei hlutlausar, aldrei litlaus meðal-mennska, skapandi auglýsingar hafa mikil áhrif. Rannsóknir hafa sýnt að skapandi auglýsingar hafa meiri áhrif á okkur en þær sem eru venjulegar. Takmarkið með Lúðrinum er að verðlauna þær auglýsingar sem skara fram úr á Íslandi.

PEIR SEM GEFA VERÐLAUN ERU
SJÓNVARPSAUGLÝSINGAR: Stöð 2
ÚTVARPSAUGLÝSINGAR: Bylgjan
DAGBLAÐAAUGLÝSINGAR: Morgunblaðið
TÍMARITAAUGLÝSINGAR: Fróði
VÖRU- OG FIRMAMERKI: Margt smátt
UMHVERFISGRAFÍK: Frank og Jói
VEGGSPJÖLD: AFA JCDcaux
MARKPÓSTUR: Íslandspóstur
OPINN FLOKKUR: Tanni
AUGLÝSINGAHERFERÐIR: Skjár 1
ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR: Actavis

Verðlaunaafhendingin fer fram á Íslenska markaðsdeginum föstudaginn 25. febrúar í Háskólabíói kl. 17.00.

Fyrir um daginn er haldin ráðstefna þar sem fengnir eru hæfir fyrirlesarar, innlendir og erlendir, til að koma og miðla þekkingu sinni til ráðstefnugesta. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er **Skipulagður árangur! – markvissari markaðssetning skilar betri niðurstöðu**. Fyrirlesarar eru Peter Van Stolk, stofnandi og forstjóri Jones Soda Co., George Bryant frá stærstu auglýsingastofu Bretlands, AMV-BBDO, Halldór Harðarson, markaðsstjóri Ícelandair í Skandinavíu, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir frá Actavis, Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir og Edda Heiðrún Geirsdóttir frá Össuri

ÍMARK var stofnað árið 1986 og er félagsskapur einstaklinga sem hafa áhuga á og/eða starfa við markaðsmál. Tilgangur félagsins er m.a. að auka veg og virðingu markaðsmála hérlendis og stuðla að auknum skilningi á mikilvægi þeirra. Almenn félagsstarfsemi ÍMARK er af ýmsum toga. Að öllu jöfnu eru haldnir mánaðarlegir fræðslu- og kynningarfundir um markaðstengd efni sem eru í brennidepli í þjóðfélaginu. Keppst er við að fá hæfustu fyrirlesara til að koma og miðla þekkingu sinni til félagsmanna.

DAGBLAÐAAUGLÝSINGAR



TITILL: Clinton á Bæjarins beztu
 AUGLÝSANDI: SS
 FRAMLEIÐANDI: Fiton



TITILL: Hvalfjörður
 AUGLÝSANDI: 66° Norður
 FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks



TITILL: Pökum þeim saman!
 AUGLÝSANDI: Essó
 FRAMLEIÐANDI: Fiton



TITILL: Resistance
 AUGLÝSANDI: KSÍ-kvinnalandsliðið
 FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann



TITILL: Valþjófsstaðarhurðin
 AUGLÝSANDI: Þjóðminjasafn Íslands
 FRAMLEIÐANDI: Fiton


VEGGSPJÖLD



TITILL: Cheerios
 AUGLÝSANDI: Nathan & Olsen hf
 FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsingastofan



TITILL: Grindavík
 AUGLÝSANDI: 66° Norður
 FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks



TITILL: Leifsstöð, powerful
 AUGLÝSANDI: Landsbankinn
 FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsingastofan



TITILL: Merki úr mörgum hlutum
 Þjóðminjasafnsins
 AUGLÝSANDI: Þjóðminjasafn Íslands
 FRAMLEIÐANDI: Fiton



TITILL: Resistance
 AUGLÝSANDI: KSÍ-kvinnalandsliðið
 FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann

ÚTVARPSAUGLÝSINGAR

TITILL: Hlusan á Hlemmi
 AUGLÝSANDI: Síminn
 FRAMLEIÐANDI: Sveppi, Pétur og Auddi í 70 mínútum

TITILL: Rússi
 AUGLÝSANDI: 66° Norður
 FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks

TITILL: Sven Göran 1
 AUGLÝSANDI: Íslenskar getraunir
 FRAMLEIÐANDI: ENNEMM


TITILL: Sven Göran 2
 AUGLÝSANDI: Íslenskar getraunir
 FRAMLEIÐANDI: ENNEMM

TITILL: Vínir „frænkan“
 AUGLÝSANDI: Og Vodafone
 FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsingastofan – Pegasus

TÍMARITAAUGLÝSINGAR



TITILL: Áhrifarík samsetning
 AUGLÝSANDI: Actavis
 FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið



TITILL: Gefðu gjöf sem vex
 AUGLÝSANDI: Íslandsbanki
 FRAMLEIÐANDI: Fiton



TITILL: Hálfullt – hálfómt – Paxetín
 AUGLÝSANDI: Actavis
 FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið



TITILL: Ísafjarðardjúp
 AUGLÝSANDI: 66° Norður
 FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks



TITILL: Mýrin
 AUGLÝSANDI: 66° Norður
 FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks

FROSIN ÝSUFLÖK
MEÐ ROÐI

299 kg KR.

Hollt og gott...

398 KR.

FROSNIR ÝSUBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR

479 800g KR.



-á Bónusverði!

EKKERT BRUÐ!



359 BAKKINN KR.

SOLLUBUFF



139 1 lítri KR.

9 króna skilagjald fæst fyrir Bónus Floridaabrusann í Endurvinnslunni!



98 250g KR.

Nýtt kortatímabil!

89 2 LÍTRAR KR.



LAUSFRYSTIR BITAR
299 kg KR.

40% afsláttur við kassann Merkt verð 499kr.



40% afsláttur við kassann

EKKERT BRUÐ!

Kolsýrt vatn



ERAN/Landlist

Tilboðin til sunnudags 20. feb. eða meðan birgðir endast

ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR - LJÓSVAKA

FRAMHALD AF FYRRI OPNU

TITILL: Dánarfregnir og jarðarfirir
AUGLÝSANDI: Umferðarstofa og Vínbúðirnar
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið og Upptekið

TITILL: Halló! – Virðingaráttak VR
AUGLÝSANDI: VR Auglýsandi:
FRAMLEIÐANDI: Fítón – Basecamp

TITILL: Hægðu á þér
AUGLÝSANDI: Umferðarstofa
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið og Spark

TITILL: 30 – sjónvarp
AUGLÝSANDI: Umferðarstofa
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan – Saga film

TITILL: 50+ Sjónvarpsauglýsing
AUGLÝSANDI: VR
FRAMLEIÐANDI: Fítón – Basecamp

ALMANNAHEILLAAUGLÝSINGAR - PRENTMIÐLAR

TITILL: Blóm og kransar afpakkaðir
AUGLÝSANDI: Umferðarstofa
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið

TITILL: Hjálparvana, Svartnætti og Vonleysi
AUGLÝSANDI: Landlæknisembættið
FRAMLEIÐANDI: Fítón

TITILL: Hægðu á þér
AUGLÝSANDI: Umferðarstofa
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið

TITILL: Kynferðislegt ofbeldi #1
AUGLÝSANDI: Blátt áfram/UMFÍ
FRAMLEIÐANDI: Íslenska
auglýsingastofan

TITILL: Það vantar einn í hópinn
AUGLÝSANDI: VÍS
FRAMLEIÐANDI: Fítón

UMHVERFISGRAFÍK



TITILL: EGO stöðvarnar
AUGLÝSANDI: Egó
FRAMLEIÐANDI: Fítón



TITILL: Góða ferð
AUGLÝSANDI: Jökulsárlón
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið



TITILL: Ísafjarðardjúp/skilti
AUGLÝSANDI: 66° Norður
FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks



TITILL: Leifsstöð, very old
AUGLÝSANDI: Landsbankinn
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan



TITILL: Nýjar verslanir Símans
AUGLÝSANDI: Síminn
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM /
Gláma-Kím

SJÓNVARPSAUGLÝSINGAR

TITILL: Avensis „Palli“
AUGLÝSANDI: Toyota
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan – Saga Film

TITILL: Kollekt *888* – lækur
AUGLÝSANDI: Síminn
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM / Saga
film – Samúel Bjarki og Gunnar Páll

TITILL: Landsbankadeildin
AUGLÝSANDI: Landsbankinn
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan – Pegasus

TITILL: Nám er lífsstíll
AUGLÝSANDI: KB banki
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM / Pegasus

TITILL: Vínir „frænkan“
AUGLÝSANDI: Og Vodafone
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan – Pegasus

VÖRU- OG FIRMAMERKI



TITILL: EGO
AUGLÝSANDI: EGO
FRAMLEIÐANDI: Fítón



TITILL: Merki Actavis
AUGLÝSANDI: Actavis
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið



TITILL: Merki Avion group
AUGLÝSANDI: Avion group
FRAMLEIÐANDI: Himinn og haf –
Hönnuður: Aðalbjörg Þórðardóttir



TITILL: Merki Landsnets
AUGLÝSANDI: Landsnet
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið



TITILL: Skáldsagnaklúbburinn
AUGLÝSANDI: Edda miðlun
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið

AUGLÝSINGAHERFERÐIR



TITILL: Actavis – hagar í heilsu
AUGLÝSANDI: Actavis
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið,
Financial Dynamics, Caoz



TITILL: Klæddu þig vel
AUGLÝSANDI: 66° Norður
FRAMLEIÐANDI: Jónsson & Lemacks



TITILL: Kollekt – *888*
AUGLÝSANDI: Síminn
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM



TITILL: Nám er lífsstíll
AUGLÝSANDI: KB banki
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM / Pegasus



TITILL: Ótrúlega gaman
AUGLÝSANDI: Síminn
FRAMLEIÐANDI: ENNEMM

MARKPÓSTUR



TITILL: Boð í veiðiferð
AUGLÝSANDI: Landsbankinn
FRAMLEIÐANDI: Íslenska auglýsinga-
stofan



TITILL: Miði á US Masters
AUGLÝSANDI: Sýn
FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann/
Íslenska útvarpsfélagið



TITILL: La Resistance
AUGLÝSANDI: KSÍ - kvennalandsliðið
FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann



TITILL: Sparisoðið
AUGLÝSANDI: Spar Bæjarlind
FRAMLEIÐANDI: Hausverk
auglýsingastofa



TITILL: SPRON Platinum þjónusta
AUGLÝSANDI: SPRON fyrirtækjasvið
FRAMLEIÐANDI: Hér&Nú
Markaðssamskipti

OPINN FLOKKUR

TITILL: Fljótandi ljóð
AUGLÝSANDI: Edda miðlun
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið

TITILL: Klósettsögur
AUGLÝSANDI: Edda miðlun
FRAMLEIÐANDI: Hvíta húsið

TITILL: Prestur
AUGLÝSANDI: Visa Ísland
FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann

TITILL: Reykjavík
AUGLÝSANDI: Rocks 2006 ehf.
FRAMLEIÐANDI: Gott fólk McCann

TITILL: Skjá grafík og stíklur
AUGLÝSANDI: Skjár 1
FRAMLEIÐANDI: Fítón

Vaxtalaus verðsprengja

Dupen rúmin eingöngu fáanleg í Hagkaupum Smáralind, Kringlu og Akureyri

- Dupen rúmin hafa slegið í gegn í 55 þjóðlöndum
- Þýskt gæða gormakerfi í rúmunum
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Sérstaklega styrkt í köntum og hornum
- Hágæða efni með 100% bómull
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð
- 9-10 lög af efnum í hverju rúmi
- Sérstök öndun í rúmunum
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika



TILBOÐ

Vaxtalaust

| Rúmstærð | verð frá á mánuði | stgr. |
|----------------|---------------------------|----------|
| 90 x 200 | 2.999_{kr} | 35.988.- |
| 120 x 200 | 3.999_{kr} | 47.988.- |
| 150 x 200 | 4.999_{kr} | 59.988.- |
| 180 x 200 | 5.999_{kr} | 71.988.- |
| Stillanleg rúm | 5.999_{kr} | 71.988.- |



Sængurverasett
100% bómullarsatín
hvítt, drapp, vínrautt, d.blátt

2.699_{kr}



Sængurverasett
100% bómull
hvítt, drapp

1.999_{kr}



Sængurverasett
100% bómull
hvítt, drapp

1.999_{kr}

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Við hrósum...

...Karl V. Jóhannssyni, formanni aganefndar HSÍ, fyrir að koma fram opinberlega og viðurkenna mistök nefndarinnar í dómnum yfir Roland Eradze. Dómurinn var ansi vægur miðað við brotið en það þarf karlmennsku til að koma fram og viðurkenna mistök sín.

„Ég er með smáskeinu á nefbroddinum, líklega eftir nögl sem strokist hefur við nefið.“

Gísli Hlynur Jóhannsson, dómari leiks ÍR og ÍBV í handbolta, lýsir því í Morgunblaðinu hversu hættulegt verkefni það getur verið að dæma handboltaleiki.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

14 15 16 17 18 19 20

Fimmtudagur

LEIKIR

- 19.15 Skallagrímur og Fjölnir mætast í Borgarnesi í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 Hamar/Selfoss og Tindastóll mætast í Íðu á Selfossi í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 Grindavík og Keflavík mætast í Grindavík í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 KR og Haukar mætast í DHL-höllinni í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 ÍR og KFÍ mætast í Seljaskóla í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 Snæfell og Njarðvík mætast í Stykkishólmi í Inter-sportdeildinni í körfubolta.
- 19.15 Haukar og Keflavík mætast á Ásvöllum í 1. deild kvenna í körfubolta.
- 20.00 Valur og FH mætast í Egils-höll í úrslitaleik Reykjavíkurmóts karla í fótubolta.

LEIKIR

- 16.45 Handboltakvöld á RÚV.
- 19.45 Bandaríska mótardöðin í golfi á Sýn.
- 20.15 Þú ert í beinni! á Sýn.
- 22.00 Ólíssport á Sýn.

Roland fékk of stutt bann

Karl V. Jóhannsson, formaður aganefndar HSÍ, segir að eftir á að hyggja hafi bannið sem Roland Eradze var dæmdur í verið of stutt.

HANDBOLTI Átján daga bannið sem Roland Eradze, markvörður ÍBV, var dæmdur í af aganefnd HSÍ á þriðjudag hefur vakið furðu margra. Roland hefði samkvæmt lengd bannins átt að missa af þremur leikjum en þar sem leik ÍBV og Þórs, sem fara áttí fram í Vestmannaeyjum í gærkvöld, var frestað vegna ófærðar mun hann væntanlega missa af fjórum leikjum.

Mörgum þykir Aganefnd HSÍ hafa farið mjúkum höndum um landsliðsmarkvörðinn þar sem framkoma hans í leik ÍR og ÍBV á laugardaginn var ófyrir-

gefanleg og Roland sjálfur var steinhissa á dómnum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í fyrradag.

„Þessi dómur kemur mér verulega á óvart. Ég átti von á því að fá mun þyngri dóm þar sem ég missti algjörlega stjórn á mér. Ég get ekki neitað því að mér finnst ég hafa verið heppinn því ég slepp furðuvel frá þessu máli,“ sagði Roland.

Of vægur dómur

Karl V. Jóhannsson, formaður aganefndarinnar, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann gæti að mörgu leyti tekið undir þá gagnrýni sem heyst hefði að dómurinn væri vægur.

„Eftir á að hyggja þá fórum við of mjúkum höndum um Roland og það hefði sennilega verið réttlæt看legt að setja hann í eins til eins og hálfmánaðar bann. Ég get alveg tekið undir þá gagnrýni sem hefur verið beint að okkur og það er alveg ljóst að það verður tekið harðar á svona málum í framtíðinni,“ sagði Karl sem viðurkendi að

aganefndin hefði sennilega tilkynnt úrskurðinn of fljótt.

Flýttum okkur of mikið

„Við flýttum okkur of mikið og hefðum átt að gefa okkur meiri tíma. Ég kallaði reyndar saman annan fund síðar um daginn til að fara betur ofan í þetta mál,“

sagði Karl og þvertók fyrir að nefndin hafi verið beitt pressu af hálfu forystu HSÍ

til að birta úrskurð eins fljótt og auðið var.

Vantar skýrari reglur

Hann sagði þó slæmt að það vantaði skýrari reglur þegar hrækt eða slegið væri til dómara. „Þetta er auðvitað grafalvarlegt mál en við dæmdum algjörlega út frá refsistigaskalanum. Ég hefði reyndar viljað sjá dómara útiloka hann frá leiknum en það hefði þýtt átta refsstig. Hann fékk hins vegar fimm refsstig fyrir rauða spjaldið og það kom aldrei annað til greina en að dæma hann í tímabundið bann.“

Ekki eining innan nefndar

Niðurstaðan varð sú að hann fékk átján daga bann sem þýðir að hann missir af þremur leikjum en ég get staðfest að það ríkti ekki eining innan nefndarinnar um lengd bannins. Við komumst hins vegar að þessari niðurstöðu og henni verður ekki breytt,“ sagði Karl, sem hefur þrátt fyrir tuttugu ára starfsreynslu í aganefnd HSÍ, aldrei fengið mál þessu líkt inn á borð til sín. oskar@frettabladid.is



Kræktu þér í miða!



ÁRSHÁTÍÐ SVFR

Laugardaginn 26. febrúar á Hótel Sögu

- Húsið opnar klukkan 19 með þægilegum fordrykk
- Fjögurra rétta glæsismatsdeill
- Veislustjóri er Hjálmar Hjálmarsson Ekkifréttamaður
- Jóhannes eftirherma sér fyrir hlátursgasi
- Hátiðarræða heiðursgestins Jóns Steinars kemur á óvart
- Verðlaunaafhending og Gull og silfur flugan
- Happdrætti að hætti skemmtinefndarinnar
- Hljómsveitin Saga Class heldur uppi stuðinu

Matseðill

Forréttur

Humarmedaliur með tómatsultu og sauthernsósu.

Milliréttur

Hreindýracarpaccio og andalífrafrauð með brioche og Cepsveppamauki.

Aðalréttur

Hunangsgljáð önd með sveskjukryddaðri „pom önnu“ og kirsuberjasósu.

Eftirréttur

„Tanariva“ mjólkursúkkulaðimús með vanillukrydduðum perum og stökku sesamkexi.



Upplýsingar og borðapantanir í síma 568 6050
Verð 9.600 kr. Tryggðu þér miða tímanlega

Landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson hafnaði tveim tilboðum frá Frakklandi:

Á leið til danska liðsins Skjern

HANDBOLTI Vignir var með tilboð frá Skjern og frönsku félagunum Créteil og US Ivry. Eftir frekar stutta umhugsun ákvað hann að taka tilboði danska félagsins en þjálfari liðsins er fyrrum félagi Vignis hjá Haukum, Aron Kristjánsson.

„Það voru ýmsar ástæður fyrir því að ég valdi Skjern. Fyrir það fyrsta þekki ég Aron mjög vel og af góðu einu. Mér líst ákaflega vel á það sem hann er að gera. Hann er mikill fagmaður. Svo er vel staðið að öllu hjá danska félaginu og mikill metnaður. Það var kannski meiri óvissa að fara til Frakklands. Ég veit nákvæmlega að hverju ég geng hjá Skjern og því ákvað ég að semja við liðið,“ sagði Vignir við Fréttablaðið í gær en hann var hjá Skjern um síðustu helgi.

Hann notaði tækifærið og fann sér íbúð í ferðinni þannig að eitt stórt vandamál er þegar úr sögunni hjá Vigni. Annað vandamál verður að komast í liðið en hann mun berjast um línustöðuna hjá Skjern við annan Íslending, Jón Jóhannsson.



LÝKUR KEPPNI MEÐ HAUKUM Vignir Svavarsson er að leika sitt síðasta tímabil með Haukum í bili því hann er búinn að semja við Skjern í Danmörku. Fréttablaðið/Hari

„Samkeppni er bara af hinu góða og það verður gaman að glíma við strákinn. Ég er mjög spenntur fyrir þessu dæmi enda hef ég eins og allir metnaðarfullir

íþróttamenn stefnt að því að komast í atvinnumennsku. Ég verð vonandi betri leikmaður í kjölfarið,“ sagði Vignir Svavarsson.

henry@frettabladid.is

Knattspyrnumaðurinn Ólafur Ingi Skúlason hjá Arsenal:

Frá í tvo mánuði enn

FÓTBOLTI Ólafur Ingi Skúlason, fyrirliði U-21 árs landsliðs Íslands og leikmaður með Arsenal, er enn meiddur og verður væntanlega frá keppni næstu tvo mánuðina í það minnsta.

Ólafur Ingi, sem hefur varla spilað leik síðan hann lék með U-21 árs landsliðinu gegn Svíum í október, er með beinmar á lífbeini en þau meiðsla geta verið ansi þrálát.

Ólafur Gardarsson, umboðsmaður Ólafs Inga, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að Ólafur Ingi hefði byrjað of snemma að

æfa og því hefðu meiðslin tekið upp á nýjan leik. Ólafur Ingi var á leiðinni til hollenska liðsins Groningen fyrir áramót en það datt upp fyrir vegna meiðsla. Ólafur sagði áhuga Groningen enn vera til staðar en fyrst þyrfti Ólafur Ingi að fá sig góðan af meiðslunum.

Samningur Ólafs Inga við Arsenal, sem var til eins árs, rennur út í vor og getur hann þá farið frítt til hvaða liðs sem er. Hann hefur verið hjá Arsenal undanfarnir þrjú ár fyrir utan eitt sumar þar sem hann var lánaður



ÓLAFUR INGI SKÚLASON

Verður frá næstu tvo mánuðina vegna meiðsla.

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla

ÍR-HK 31-38
 ÍR: Hannes Jón Jónsson 8, Bjarni Fritzon 7,
 HK: Valdimar Þórssón 9, Elías Már Halldórsson 8.
 Björgvin Páll Gústavsson varði 23 skot í marki
 HK.

HK vann öruggan sigur, hafði 18-14 yfir í hálfleik og aldrei minna en fimm marka forskot í seinni hálfleiknum. Þessi lið mættast einmitt í bikarúrslitaleiknum eftir tæpar tvær vikur.

VALUR-HAUKAR 23-33
 Mörk Vals: Baldvin Þorsteinsson 7, Sigurður Eggertsson 4, Vilhjálmur Halldórsson 3, Ingvar Árnason 3, Ásbjörn Stefánsson 2, Heimir Örn Árnason 2, Elvar Friðriksson 1, Brendan Þorvaldsson 1.
 Varin skot: Pálmar Pétursson 7, Hlynur Jóhannesson 2.
 Mörk Hauka: Þórir Ólafsson 8, Gísli Jón Þórisson 6, Halldór Ingólfsson 6, Andre Stefan 6, Vignir Svavarsson 3, Freyr Brynjarsson 2, Jón Karl Björnsson 2.
 Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 14.

Jafnræði var með liðnum í fyrri hálfleik og staðan í leikhléi var 13-15. Seinni hálfleikurinn var hins vegar eign Hauka sem sundurspiluðu vörn Valsmanna hvað eftir annað og uppskáru öruggan sigur.

STAÐAN

| | | | | | | |
|----------|---|---|---|---|---------|----|
| HK | 8 | 5 | 0 | 3 | 259-238 | 10 |
| HAUKAR | 8 | 4 | 1 | 3 | 253-242 | 9 |
| KA | 8 | 4 | 1 | 3 | 243-242 | 9 |
| VALUR | 8 | 4 | 0 | 4 | 205-218 | 8 |
| ÍR | 8 | 4 | 0 | 4 | 242-244 | 8 |
| ÍBV | 7 | 3 | 0 | 4 | 212-206 | 6 |
| VÍKINGUR | 8 | 3 | 0 | 5 | 219-228 | 6 |
| ÞÓR | 7 | 3 | 0 | 4 | 196-210 | 6 |

DHL-deild kvenna

HAUKAR-STJARNAN 27-27
 Mörk Hauka: Ramune Pekerskyte 8, Ragnhildur Guðmundsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5, Harpa Melsted 3, Erna Þránsdóttir 3, Anna Guðrún Halldórsdóttir 2.
 Mörk Stjornunnar: Kristín Guðmundsdóttir 6, Anna Blöndal 5, Hekla Daðadóttir 4, Hind Hannesdóttir 4, Elzbieta Kowal 4, Ásdís Sigurðardóttir 2, Anna Einarsdóttir 1, Elísabet Gunnarsdóttir 1.

Haukaliðið virðast vera að missa eitthvað flugið, liðið vann 13 fyrstu leiki sína en hefur síðan aðeins unnið einn af síðustu 4 leikjum sínum.

STAÐAN

| | | | | | | |
|-----------|----|----|---|----|---------|----|
| HAUKAR | 17 | 14 | 2 | 1 | 504-396 | 30 |
| ÍBV | 16 | 13 | 0 | 3 | 469-408 | 26 |
| STJARNAN | 17 | 8 | 3 | 6 | 431-406 | 19 |
| VALUR | 17 | 9 | 0 | 8 | 411-412 | 18 |
| FH | 17 | 6 | 4 | 7 | 451-476 | 16 |
| GRÓTTA/KR | 17 | 5 | 0 | 12 | 385-430 | 10 |
| VÍKINGUR | 16 | 4 | 0 | 12 | 384-422 | 8 |
| FRAM | 17 | 3 | 1 | 13 | 382-467 | 7 |

1. deild kvenna í körfu

GRINDAVÍK-NJARÐVÍK 49-46
 Stig Grindavíkur: Sólveig Gunnarsdóttir 18, Myriah Spence 9, Erla Reynisdóttir 6, María Gunnarsdóttir 5, Theodóra Káradóttir 4, Erla Þorsteinsdóttir 3.
 Stig Njarðvíkur: Jamie Woodstra 16, Vera Jancic 15, Helga Jónasdóttir 8, Sigurlaug Rúna Guðmundsdóttir 4, Margrét Kara Sturludóttir 2, Emma Hanna Einarsdóttir 2.

STAÐAN

| | | | | | |
|-----------|----|----|----|-----------|----|
| KEFLAVÍK | 16 | 13 | 3 | 1293-1002 | 26 |
| GRINDAVÍK | 17 | 12 | 5 | 1054-1015 | 24 |
| ÍS | 17 | 10 | 7 | 1100-1028 | 20 |
| HAUKAR | 16 | 8 | 8 | 1064-1112 | 16 |
| NJARÐVÍK | 17 | 5 | 12 | 1024-1118 | 10 |
| KR | 17 | 2 | 15 | 992-1253 | 4 |

Ítalska bikarkeppnin

INTERNAZIONALE-ATALANTA 3-0
 1-0 Alvaro Recoba (31.), 2-0 E.re (36.), Julio Ricardo Cruz (55.).

Evrópukeppni félagsliða

PARTIZAN-DNIPRO 2-2
 1-0 Emaunel Odita (12.), 1-1 Serhiy Nazarenko (28.), 2-1 Emaunel Odita (45.), 2-2 Andriy Rusol (57.)
 SHAKHTAR DONETSK-SCHALKE 1-1
 0-1 Ailton (7.), 1-1 Evaeyerson Brandau (86.).
 PANATHINAIKOS-SEVILLA 1-0
 1-0 Loukas Vyntra (75.).
 AJAX-AUXERRE 1-0
 1-0 Andrade Maxwell (36.).
 PARMA-STUTTART 0-0

Þetta eru fyrri leikir liðanna í 16 liða úrslitum en seinni leikirnir fara fram eftir tvær vikur.



Sóknarmaðurinn Magnús Þorsteinsson hefur yfirgefið herbúðir Keflvíkinga:
Reifst við Guðjón og fór til Grindavíkur

FÓTBOLTI Sóknarmaðurinn Magnús Þorsteinsson skrifaði í gær undir þriggja ára samning við Landsbankadeildarlið Grindavíkur en hann hefur leikið allan sinn feril með Keflavík. Magnús, sem er 22 ára gamall, var laus undan samningi við Keflavík en hafði reyndar verið gerður brottrækur af Guðjóni Þórðarsyni, þjálfara liðsins,

sem fannst hann ekki leggja nógu hart að sér við að fá sig góðan af meiðslum sem hafa hrjád hann.

Magnús sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði fundið fyrir miklum áhuga frá Grindavík og ekki skemmdi fyrir að hann þekkti þjálfara Grindavíkur, Milan Stefán Jankovic, vel frá því að hann þjálfaði í Keflavík. „Ég þekki Milan vel og veit að hann hefur trú á mér. Mér líst vel á þetta verkefni og ætla að standa mig á nýjum stað,“ sagði Magnús sem viðurkenndi að hann kveðdi Keflavík með söknuði.

„Allir mínir vinir eru úr Keflavík en málin þróuðust þannig að ég gat ekki verið þarna. Það er auðvitað hundfúlt að kveðja félag-

ið á þessum nótum en lítið sem er hægt að gera í því. Það er í það minnsta öruggt að ég mun ekki spila aftur með Keflavík á meðan Guðjón er við stjórnvölinn, ekki eftir þessa framkomu.“

Keflvíkingar hafa látið að því liggja að Magnús hafi snúið til baka úr meiðslum nokkrum kílóum þyngrri en áður en hann vísaði því alfarið á bug.

„Ég viðurkenni að ég bætti aðeins á mig en ég hef verið með einkaþjálfara frá áramótum og er að komast í gott form. Ég verð klár eftir tíu daga og er staðráðinn í því að festa mig í sessi sem alvöruleikmaður í efstu deild,“ sagði Magnús.



MAGNÚS ÞORSTEINSSON Sést hér fagna á góðri stund með Hólmari Rúnarsyni, félagasínum í Keflavíkurlíðinu. Magnús er farinn frá Keflavík eftir rifrildi við Guðjón Þórðarson.

-osk

NÝTT KORTATÍMABÍL

20"
frábært verð
15.995

ELFUNK 2009
20" sjónvarp með textavarp. Scart tengi. Allar aðgerðir á skjá. Fullkomin fjarstýring.

28"
frábært verð
24.995

ELFUNK 2840
Nicom Stereo. Íslenskt textavarp. 2 Euro scart tengi. **Tengi að framan fyrir leikjatólvur o.fl.** Heyrnatólatengi. Fullkomin fjarstýring.

60.000 afsláttur

22" LCD
89.995
Verð áður 149.995

ELFUNK 2201
Nicom Stereo
Íslenskt textavarp
2 Euro scart tengi
Upplausn WXGA 1280X720
Skerpa 500:1
PC tengi
Heyrnatólatengi
Fullkomin fjarstýring

38% afsláttur

SCOTT DSX-550
4.995
Verð áður 7.995
DVD spilar sem spilar öll svæði. Spilar: DVD/VCD/SVCD/DVD+RW/DVD+R DVD-RW/DVD-R/JPG/MP-3. Dolby Digital Fullkomin fjarstýring

23% afsláttur

SCOTT DVX820
9.995
Verð áður 12.995
DIVX DVD spilar sem spilar öll svæði. Spilar: DVD/VCD/SVCD/DVD+RW DVD+R/DVD-RW/DVD-R/JPG/MP-3 Dolby Digital. Fullkomin fjarstýring PROGRESSIVE SCAN

26% afsláttur

AIWA CSD-FD99
11.995
Verð áður 18.995
Ferðatæki með geislaspilara, útvarpi og segulbandi. Fjarstýring.


100.000 afsláttur

30" LCD
149.995
Verð áður 249.995

ELFUNK 3008
Nicom Stereo. Íslenskt textavarp. 2 Euro scart tengi. Skerpa 600:1. Upplausn WXGA 1366X768. PC tengi. Heyrnatólatengi. PIP mynd í mynd. 2 tunerar. Fullkomin fjarstýring

www.radio.is
RADIÓBÆR
 ARMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

TRKGYN & VU] KX & ØNQT'



St. znut eXuhhøy

Lp nř xg& gng&ul(x' s yqk& s kÜ&|gz a ngxp&ilgxt { s & un& kzy' f n' l{tj a { s &it znut e& Xuhhá y&Rut j ut &4& g'866; 4 T' t g&vvi&ya ng&an&q' t a n& ' & } } 4 ngt nk&u{ xrd k4y& kÜg&ÿ& g&??3<7=& &7=3 7=74

PURINA PRO PLAN LIFE PLAN™

NUTRITION PROGRAMME

Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn



GARÐHEIMAR

Söluaðili: Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6 109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Ábyrgt fress í Vesturbænum óskast

SVANBORGU SIGMARSDÓTTUR GRUNAR FJÖLGUN Á HEIMILINU.



Því var fagnað mikið um daginn að kattargreyið mitt væri loksins tekið að fitna svólítið. Hún hefur alltaf verið soddan mjóna. Ég sá það alveg í hendi mér að breytt mataræði og örugglega aukin kolvetnaneysla væru orsakir þess að hún var eitt-hvað aðeins farin að verða búlduleitari, þó aðallega í kringum magann væri. Síðan bara hætti hún ekkert að stækka, það er að segja maginn á henni hætti ekki að stækka. Já, ég á læðu og hef illan grun um að einhvern tímann þegar henni var hleypt út hafi hún leyft einhverju fressinu

ad vera að ybbast upp á sig, með tilheyrandi niðurstöðu. Það eru þrjár aðilar sem ég get kennt um; læðunni, fressinu og svo mér fyrir að vera ekki búin að koma því í verk að panta tíma hjá dýralækni. Ég sá hvernig greyið kvaldist þegar hún var breima. Hvernig hún skreið eftir gólfum og mjálmaði ámatlega. Eftir að hafa orðið vitni að slíku get ég ekki kennt henni um. Hún bara gat ekki annað. Ég tel mig ekkert ábyrga. Það verða allir að taka ábyrgð á sínum verkum, hvort sem gengið er á fjór-um fótum, eða tveim. Eftir að hafa horft á óteljandi Disney- og Pixar-myndir með dýr í aðalhlutverki veit ég vel að dýr hafa líka tilfinningar, geta hugsað og finna fyrir ábyrgðar-

kennd. Sérstaklega gagnvart ungum sínum. Því get ég ekki annað en komist að þeirri niðurstöðu að ábyrgð fresskattarins hljóti að vera meiri en mín. Það er ekki ótrúlegt að fressið búi einhvers staðar í nágrenni við mig. Því hlýtur hann að taka eftir því ástandi sem við búum nú við. Ef hann man eftir því sem gekk á fyrir örfáum vikum eða mánuðum (hef ekki komist að því hve lengi kettir eru kettlingafullir), þá hlýtur fressið að vita að hún gengur með kettlingana hans. Því auglýsi ég eftir ábyrgu fressi sem er tilbúið að gangast við afkvæmum sínum og annað hvort borga með þeim meðlag, eða sjá um helming þeirra, því ekki er þetta mér að kenna. ■

Jumbo

Veislubakkar

Þrjár tegundir af líuffengum veislubökkum



Jumbo Samlokur www.jumbo.is

Frí heimsending • Pöntunarsími: 554-6999

myndasögur

PONDUS Eftir Frode Överli



Ég spyr nú bara aftur! Af hverju eru bókstafir í reikningsdæminu mínu?

X og Y og hvað þetta allt heitir! Fari það kolað!

Svona, svona! Bókstafir eru bara hluti af reikningsdæminu!

Af hverju eru bókstafir í reikningsdæmunum?

GELGJAN Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Ég er virkilega hrifinn af þessari DVD-tækni.

Hvað með þig, pabbi?

Öhh...

Þú veist hvað DVD er? Er það ekki pabbi?

Víst veit ég hvað DVD er!

Í alvöru talað! Það vita allir hvað DVD er!

Dansandi við dúkkur eða...?

Nú ferðu inn til hans og viðurkennir mistök þín!

Allir vita hvað DVD er?

PÚ OG PA Eftir SÖB



Pétur! Ekki kreista nafninn svona. Þetta er ekki gúmmi haus!

Hvað á að gera við þig, auðuleysingur?

Pú segir nokkuð! Gúmmi haus! Það gefur mér góða hugmynd!

Pétur og Mikael reyndu að finna einhver verkefni fyrir Jóhanneshaus.

KJÖLTURAKKAR Eftir Patrick McDonnell



Peysu veður

Segðu!

BARNALÁN Eftir Kirkman/Scott



Allt í lagi...hver faldi skóna mína í skápnum?

Líkamsrækt

RopeYoga

Nýtt heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Markviss uppbygging og styrking fyrir líkamann þar sem miðjan – kviður og bak – gegnir lykilhlutverki.

Nýtt 8 vikna námskeið hefst 2. mars

Þriðjudagar og fimmtudagar kl. 6:15, 7:15, 8:20 og 10:00.

Mánudagar, miðvikudagar og föstudagar kl. 13:30.

Framhaldsnámskeið á mánudögum kl. 14:30, þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13:30.

Innritun er hafin Vinsamlega staðfestu fyrir 24. febrúar

Vertu velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB

leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík Sími 581 3730 • Bréfsími 581 3732

www.jsb.is

LEIKLIST

Söngur, leikur og ástarþríhyrningur

Stuðmannmyndin Með allt á hreinu er viðfangsefni Leiklistarfélags Menntaskólans við Sund í leikriti sem var frumsýnt í fyrradag í Loftkastalanum. Leikritið nefnist „Komin til að sjá og sigra“ og er hetjusaga um ungt fólk að brjótast til metorða. „Þetta er leikverk með söngvum og dansi og fjallar um sömu karakterana og eru í myndinni en við búum til örliðið ólíka sögu í sama konsepti,“ segir leikstjórinn, Guðmundur Jónas Haraldsson. „Söguhetjan er stelpa og inniheldur sagan meðal annars áhugaverðan ástarþríhyrning. Sagan sjálf gerist í Reykjavík, úti á landi og í New York og er því aðeins öðruvísi en sú upprunalega auk þess sem við

bætum nokkrum nýjum karakterum við.“ Alls eru um sjötfu nemendur sem koma að sýningunni á ýmsan hátt og er stefnt á að sýna sjö sýningar til að byrja með. Að sögn Guðmundar er mjög mikið af hæfileikaríku fólki í skólanum sem kemur að sýningunni. „Ég er ekki frá því að ein söngkonan þarna sé næsta díva Íslands og strákurinn sem sér um tónlistina er í fyrsta bekk og er algjört undrabarn og virðist spila á öll hljóðfæri.“ Ýmsar nýjungar verða í sýningunni og til dæmis er notaður risamyndskjár, óvænt fimleika- og áhættuatriði verða framin úti í sal og áhorfendur fá að velja endi á sögunum. „Krakk-



LEIKFÉLAG MENNTASKÓLANS VIÐ SUND Frumsýndi leikritið „Komin til að sjá og sigra“ í fyrradag en það er byggt á Stuðmannamyndinni Með allt á hreinu.

arnir hafa lagt sig alla fram við að undirbúa sýninguna og þetta er að taka á sig gríðarlega flotta mynd. Næsta sýning er á laugardaginn klukkan átta og við hvetjum að sjálfsgöðu alla til að mæta.“

hilda@frettabladid.is

MÁL MICHAELS JACKSON

Jackson með flensu



MICHAEL JACKSON

Vali á kviðdómi í máli popparans Michael Jackson var frestað í annað sinn á undanförunum tveimur vikum eftir að Jackson var fluttur á sjúkrahús með flensu. Talið er að hann verði í tvo til þrjá daga að jafna sig.

Verjendur Jackson nefndu nýverið stórstjórnurnar Elizabeth Taylor, Jay Leno, Quincy Jones og körfuboltamanninn Kobe Bryant sem hugsanleg vitni í réttarhöldunum yfir honum.

Á meðal fleiri vitna sem hafa verið nefnd til sögunnar eru: Stevie Wonder, Diana Ross, Chris Tucker, barnastjarnan fyrrverandi Corey Feldman, Nick Carter úr hljómsveitinni Backstreet Boys, frétt-

maðurinn Ed Bradley, spjallþáttastjórnandinn Larry King, hinn skyggni Uri Geller, sjónhverfingamaðurinn David Blaine og ættingjar leikarans látna, Marlon Brando.

Einnig hefur Martin Bashir verið nefndur til sögunnar en hann gerði umdeilda heimildarmynd um Jackson fyrir tveimur árum. Þar sást Jackson halda í höndina á piltinum sem hefur ákært hann fyrir kynferðislega misnotkun auk þess sem Jackson hélt því fram í þættinum að það væri eðlilegt að deila rúmi með börnum. ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eva Longoria sem leikur í sjónvarpsþáttaröðinni The Desperate Housewives vill leiðrétta allan miskilning um að hún hafi verið uppgötvuð á Starbucks. „Þetta er svo



fyndið, fólk heldur að ég hafi verið að vinna á Starbucks og svo sé ég skyndilega orðin stjarna. En ég hef unnið sem leikari í sjö ár svo það er ekki eins og þetta sé eitt-hvað nýtt fyrir mér,“ segir Longoria.

Leikarinn Bill Murray segist stundum íhuga að hætta að vinna sem leikari og gerast rithöfundur. „Mér hefur gengið mjög vel hingað til og ef ég skipti um starf þá gæti það líka verið spennandi. Stundum hugsa ég um hversu sáttur ég er við feril minn en einnig hvort þetta sé það eina sem mér var ætlað að gera. Mig hefur alltaf langað til að skrifa eitthvað, jafnvel leikrit,“ segir Murray en nýjasta mynd hans, The Life Aquatic, er væntanleg



hingað til lands.

Nicolas Cage og konan hans, Alice Kim, eiga von á sínu fyrsta barni saman. Þau hittust á næturklúbbi í fyrra og giftu sig 30. júlí en Kim vann þá sem þjónustustúlka. Cage á fjórtán ára son fyrir sem heitir Weston en móðir hans er Kristina Fulton. Cage var áður giftur leikkonunni Patriciu Arquette og söngkonunni Lisu Marie Presley.



Næsta plata Madonna verður eilítið rokkaðri en fyrri plötur söngkonunnar. „Eftir að hafa búið í Bretlandi í talsverðan tíma er söngkonan orðin mikill aðdáandi hljómsveita eins og Franz Ferdinand og einnig elskar hún hljómsveitina The Darkness. Hún er langt komin með nýju plötuna, sem er talsvert rokk-uð,“ sagði talsmaður söngkonunnar. Hinir sænsku Bloodshy og Avant

sem gerðu lagið Toxic fyrir Britney Spears hafa verið beðnir um að semja lag fyrir plötuna.

Gwyneth Paltrow hefur sett hús sitt í New York á sölu. Paltrow og eiginnmaður hennar, Chris Martin, hafa eytt mestum tíma sínum í London síðan dóttir þeirra, Apple, fæddist fyrir níu mánuðum. Hús þeirra í Belsize Park á Englandi var áður í eigu Kate Winslet og keypti parið það í júlí síðastliðnum. Næsta mynd Paltrow er Running with Scissors og hefjast tölur í Los Angeles í næsta mánuði.

ÚTSÖLUMARKAÐURINN GLÆSIBÆ

Ertu búinn að koma og sjá úrvalið?

Ótrúlegt úrval af vinsælum herra-, dömu- og barnaskóm:

Frábær verð eða frá kr. 995,-

- Leðurstígvél
- Rússkinsstígvél
- Spariskór
- Fermingarskór
- Kuldaskór
- Sportskór
- Inniskór

Mikið úrval af tösikum, eitt verð kr. 995,-

Nýjar vörur í hverri viku!

Opið sem hér segir:
Í dag, laugardag frá 10:00-18:00
Sunnudag frá 13:00-17:00
Alla virka daga frá 10:00 –18:00

Nýtt kortatímabil!

Komdu og gerðu góð kaup!

Skómarkaðurinn
Glæsibæ
S: 693-0997



VEITINGASTAÐURINN TJARNARBAKKINN Í IÐNÓ



TJARNARBAKKINN ER Á MIÐHÆÐ IÐNÓ

Vel geymt leyndarmál

Hver og hvar:

Veitingahúsið Tjarnarbakinn í Iðnó, Vonarstræti 3, 101 Reykjavík.

Hvernig er stemningin?

Ef mann langar í virkilega góðan mat í fallegu og gamaldags umhverfi er Tjarnarbakinn í Iðnó rétti staðurinn. Stemningin er hlýleg og ekki er laust við að smá rómantik svífi yfir vötnum. Fallegt útsýni yfir tjörnina skemmir heldur ekki. Mikið er lagt upp úr aðbúnaði. Borðin eru dúkuð með hvítum stíffressuðum dúkum og tausevttur gera máltíðina hátíðlega. Þjónustan er nokkuð góð og gæði fyrir og eftir mat er hægt að tylla sér í koniaksstofuna á efstu hæðinni. Hún er innréttuð með gömlum húsgögnum, fjölskyldu-myndum og leikföngum sem gera staðinn skemmtilega öðruvísi.

Matseðillinn:

Það er ekki hægt að segja annað en að matseðillinn sé í stíl við húsið, góður og gamaldags. Það er ekkert framúrsteftulegt á matseðlinum

heldur er lagt mikið upp úr vel úti látnum og bragðgóðum réttum. Á matseðlinum eru alls kyns afbrigði af fiski og lambi en einnig er boðið upp á girnileg salöt og grænmetisborgara fyrir þá sem eru ekki í kjötinu. Það ættu því allir að geta fengið eitthvað við sitt hæfi.

Vinsælast:

Maríneruð kjúklingabringa með hnetuhrísgjónum er einn vinsælasti rétturinn á matseðlinum. Einnig eru leikhúsmatseðlarnir mjög vinsælir en á þeim er boðið upp á þriggja rétta máltíð á 3.900 kr.

Réttur dagsins:

Það eru engir réttir sem bera nafnið réttur dagsins en hægt er að líta á leikhúsmatseðlana sem rétti dagsins. Yfir sumartímann er sérstakur matseðill sem er sérsníðinn að ferðamönnum en Íslendingar þurfa þó alls ekki að klæða sig í goritexgalla og setja á sig bakpoka til að panta af þeim seðli heldur er hann í boði fyrir alla.

CERES ROYAL: Kominn í ferðatöskur

Nú fæst danski bjórinn Ceres Royal Export í 12 dósa ferðatöskum líkt og bróðir hans Faxe hefur gert um nokkurt skeið við miklar vinsældir Íslendinga. Ceres Royal Export er vinsælasti bjórinn í Danmörku í sínum flokki, flokki gullbjóra. Framleiddur af Ceres Bryggerierne í Árósum sem er systurfyrirtæki Faxe Bryggeri á Sjálandi. Allt frá því að Faxe Premium hélt innreið sína á markaðinn hefur markmið framleiðandans



verið að kynna íslenskum neytendum bjór á verði sem er samþæflegt til Vínubúa eins og gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Þessi verðstefna hefur skilað Faxe Premium í flokk þriggja mest seldu bjóra á Íslandi og verðið á Ceres er það lægsta á bjórum af samþæflegum styrkleika.

Bjórinn er 5,5% að styrkleika og kostar 33cl dósi af honum 139 kr. Ferðataska með 12 bjórum kostar því 1.668 kr.

Aukavika 24. apríl 2005 Sparidagar á Hótel Örk Fyrir alla eldri borgara



Gunnar Þorláksson skemmtanastjóri Sparidaga á Hótel Örk

Vegna mikillar aðsóknar á Sparidagana nú í vor er búð að bæta við aukaviku við áður auglýsta dagskrá.

Að venju verður í boði fjölbreytt dagskrá, m.a.:

Morgunhreyfing, bingó, félagsvist, gönguferðir, danskennsla, leikjanámskeið, ferðalag og svo öll tómstundariða hótelsins, auk kvöldskemmtana með söng, dansi og gamnámálum á hverju kvöldi.

Verð einungis krónur 21.800,-

Innifalið: Gisting í fimm nætur m.v. tvíþýli, morgunverður, þrírrettadur kvöldverður ásamt skemmtidagskrá alla daga.

HÓTEL ÖRK

Sími 483 4700

Lykill að íslenskri gestrisni HÓTEL ÖRK

Suða úr öllum heimshornum:

Veði til að elda



Arnór Benonýsson, kennari á framhaldsskólanum á Laugum, byrjaði að elda fyrir þrjátíu árum. „Mamma var veik, og þar sem ég var yngstur lenti það á mér að elda,“ segir hann og bætir því við að sú máltíð hafi kannski ekki verið upp á marga fiska. „Síðan hef ég lært og þróað mína matargerð.“ Arnór segist ekki fylgja neinni sérstakri matargerðarlínu, heldur blandi saman danskri, íslenskri, austrænni og eiginlega allri matargerð. „Ég les mikið af uppskriftum, og er með matreiðslubækurnar í bland við spennusagnabækurnar á náttborðinu,“ segir hann og hlær, matreiðslan augljóslega ekki gerð af nauðsyn heldur brennandi áhuga.

„Sumir spila golf, ég elda, enda finnst mér það róandi og ég fæ að vera alveg í friði.“ Hann segir eftirminnilegustu máltíðina sína hafa verið á Grænlandi, þegar hann ásamt sex öðrum karlmönnum sigldi um Suður-Grænland. „Við vorum með Stefáni hreindýrabónda, í tjöldum með ekkert gas, og elduðum hreindýrakjöt sem hann hafði skotið fyrir ferðina á opnum eldi. Þetta var algjör frumennska og alveg frábært.“ Arnór er sjálfur mikill veiðimaður, en segist þó ekki alveg vita hvort hann eldi til þess að veiða eða veiði til þess að elda. „Sennilega er þetta beggja blands,“ segir Arnór, en hann hefur líka komið sér upp einfaldri tækni við að grafa lax.

RÆKJU- OG SILUNGSBOLLUR

1 flak af reyktum silungi sama magn af rækju
1 egg
1-2 msk. hveiti
olia til steikingar
svartur pipar

SÓSA

humar- eða fiskisóð
sæt chili-sósa

Saxið silunginn og rækjuna fint, kryddið með svörtum pipar, setjið eggjöld út í og hveitið til bindingar. Hrærið saman í fars með höndunum. Mótið litlar bollur og djúpsteykið. Berið fram með sósu úr góðu humar- eða fiskisóði, bættu með sætri chili-sósu og hrísgrjónum.

MATGÆÐINGURINN

KRISTJÁN INGI GUNNARSSON, SJÓNVARPSMAÐUR Í ÓPINU

Ógleymanlegar Lukkulákarúllur

Hvaða matar gætir þú síst verið án?

Ég gæti ekki verið án afrisks grænmetisréttar sem kærastan mín eldar. Hann er fullur af alls kyns grænmeti eins og lauk, papriku, brokkolí og hvítlauk. Í honum eru líka niðursoðnir tómatar og karrímauk.

Er einhver matur sem þér finnst vondur?

Mér finnst bæði gellur og rauðmagi mjög vondur af því að þetta er svo slepjulegt. Svo er ég lítið fyrir þorramat. Var á þorrabloti um helgina og þurfti alveg að pína matinn í mig.

Fyrsta minningin um mat?

Það voru hinar frægu Lukkulákarúllur sem ég fékk á gamlárskvöld þegar ég var lítill. Ég man nú ekki hvað ég var gamall en ég var lítill og feitur. Í Lukkulákarúllunum voru bæði pylsur og rækjur sem vafðar voru inn í beikon og ég man hvað mér þótti þær góðar. Við fjölskyldan vorum í áramótapartíi á Akureyri þegar þessi matur var borinn fram. Ég man hvað mér fannst spennandi að borða rúllurnar með tannstönglum. Fyrir utan Lukkulákarúllurnar er kornflexið mjög eftirminnilegt en ég borðaði mikið af því á morgnana.

Besta máltíð sem þú hefur fengið? Í sumar labbaði ég Fimmvörðuháls-



ARNÓR BENONÝSSON Segist nota eldamennskuna til þess að róa sig og hún sé jafn mikið áhugamál og golfið fyrir suma.

PIPARMYNTULÆRI

1 stk. lambalæri
rauður pipar
cayenne-pipar
salt
fersk eða þurrkuð piparmynta

Kryddið lærið með rauðum pipar og örllitlu af cayenne-pipar, dálitlu salti og helling af piparmyntu. Þrýstið kryddinu vel inn í kjötið og steikið að smekk.

SÓSA

lambasóð
1 msk. tómatsósa
1 tsk. djon-sinnep
rauður pipar
cayenne-pipar
piparmynta
rjómi
sósuþykkir

Þetta á síðan að bera fram með uppáhaldsmeðlæti hvers og eins.



Leyndarmál úr eldhússkápnum?

Ef maður á egg getur maður alltaf galdrað eitthvað úr skápunum eins og ommelettur.

Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?

Þá fæ ég mér einhvern góðan desert eftir matinn til að fullkomna máltíðina. Ís með snickerssósu klinkar aldrei.



Hvað áttu alltaf í is-skápnum? Friskamín, egg, ost, létt og laggott, hálfá krukku af fetastí og vítamín.

inn ásamt félögum mínum. Það vildi svo óheppilega til að það gleymdist að senda kjötið og bjórinn í skálann okkar í Básunum svo við vorum matarlausir þegar við komumst loks á leiðarenda. Skálavörðurinn lét okkur fá tvær núðlusúpur, hrísgrjón og gamalt oststykki. Þessu blönduðum við öllu saman og borðuðum með bestu lyst enda vorum við orðnir mjög svangir. Með þessu helltum við upp á rótsterkt kaffi. Þó að þetta væri engin veislumáltíð var þetta þó það besta sem ég hef fengið og kenndi mér smá lexíu.

Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér? Ég myndi taka með mér þýsku ofn-súpuna sem ég fékk hjá mömmu í vikunni. Hún var virkilega góð. Einn pottur af henni myndi líka duga mér í mánuð eða meira.

Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?

Ætli ég verði ekki að segja kolkraðarnir á Ítalíu. Mér fannst þeir ekkert spes á bragðið.



Ekta ítalskt bragð úr þínum ofni

Ítalskar þunnar gæðapizzur, svo
góðar að þú gætir haldið að
þú værir á ítölskum
veitingastað



- Ert þú búin(n) að prófa?

Original
Wagner

tónlist



MARS VOLTA Mikil eftirvænting er eftir nýjustu plötu sveitarinnar, sem kemur út á mánudag.

Afróhausarnir snúa aftur

Bandaríska rokksveitin The Mars Volta gefur út aðra breiðskífu sína á mánudag. Gagnrýnendur og aðdáendur um allan heim bíða með öndina í hálsinum.

Jæja, elskurnar. Þá er kominn tími til þess að taka upp krullujárnið og hárspreiði á ný því afróhausarnir í The Mars Volta snúa aftur með nýja breiðskífu á mánudaginn næsta.

Frumraun sveitarinnar, De-loused in the Comatorium, var valin plata ársins 2003 á síðum Fréttablaðsins og því er mikil eftirvænting eftir næstu afurð. Því er lofað að hún verði svipuð hljóðveisla og að kryddið verði ekki sparað þegar kemur að því að bragðbæta effekta-súpuna.

Hvað sem þið gerið, ekki spyrja Cedric Bixler eða Omar Rodriguez-Lopez spurninga um strauða eða stefnur í tónlist þeirra. Frá því að þeir stofnuðu rokkdúettinn úr ösku At the Drive-In árið 2001 hafa þeir reynt hvað þeir geta að komast hjá því að vera ýtt niður í farveg eldri sveita. Flestir gagnrýnendur myndu líklegast samþykka að flokka þá undir framúrstefnurokk (prog rock) eða emo-rokk en þeir félagar bregðast víst afar illa við öllum spurningum sem innihalda þessi tvö orð. Þeir segja þessa merkimiða út í hött, því það segi sig sjálf að tónlist gerð af hugsandi einstaklingum hljóti að verða framúrstefnuleg. Einnig verði tónlist sem búin sé til úr blæðandi hjörtum alltaf tilfinningarik.

Á fyrstu plötunni þeirra fjölluðu allir textar um ferðalag manns sem lá í dauðadái um huga sinn. Þegar hann svo vaknaði ákvað hann að fremja sjálfsmorð.

Þó það sé líka rauður þráður í gegnum alla nýju plötuna, Francis the Mute, vilja þeir félagar helst ekki heyra minnst á orðið „þema-plata“. Fyrir þeim hljóta allar plötur sem eru gerðar frá einum tímapunkti til annars að hafa einhvers konar þema. Hmmm, hljómar eins

og sveit sem er ekki reiðubúin til þess að viðurkenna hið rétta eðli sitt.

Eins og á fyrri plötunni er sagan ekki smíðuð úr hreinum uppspuna. Fyrri platan fjallaði um æskuvin þeirra frá El Paso í Suður-Texas, sem dó af völdum eiturlyfja. Hún fjallaði því að miklu leyti um vina-missi.

Sennin platan gerir það líka en frá öðru sjónarhorni. Í þetta skiptið eru textarnir unnir upp úr dagbók sem Jeremy Ward, fyrrum hljóðskúlptor sveitarinnar, fann í baksæti bíls. Hann vann þá fyrir ríkisstjórnina við að sækja bíla sem voru teknir upp í skattaskuld. Ward dó rétt eftir útgáfu fyrstu plötunnar af of stórum skammti eiturlyfja.

Ward las dagbókina og komst að því að hann og höfundurinn áttu margt sameiginlegt. Báðir voru þeir ættleiddir og stöðugt að reyna að finna upplýsingar um líffræðilega foreldra sína. Höfundur bókarinnar greindi frá rannsókn sinni og hvernig hann var alltaf að komast nær og nær sannleikanum um uppruna sinn. Höfundur dagbókarinnar var einnig að glíma við eiturlyfjafíkn, eins og Jeremy Ward. Eftir að hafa lesið bókina sagði hann félögum sínum í The Mars Volta frá henni og eftir dauða hans lásu þeir hana sjálfir. Hvert lag á plötunni er nefnt eftir einhverri persónu úr dagbókinni.

Á plötunni eru aðeins fimm „lög“ sem renna hvert inn í annað. Líðsmenn sveitarinnar segja þagnir á milli laga eyðileggja fyrir hlustunarupplifuninni. Þær séu eins og bíl á milli allra atriða í kvikmyndum. Platan er um 75 mínútur að lengd og nær eitt laganna vel yfir hálf tímann. Sem sagt ekki mikið léttmeti þar á ferð.

Gítarleikarinn Omar Rodriguez-Lopez stjórnaði sjálfur upptökum á þessari plötu, en síðast fengu þeir félagar Rick Rubin til þess að snúa tökkunum. Sveitin er að leggja grunn að tónleikaferð um Evrópu og Bandaríkin. Sjálfir segja þeir félagar að nú séu þeir loksins búin að slíta barnsskónum og að verða að alvöruljómsveit. biggi@frettabladid.is

| HLJÓMSVEITIR VIKUNNAR |

Hverjir eru Kasabian?

Sveit frá Lundúnum sem er með heitari ungu böndunum í Bretlandi um þessar mundir. Fékk fjölda tilnefninga til Brit-verðlaunanna í ár en fór heim tómhent. Einhver sagði að frumraunin Kasabian hljómaði eins og Second Coming með The Stone Roses hefði átt að hljóma. Sveitin leikur indírokk sem svipar mikið til bresku nýbylgjunnar frá byrjun síðasta áratugar. Smá keimur af Stone Roses, Ride, Primal Scream og Happy Mondays.



Nýtt frá NIN í maí

Samkvæmt nýjustu fregnum gefur Nine Inch Nails út breiðskífuna With Teeth þann 3. maí næstkomandi. Sérvitringurinn Trent Reznor hefur unnið að plötunni í rúmum árum og setið á henni þar til hann varð loksins sáttur. Þetta verður fyrsta útgáfa NIN í langan tíma, en fimm löng ár eru síðan tvöfalda meistarastykkið The Fragile kom út.

Platan átti upphaflega að heita Bleedthrough en Reznor breytti nafninu til þess að votta Ministry virðingu sína.

13 lög verða á nýju plötunni og er Reznor þessa dagana að æfa upp nýja sveit fyrir heljarinnar tónleikaferð um heiminn. Von er á að sveitin komi til með að leika á einhverjum tónleikahátíðum í sumar.



TRENT REZNOR Sérvitringurinn hefur unnið að nýrri plötu í heilt ár enda vill hann vanda til verkisins.

Þegar er orðið uppselt á flesta tónleika hennar í Bretlandi, en túrinn hefst þar í næsta mánuði. ■

Enn seinkar Coldplay

Aðdáendur Coldplay verða víst að biða eitthvað lengur eftir væntanlegri þriðju breiðskífu sveitarinnar. Platan átti upphaflega að skila sér í apríl, en nú er ljóst að hún kemur ekki út fyrr en í júní. Liðsmenn eru núna staddir í Bandaríkjunum að klára að hljóðblanda plötuna og ætla að taka sinn tíma.

Coldplay hefur ekki komið fram á tónleikum í 16 mánuði og hafa þeir leyft sér að eyða miklum tíma í frí, lagasmíðar og endurnæringu sálarinnar.

„Ég held að við séum ekkert að flýta okkur við plötuna því óttinn við að fara spila aftur á tónleikum er svakalegur,“ sagði Will Champion í viðtali við NME. „Við vildum líka vera vissir um að við værum

að gera eins góða plötu og við mögulega gætum. Síðan þegar kom að skiladegi þá lentum við í vandræðum vegna þess að við sjáum okkur aldrei fært að klára neitt. Það tók okkur líka langan tíma að átta okkur á því að við þyrftum að fara aftur inn í æfingarahúsnæðið í stað þess að stóla á hjálp tækninnar.“

Chris Martin söngvari segir nýju plötuna vera þá bestu sem Coldplay hafi gert og að þeir muni líklegast aldrei ná að toppa hana. ■



COLDPLAY Sveitin hefur seinkað þriðju plötu sinni. Hún hefur ekki farið í tónleikaferðalag í eina sextán mánuði.



Matt Sweeney & Bonnie "Prince" Billy: Superwolf
„Will Oldham gerir hér plötu með einum besta vini sínum, Matt Sweeney úr Chavez. Mögnuð plata sem þarfnast nokkurra umferða en sekkur svo djúpt inn.“ **BÖS**

[SMS]

UM NÝJUSTU PLÖTURNAR
The Kills: No Wow
„Flottasta kærustuparið í rokkinu þarf að eyða minni tíma fyrir framan speglinn og meiri tíma í að semja betri og gripandi lög. Hljómur merkilega líkt PJ Harvey og ég set plötur hennar frekar á fóninn en þessa þynnu.“ **BÖS**

Lou Barlow: Emoh
„Forspraki Sebadoh og The Folk Implosion gefur loksins út plötu undir eigin nafni. Hér er hann aðallega vopnaður kassagítar og skilar af sér frekar ljúfum grip, sem ætti að höfða til flestra aðdáenda hans sem og aðdáenda Will Oldham.“ **BÖS**

Joanna Newsom: The Milk-Eyed Mender
„Ótrúleg frumraun frá undarlegum söngfugli. Joanna spilar á hörpu og syngur með sínu nefi, sem mörgum myndi ekki þykja fagurt. Tjáningin er stórkostleg og lagasmíðarnar yndislegar.“ **BÖS**

The Chemical Brothers: Push the Button
„Chemical Brothers rísa úr líkkistum sínum og skella sér aftur í dansskóna. Ótrúlegt en satt skila þeir af sér einni af sinni bestu plötu frá upphafi. Hver hefði trúað þessu?“ **BÖS**

..And You Will Know Us By the Trail of Dead: Worlds Apart
„Frábær hljómsveit gerir tilraun til þess að skapa epískt meistaraverk en endar með uppblásna, óáhugaverða og lífvana plötu. Tilvistarkreppa í náinni framtíð.“ **BÖS**

The Arcade Fire: Funeral
„Það er ótrúleg sál í þessari fyrstu breiðskífu The Arcade Fire. Svipuð fegurð og í tónlist Godspeed og Sigur Rósar, skilað með minni trega, hefðbundnari lagasmíðum og hljómsveitarskipan. Ekki láta þessa framhjá ykkur fara.“ **BÖS**

Stranger: Paint Peace
„Paint Peace er röglegheitaplata þar sem unnið er ágætlega úr frekar gamaldags tónlistarformi. Einhvær neista vantar þó til að gera hana að prýðisgrip.“ **FB**

Saliva: Survival of the Sickest
„Þessi diskur er búinn að fá að malla fram og aftur í spilaranum og er mér skapi næst að mólna hann í frumeindir. Söngvarinn færi létt með að drepa heilan her úr leiðindum. Ætti maður kannski að búast við einhverju öðru frá hljómsveit sem kallar sig Munnvatn?“ **SJ**

Clinic: Winchester Cathedral
„Á þriðju plötu Clinic er að finna nokkur góð lög, en útsetningar eru of kæruleysilegar. Ekki slæmt, en ekkert sérstaklega gott heldur.“ **BÖS**

Devendra Banhart: Nino Rojo
„Sálarfull og róandi plata sem virkar vel sem undirspil fyrir frosna janúardaga. Birtan yfir þessari plötu er svipuð og fyrstu sólargæislarinn sem teygja sig til okkar yfir fjallstindana á morgnana.“ **BÖS**

Office 1 Superstore

Nú er tækifærið!

Vönduð og hraðvirk fartölva frá NEC á frábæru verði

Fyrstir koma fyrstir fá!

Aðeins 79.200,-

Verð áður 119.900,-
...eða 6.600,- á mánuði*

VAXTALAUST í 12 mánuði!

40.000 AFSLATTUR!

2ja ára neytenda-ábyrgð!

• • Afgreiðslutímar verslana!

* Miðað við 12 jafnar vaxtalasur greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréfi. 0,5% stimpilgjöld bætt við samningsgjárhæðina og greiðslu með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 12-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 12-17
Office 1 Akureyri • Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

Pantanir 550 4111
Fax 550 4101
www.office1.is
pontun@office1.is

Office 1 Superstore

Tilboðin gjalda í febrúar 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbreytingu og myndbreytingu.

Árni Heimir segir frá Brückner

Nokkrum sinnum á hverjum vetri efnir Vínafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands til samverustundar í Sunnusal Hótel Sögu á undan tónleikum í Háskólabíói. Í kvöld ætlar Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur að fjalla um áttundu sífóníu Antons Brückners sem verður síðan flutt í fyrsta sinn á Íslandi á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar. Fróðlegt verður að heyrja hvað Árni Heimir hefur að segja um hið sérhundaða austurríska tónskáld Anton Brückner og hina stórbrotnu áttundu sífóníu hans. Að venju hefst samverustundin klukkan 18 og er boðið upp á súpu, brauð og kaffi. Allir eru velkomnir, en áhugasamir eru beðnir um að skrá sig með því að senda tölvubréf á netfangið vínafélag@sinfonia.is eða hringja í síma 545 2500. Tónleikarnir í Háskólabíói hefjast síðan



klukkan 19.30. Stjórnandi kvöldsins er Petri Sakari.

EKKI MISSA AF ...

... frumsýningu Leikfélags Reykjavíkur á nýju leikriti eftir **Kristínu Ómarsdóttur** í Borgarleikhúsinu annað kvöld. **Segðu mér allt** heitir verkið og er í leikstjórn **Auðar Bjarnadóttur**. Leikendur eru **Álfrún Örnólfsdóttir**, **Edda Björg Eyjólfssdóttir**, **Ellert A. Ingimundarson**, **Marta Nordal** og **Pór Tulinius**.

... hinu árlega **Spaðaballi** sem verður haldið á Nasa við Austurvöll á laugardagskvöldið.

... tónleikum **Kammermúsíkklúbbsins** í Bústaðakirkju á sunnudagskvöldið. Að þessu sinni mætir **Trío Reykjavíkur**, sem er skipað þeim **Guðnýju Guðmundsdóttur** fíðuleikara, **Gunnari Kvaran** sellóleikara og **Petter Maté** pianóleikara. Þau flytja verk eftir Beethoven og Shostakovitsj.

menning

menning@frettabladid.is



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

ÖXIN OG JÖRÐIN SÝNINGUM FER FÆKKANDI!

Stóra sviðið kl. 20.00

ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.

10. sýn. í kvöld fim. 17/2 örfá sæti laus, 11. sýn. fös. 25/2 nokkur sæti laus, lau. 5/3. **Sýningum fer fækkandi.**

MÝRARLJÓS - Marina Carr

3. sýn. fös. 18/2 örfá sæti laus, 4. sýn. sun. 20/2 örfá sæti laus, 5. sýn. fim. 24/2 örfá sæti laus, 6. sýn. sun. 27/2 örfá sæti laus, 7. sýn. fim. 3/3 örfá sæti laus, 8. sýn. sun. 6/3 nokkur sæti laus, 9. sýn. lau. 12/3 nokkur sæti laus.

DYRIN Í HÁLSASKÓGI - Thorbjörn Egner

Lau. 19/2 kl. 14:00 uppselt, sun. 20/2 kl. 14:00 uppselt, aukasýning lau. 26/2 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 27/2 kl. 14:00 uppselt. **Síðustu sýningar.**

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson

Lau. 19/2 uppselt, lau. 26/2 uppselt, fös. 4/3 uppselt, fös. 11/3 uppselt, fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 örfá sæti laus, lau. 2/4 nokkur sæti laus, sun. 3/4.

Smíðaverkstæðið kl. 20,00

NITJÁNHUNDUR - Alessandro Barrico

Lau. 19/2 örfá sæti laus, lau. 26/2. **Sýningum fer fækkandi.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Litla sviðið kl. 20,00

BÖNDIN Á MILLI OKKAR - Kristján Þórður Hrafnsson

Sun. 20/2 örfá sæti laus, fim. 24/2 nokkur sæti laus. **Aðeins þessar tvær sýningar eftir.** Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Ópið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

Vesturfarasetrið suður

Vetrarhátíðin í Reykjavík verður sett á Skólavörðuholti klukkan hálfátta í kvöld og stendur hún fram á sunnudag. Meðal þess sem helst ber til tíðinda í ár er heimsókn Vesturfarasetursins á Hofsósi, sem mætir til Reykjavíkur með úrval af sýningum sínum í Ráðhúsi Reykjavíkur og dagskrá með fjölbreyttum skemmtatriðum, bæði í Ráðhúsinu í kvöld og á laugardag og í hinum glæsilega tónleikasal Salnum í Kópavogi á laugardagskvöldinu.

Vetrarhátíðin í Reykjavík verður opnuð á morgun og skipar Vesturfarasetrið stóran sess í dagskránni.


„Við setjum upp sýningu um uppbyggingu setursins í helm-ingnum af salnum í Ráðhúsinu og verðum þar með sýnishorn úr hverju húsi þannig að fólk getur

fengið smjörþefinn af því efni sem við erum með,“ segir Valgeir Þorvaldsson, framkvæmdastjóri Vesturfarasetursins.

„Við bjóðum hingað heim fólki frá Ameríku, söngvurum og ýms-um gleðigjöfum.“

Meðal þeirra má nefna Fred Bjarnason, sem er kokkur í British Columbia, og Peter John Buchan, sem er kanadískur tenór, sem reyndar er af írskum ættum en syngur engu að síður á íslensku.

Á laugardaginn verður Vesturfarasetrið síðan aftur með dagskrá í Ráðhúsinu þar sem Böðvar Guðmundsson rithöfundur segir frá Vesturfarasögum sínum. Einnig mæta leikarar frá Borgarleikhúsinu og flytja brot úr hinna rómuðu sýningu, Híbýli vindanna. Um kvöldið verður síðan mikið



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

BÖÐVAR GUÐMUNDSSON mætir í Ráðhúsi Reykjavíkur til að segja frá Vesturfarasögum sínum á dagskrá Vesturfarasetursins á Vetrarhátíð Reykjavíkur í ár.

um dýrðir í Salnum í Kópavogi með Karlaðórnunum Heimi, Álftagerðisbræðrum, Sigrúnu Hjalmtýtsdóttur, Peter John Buchan, Önnu Sigríði Helgadóttur og Aðalheiði Þorsteinsdóttur. ■

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar í kvöld kl 20 - **UPPSELT**
Fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20 - **UPPSELT**
Fö 25/2 kl 20
Lau 26/2 kl 20, Fö 4/3 kl 20,
Lau 5/3 kl 20, Su 13/3 kl 20
Fi 17/3 kl 20, Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Sýningar halda áfram eftir páska.

LÍNA LANGSOKKUR

e. Astrid Lindgren
Su 20/2 kl 14
Su 27/2 kl 14
Su 6/3 kl 14 - **Aukasýning** **Síðustu sýningar**

HOUDINI SNÝR AFTUR

Fjölskyldusýning um páskana.
Forsala aðgöngumiða hafin.

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ

SEGÐU MÉR ALLT

e. Kristínu Ómarsdóttur
Aðalæfing í dag kl 13 - kr. 1.000
Frumssýning fö 18/2 kl 20 - **UPPSELT**
Lau 19/2 kl 20, Lau 26/2 kl 20, Su 27/2 kl 20

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA - UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynnisferð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKÍÐ Í TÍMA

Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

BELGÍSKA KONGÓ

e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í kvöld kl 20, Su 20/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 24/2 kl 20, Fö 25/2 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 3/3 kl 20, Fö 4/3 kl 20, Lau 5/3 kl 20,
Fi 10/3 kl 20, Fö 11/3 kl 20, Lau 12/3 kl 20
Allra, allra síðustu sýningar

AUSA eftir Lee Hall

Í samstarfi við LA.
